

MARGRÉT HÉÐINSDÓTTIR

*Heldur utan um 33. áramótahlaup ÍR*

• áramót

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

VILHJÁLMUR ÁRNI SVEINSSON

*Fékk gat á hausinn í ræktinni*

Villi WRX lætur lögfræðing skoða málið

FÓLK 54









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

28. desember 2009 — 305. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

### 60 lítrar af blóði



Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, er búinn að gefa 60 lítra af blóði.

FÓLK 54

### Barnadagurinn endurvakinn



Sr. Kristján Valur Ingólfsson segir kirkjuna hafa unnið að því að endurvekja barnadaginn.

TÍMAMÓT 34

### Nýja Ísland, óskalandið – hvenær kemur þú?

Stefán Jón Hafstein segir að hinn svikni, reiði og vanmáttugi verði að fá hlutverk í sköpun Nýja Íslands.

VENDIPUNKTAR 16

### Spennan magnast



Chelsea tapaði stigum og Manchester United minnkaði forskotið í tvö stig.

ÍÞRÓTTIR 46

## VEÐRIÐ Í DAG




**Vaxandi frost** þegar á daginn líður. Hægur vindur víða um land og él með köflum. Hvessir og fer að snjóa NA-lands í kvöld.

VEÐUR 4



**FLUGELDASALAN UNDIRBÚIN** Flugeldasala hjálparsveitanna hefst í dag. Þær Magnea Heiður Unnarsdóttir og Brynja Ingólfsdóttir hjá Hjálparsveit skáta í Kópavogi voru í óðaönn að undirbúa söluna þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Setja skilyrði vegna tengsla

**Samkeppniseftirlitið setur skorður varðandi skipan stjórnarmanna í Arion banka og Íslandsbanka. Sömu kröfuhafar eru áberandi hjá báðum bönkum.**

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið hefur sett skorður við skipan stjórnarmanna í Arion banka og Íslandsbanka. Skorðurnar eru settar vegna þess að sömu kröfuhafar kunna að verða áberandi í báðum bönkum.

Ákvörðunin kemur í kjölfar samkomulags ríkisins og skilanefnda gömlu bankanna um að gömlu bankarnir eignist þá nýju að mestu. Skilanefndir beggja banka hafa gengist undir skilyrðin, en í þeim felst meðal annars að þær tryggja að í stjórn hvors banka sitji einstaklingar sem óháðir séu öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum sem starfa á sama markaði.

Skipan stjórna bankanna er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins (FME). Samkvæmt heimildum blaðsins hefur þegar verið lögð fram tillaga að skipan stjórnar Íslandsbanka sem verið er að fara yfir. Samkvæmt henni verður Jón Sigurðsson, fyrrverandi stjórnarformaður FME, formaður stjórnar Íslandsbanka.

Enn hefur ekki verið lögð fram tillaga að stjórnarskipan Arion banka, en búist er við að það verði gert fljótlega á nýju ári. Þó liggur fyrir að skilanefnd Kaupþings tilnefni fjóra stjórnarmenn og ríkið einn. Af þeim fjórum sem sitja í stjórn fyrir hönd stærstu eigenda verða tveir íslenskir og tveir erlendir sérfræðingar. Gert er ráð fyrir að einn komi úr skilanefndinni.

Gunnar Þ. Andersen, forstjóri FME, staðfestir að mál tengd stjórnarskipan Arion banka og Íslandsbanka hafi verið í ferli innan FME í nokkurn tíma. Hann segir báða banka hafa látið af hendi miklar upplýsingar vegna yfirtöku gömlu bankanna á þeim nýju. Ferlið sé það sama í báðum bönkum þótt ef til vill séu þeir ekki alveg samstíga í því í tíma. „En báðir eru á lokaspretti. Nákvæmari en það get ég ekki verið,“ segir hann.

Gunnar segir þó ljóst að hvað eignarhald bankanna varði þá séu þar að hluta til sömu eigendur á ferðinni. „Kröfuhafarnir voru náttúrlega að stórum hluta lánveitendur til beggja banka á sínum tíma. Síðan hefur eignarhald bankanna líka eitthvað breyst, því sjóðir hafa keypt skuldabréfin og því

> Kröfuhafarnir voru náttúrlega að stórum hluta lánveitendur til beggja banka á sínum tíma. Síðan hefur eignarhald bankanna líka eitthvað breyst.



GUNNAR Þ. ANDERSEN
FORSTJÓRI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

ekki alveg sami eigendahópur að báðum bönkum,“ segir hann, en áréttar um leið að FME vaki yfir því að ekki verði skipaðir stjórnarmenn sem hagsmuni eigi að gæta í báðum bönkum, skilyrði Samkeppniseftirlitsins verði uppfyllt.

Skilanefndir bankanna fara með eignarhlut kröfuhafanna í heild þar til gengið hefur verið frá nauðasamningum við þá. Það ferli gæti, samkvæmt heimildum blaðsins, staðið langt fram á næsta ár. Komi þá að nýju til breytinga á stjórn bankanna verða þær líka háðar samþykki FME. - óká

Stjórnarþingmenn ganga rólegir til þriðju umræðu um Icesave-málið í dag:

# „Þetta hefur bara sinn gang“

**STJÓRNMÁL** „Þetta hefur bara sinn gang. Hver og einn verður að gera það upp við sig hvernig hann greiðir atkvæði.“ Þetta segir Árni Þór Sigurðsson, þingflokksformaður VG, spurður hvort hann hafi gert liðskönnun í sínum röðum vegna Icesave-málsins.

Þriðja umræða málsins hefst í dag en óvíst er hvort hún tekur daginn, tvo eða þrjá. Ríkisstjórnin hefur ekki meirihluta fyrir málinu í hendi þar sem enn er óvíst hvernig nokkrir þingmenn VG munu ráðstafa atkvæði sínu. Til dæmis leikur vafi á hvað Ásmundur Daðason mun gera. Ekki náðist í hann í gær.

Óvíst er líka hvað Þráinn Bertelsson gerir. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist Þráinn enn telja að best væri að ganga frá samningnum en hann færi til umræðunnar með opinn huga.

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, sagði stjórnarflokkana hafa málið í hendi sér og kvaðst trúaður á að málinu lyki fyrir áramót. Skoðun framsóknarmanna sé engu að síður sú að málið sé hvorki fullkannað né -rætt, sífellt komi fram nýjar upplýsingar sem varpi fram nýjum, áleitnum spurningum.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, er ósammála því að nýjar upplýsingar feli í sér ný tíðindi; fremur sé um ný sjónarhorn að ræða. Nú beri að greiða atkvæði. „Við erum að leggja mat á spádóma og horfur sem breytast eftir því sem tíminn líður.“ Það réttlæti hins vegar ekki að beðið sé lengur. - bþs / kh










## SPURNING DAGSINS



*Ragnar, verða nýju þættirnir geðveikt góðir?*

„Já, svo geðveikir að þjóðin verður öll lögð inn í framhaldinu.“

Ragnar Bragason vinnur að nýjum sjónvarpsþáttum sem munu að einhverju leyti eiga sér stað á geðdeild.

Tveir peningastefnunefndarmenn af fimm kusu gegn tillögu seðlabankastjóra:

# Vildu meira aðhald peningamála

**EFNAHAGSMÁL** Tveir af fimm nefndarmönnum peningastefnunefndar Seðlabankans kusu gegn tillögu seðlabankastjóra um 0,5 prósentustiga lækkun aðhalds peningastefnu bankans. Þetta kemur fram í nýbirtri fundargerð peningastefnunefndarinnar fyrir síðustu vaxtaákvörðun sem var 10. desember.

Þeir tveir sem á móti voru vildu taka smærri skref og ekki minnka aðhald peningastefnunnar um nema 0,25 prósentustig. „Þessir tveir nefndarmenn héldu því fram að enn væru nokkur afar mikilvæg mál óleyst sem gætu leitt til hækkandi áhættuálags á fjárskuldbindingar í krónum. Lausn Icesave-deilunnar, sem væri forsenda þess að hægt væri að skýra skuldastöðu hins opinbera, væri enn ekki í höfn og ekki væri ennþá búið að afgreiða fjárlög fyrir árið 2010. Einn nefndarmaður var þar að auki þeirrar skoðunar að verðbólguhorfur til skemmri tíma væru enn nokkuð óvissar.

Því væri ekki hægt að horfa algerlega fram hjá hættunni af annarrar umferðar áhrifum á verðbólgu,“ segir í fundargerð peningastefnunefndarinnar. Nefndarmenn voru þó eins og áður sammála um að héldist gengi krónunnar stöðugt eða styrktist og verðbólga hjaðnaði ættu áfram að vera til staðar forsendur fyrir frekari slökun peningalegs aðhalds. **- óká**



**FRÁ KYNNINGU** Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson og Þórarinn G. Pétursson fara yfir forsendur vaxtaákvörðunar.

Íslendingur í Bretlandi:

## Skemmdarverk vegna Icesave

**BRETLAND** Tómas Marteinsson fasteignasali hefur orðið fyrir aðkasti vegna Icesave-málsins, en Tómas er búsettur í Bretlandi með fjölskyldu sinni.

Í viðtali við Stöð 2 í gærkvöldi segir Tómas að skemmdarverk hafi verið unnin á heimili fjölskyldunnar og bíl. Þegar hann vaknaði á aðfangadagsmorgun var búið að spreyja stóran kross á útidyrahurðina. Þá var búið að setja krossa á bíl þeirra og skrifa með stórum stöfum „Pay people back“ sem á íslensku þýðir borgið fólki til baka. Tómas segist tengja verknaðinn beint við Icesave-málið. **- þeb**



**Á FLUGVELLINUM** Flugvélarnar tvær voru báðar frá Delta Airlines og á leið frá Amsterdam til Detroit. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugvél á leið til Detroit:

## Annar maður handtekinn

**BANDARÍKIN,AP** Maður var handtekinn um borð í flugvél á leið frá Amsterdam til Detroit í Bandaríkjum í gær. Tveimur dögum fyrr var maður, sem reyndi að sprengja sprengju í flugvél á sömu leið, yfirbugaður af öðrum farþegum.

Maðurinn er sagður hafa látið ófriðlega, en meira um málið var ekki komið í ljós þegar Fréttablaðið fór í prentun. Ekki er vitað hvort mennirnir tveir tengist. 255 farþegar voru um borð í vélinni.

Maðurinn er sagður vera frá Nígeríu, líkt og sá sem var handtekinn á föstudag. Báðir mennirnir eru í haldi lögreglu. **- þeb**

Aðgerðir gegn atvinnuleysi:

## Úrræðaleysi vari ekki lengur en þrjá mánuði

**ATVINNUMÁL Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur falið Vinnumálastofnun að tryggja það markmið að enginn verði atvinnulaus lengur en þrjá mánuði án þess að bjóðast vinna eða virkniúrræði.**

**Fram kemur á vef Vinnumálastofnunar að markmiðinu skuli náð gagnvart fólki yngra en 25 ára fyrir 1. apríl á næsta ári og 1. september fyrir aðra. „Vinnumálastofnun mun ná settu markmiði í nánu samstarfi við stéttarfélög, fyrirtæki og sveitarfélög,“ segir á vef stofnunarinnar, en þar er jafnframt greint frá fimm leiðum sem til samans er ætlað að myndi yfir 2.000 ný starfs- eða námstækifæri fyrir ungt fólk. - óká**

### LÖGREGLUFRÉTT

**Drykkjulæti á Blönduósi**

Einn gisti fangageymslur á Blönduósi aðfaranótt sunnudags vegna mikillar ölvunar og drykkjuláta. Hann lét eins og vitlaus maður og var því handtekinn og látinn sofa úr sér.

### UMHVERFISMÁL

**Flokka rusl af krafti**

Hólmvíkingar og nærsveitungar hafa tekið til við að flokka rusl af miklum krafti eftir að Sorpsamlag Strandasýslu opnaði móttökustöð fyrir flokkaðan úrgang fyrr í desember, að því er segir á fréttavefnum Strandir.is.

# Í óleyfi um ókláruð Héðinsfjarðargöng

**Mikið hefur verið um að fólk keyri í leyfisleysi í gegnum Héðinsfjarðargöng. Göngin eru ekki tilbúin og það getur verið stórhættulegt að keyra í gegnum þau og um millikaflann um Héðinsfjörð, að sögn verkefnastjóra ganganna.**

**SAMGÖNGUMÁL** Nokkuð hefur borið á því að fólk keyri í óleyfi um Héðinsfjarðargöng, að sögn Valgeirs Bergmanns Magnússonar, verkefnastjóra hjá Háfelli. Það sé hættulegt, því þótt búið sé að sprengja göngin verða þau ekki tilbúin fyrr en næsta haust.

„Við höfum lent í því að fólk hefur verið að smygla sér þarna í gegn þegar við erum á staðnum, en það er meira um það að fólk sé að fara í gegn þegar við erum ekki,“ segir Valgeir. Oft hafi starfsmenn orðið varir við hjólför eða önnur ummerki þegar komið er til vinnu.

Hann segir einstaka sinnum hafa staðið þannig á að fólk hafi fengið að fara í gegnum göngin í fylgd starfsmanna. Það sé hins vegar mjög hættulegt þegar fólk fari um göngin í óleyfi. „Það er ekki komin endanleg styrking á allt þannig að það getur enn hrunið úr loftinu. Þetta er enn þá vinnusvæði.“ Enn á einnig eftir að vinna við vegagerð, fráveituskurði og frágang á vatnsaga.

Auk þess segir hann aðstæður í Héðinsfirði geta verið hættulegar. „Ef það er til dæmis snjósöfnun við Héðinsfjörð og fólk fer út af þá er ekkert símasamband þar.“

Valgeir segir að orðrómur hafi komið upp um að það stæði til að hafa göngin opin milli jóla og nýárs, því þá er ekki unnið í göngunum. Það sé þó alls ekki rétt. „Það væri enn þá hættulegra, því þarna verður enginn fyrr en eftir áramót.“ Vegagerðin hefur því ákveðið að loka göngunum tryggilega fram til 4. janúar. Ráðstafanir verða þó gerðar til að opna þau í neyðartilfellum fyrir lögreglu, sjúkraflutninga og slökkvilið, ef svo ber undir.

thorunn@frettabladid.is



**ÚR GÖNGUNUM** Þótt nú sé búið að sprengja í gegn eru göngin ekki tilbúin fyrir umferð.

### HÉÐINSFJARÐARGÖNG

Héðinsfjarðargöng liggja annars vegar milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og hins vegar á milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar. Heildarlengd ganganna er rúmlega ellefu kílómetrar, en þau stytta leiðina milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar talsvert. Leiðin um Lágheiði styttist úr 62 kílómetrum og um Öxnadalsheiði styttist úr 234 kílómetrum í fimmtán kílómetra.

## Lést eftir bílslys



HRAFNKELL KRISTJÁNSSON

**Hrafnkell Kristjánsson, íþróttafréttamaður á Ríkisútvarpinu, er látinn.**

**Hrafnkell lenti í alvarlegu bílslysi á Hafnarfjarðarvegi 18. desember. Tveir aðrir létu lífið í slysinu. Hrafnkell hafði legið þungt haldinn á Landspítalanum og lést á jóladag.**

**Hrafnkell var 34 ára gamall og lætur eftir sig konu og tvö börn.**

Veðrið leikur Ítali grátt:

## Sjö létust í snjóflóðum á Ítalíu

**ÍTALÍA, AP** Sjö manns létu lífið í snjóflóðum í norðurhluta Ítalíu um helgina.

Tveir ferðamenn létu lífið í einu snjóflóðanna. Fjórir björgunarmenn sem leituðu þeirra lentu í öðru snjóflóði og létust líka. Þá lést fjórtán ára drengur í enn öðru snjóflóði.

Annars staðar í landinu voru miklar rigningar sem ollu því að ár flæddu yfir bakka sína og aurskriður féllu. Hundruð manna þurftu að yfirgefa heimili sín og margir vegir lokuðust. Miklar skemmdir hafa orðið af þessum sökum, en enginn hefur slasast enn sem komið er. **- þeb**



**HAFTYRÐILL Í LÓFA** Hafa borist undan vindi og upp á land í Siglufirði.

Sjófuglar í vandræðum:

## Haftyrðill berst á land í rokinu

**NÁTTÚRUFAR** Nokkuð hefur verið um að haftyrðlar hafi borist undan vindi og upp á land í Siglufirði og nágrenni, að því er fram kemur á fréttavef Siglufjarðar, siglo.is.

Hvatt er til þess að bjarga fuglunum með því að koma þeim aftur á sjóinn, jafnskjótt og unnt er, en besti staðurinn til þess sé smábátahöfnin í Siglufirði.

Haftyrðill er minnsti svartfugl í Norður-Atlantshafi og er sagður hafa verpt hér á landi áður fyrr, meðal annars í Grímsey, en þeir komi stundum hingað í töluverðum mæli norðan úr höfum á veturna. Fuglarnir eru fisléttir og viðkvæmir og kemur fyrir að þeir berast hingað í stórum hópum undan stórviðri. **- óká**

Blóðug átök lögreglu og mótmælenda í Íran þar sem fjórir létu lífið:

# Mótmælendur skotnir til bana

**ÍRAN, AP** Fjórir mótmælendur voru skotnir til bana í Teheran, höfuðborg Írans, í gær. Meðal hinna látnu var frændi stjórnarandstöðuleiðtogans Mirs Hosseins Mousavi, að sögn breska ríkisútvarpsins. Tugir særðust og um þrjú hundruð manns voru handteknir í mótmælunum.

Um þessar mundir halda sjía-múslimar hátíð til minningar um spámanninn Imam Hussein. Stjórnarandstaðan hefur notað hátíðisdaga undanfarna mánuði til þess að mótmæla, og var mótmælt í að minnsta kosti fjórum borgum landsins í gær. Til átaka kom á öllum stöðum.

Mótmælendur köstuðu steinum í lögreglumenn og kveiktu í mótorhjólum og bílum lögreglunnar. Lögreglan reyndi að dreifa mótmælendum með táragasi og með því að skjóta viðvörunarskotum í loftið. Því næst var skotið á fólk.

Lögregla í Teheran hefur neitað því að fólk hafi látið lífið. Ekki hafi verið skotið á mótmælendur og lögreglumenn á vakt hafi ekki einu sinni borið skotvopn. Átökin í gær voru þau blóðugustu síðan mótmælin stóðu sem hæst í júní síðastliðnum. **- þeb**



**KVEIKT Í** Mótmælendur kveiktu elda til að loka götum í borginni Teheran í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ALLT FYRIR ÁRAMÓTIN!
KODDI ÁÐUR: 790,-
499,-
GOTT ÁRAMÓTA-TILBOÐ!
SÆNG ÁÐUR: 1.490,-
990,-
BASIC trefjasæng
Ódýr trefjasæng og koddi. Tilvalið sett fyrir gestina eða í sumarbústaðinn! Sæng: 135 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm.
EYRNABAND
499,-
FLÍSPEYSA
1.995,-
Útivistarfatnaður úr flís
Tilvalin útivistarfatnaður fyrir áramótin! Eyrnaband 499,- Vettlingar 895,- Húfa 895,- Dömuflíspeysur stærðir: S - XL. Litir: Svart og hvítt. 1.995,- Herraflíspeysur stærðir: M - XXL. Litur: Svartur. 1.995,-
40% AFSLÁTTUR
DÚKUR + 8 SERVÍETTUR ÁÐUR 1.190,-
714,-
VIENNA veisludúkar
Mjög fallegir dúkar og tauservíettur með samlitu mynstri.
Litur: Svart. Efni: 100% polyester. Stærðir:
150 x 220 sm. + 8 servíettur áður: 1.190,- Nú: 714,-
150 x 250 sm. + 10 servíettur áður: 1.490,- Nú: 894,-
150 x 300 sm. + 12 servíettur áður: 1.790,- Nú: 1.074,-
1 STK. STÓRT ÚTIKERTI
489,-
2 STK. LÍTIL ÚTIKERTI
249,-
FRÁBÆRT VERÐ!
VERÐ FRÁ:
990,-
Kúla með ljósum
Falleg kúla með ljósum og grænum laufblöðum.
Ø: 15 sm. (20 ljósa) 990,-
Ø: 25 sm. (25 ljósa) 1.490,-
Ø: 35 sm. (35 ljósa) 1.990,-
Strýta með ljósum
Flott strýta með ljósum og grænum laufblöðum.
Hæð: 60 sm. (40 ljósa) 2.990,-
Hæð: 90 sm. (80 ljósa) 4.990,-
SKRAUTSTEINAR
299,-
Skrautsteinar
Flottir skrautsteinar. Tilvaldir á áramótaborðið! Fást í gylltu og silfruðu.
1 STK.
79,-
RUSTIC kerti
Góð kerti í mörgum fallegum litum.
SERVÍETTUR 20 STK.
399,-
Ljósastrá
Flott ljósastrá með 40 ljósum.
LJÓSASTRÁ
2.990,-
JÓLAVÖRUÚTSALAN Í FULLUM GANGI!
50-75%
AFSLÁTTUR VIÐ KASSA AF ÖLLU JÓLASKRAUTI!
KERTASTJAKAR 5 STK.
1.990,-
Kertastjakar
Fallegir kertastjakar úr gleri. 5 stk. saman. Hæð: 21-30 sm.
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## GENGIÐ 23.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,78 | 128,38 |
| Sterlingspund | 203,99 | 204,99 |
| Evra | 181,94 | 182,96 |
| Dönsk króna | 24,441 | 24,585 |
| Norsk króna | 21,713 | 21,841 |
| Sænsk króna | 17,407 | 17,509 |
| Japanskt jen | 1,3905 | 1,3987 |
| SDR | 199,28 | 200,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
236,2781

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Matsfyrirtækið Fitch Ratings segir hægt hafa gengið að ljúka Icesave-málinu:

# Lánshæfismat ríkisins staðfest

**EFNAHAGSMÁL** Matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur staðfest langtímalánshæfiseinkunnir Íslands í erlendum og innlendum gjaldmiðli. Einkunnirnar eru BBB- í erlendri mynt og A- í innlendri mynt. Þá hefur ríkissjóður verið tekinn af gátlista. Seðlabankinn greindi frá þessu á Þorláksmessu.

Horfur eru sagðar neikvæðar, en einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt var staðfest F3 og landseinkunnin er BBB-.

Haft er eftir Paul Rawkins, framkvæmdastjóra hjá Fitch í Lundúnum, að hvarf ríkissjóðs af gátlista endurspegli meðal annars framvindu í endurskipulagningu fjármálageirans og viðunandi framkvæmd á efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Enn er þó sögð hætta á að lánshæfismatið lækki, en það endurspegli fyrst og fremst það mat Fitch að hægt hafi gengið hjá stjórnvöldum að koma fjármálasamskiptum við umheiminn í eðlilegt horf. „Mikilvægur þáttur í þessu samhengi er lausn „Icesave"-málsins, það er tvíhliða samninga við bresk og hollensk stjórnvöld um fjármögnun á endurgreiðslu til innstæðueigenda Icesave-reikninga," segir í þýðingu Seðlabankans á áliti Fitch. - óká



**FYRRVERANDI BANKASTJÓRAR** Sigurjón Árnason og Halldór J. Kristjánsson kynna fyrsta fjórðungsuppgjör Landsbankans í fyrra. Fitch segir hægt ganga að ljúka málum tengdum Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margir gistu fangageymslur:

# Mikið að gera hjá lögreglunni

**LÖGREGLUMÁL Sjö manns gistu fangageymslur lögreglunnar aðfaranótt sunnudags. Mikið var um ölvunarútköll.**

**Þá voru margir púströr til-kynntir til lögreglunnar, en enginn þeirra var alvarlegur. Fimm manns voru teknir grunaðir um ölvun við akstur, og einn fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna.**

**Einn gisti fangageymslur á Selfossi vegna líkamsárásar, en hann réðist á dyravörð. Á Akranesi gisti einn maður fangageymslur sökum ölvunar. Á báðum stöðum var mikill erill eins og í borginni.** - þeb

Breytingar í breska hernum:

# Fá nýjan felulitabúning

**BRETLAND Búningum breskra hermanna verður breytt á næstunni, í fyrsta sinn í fjörutíu ár.**

**Um er að ræða felulitabúning sem verður með nýju munstri. Munstrið á að henta vel í ýmsu umhverfi, meðal annars á erfiðum svæðum í Afganistan. Hingað til hafa hermenn notað marga búninga til skiptis. Það hefur reynst erfitt í Helmand-héraði, þar sem eyðimerkur og græn svæði skiptast á.**

**Herdeildir í Afganistan munu fá nýja búninginn í mars á næsta ári, en stefnt er að því að allur herinn hafi fengið nýjan búning í lok næsta árs.** - þeb

Grunur um sprengju í flugvél:

# Engin sprengja fannst í vélinni

**LÖGREGLUMÁL** Mikill viðbúnaður var á Keflavíkurflugvelli á laugardag vegna gruns um sprengju í flugvél.

Flugvélin var á leið frá Þýskalandi til Bandaríkjanna þegar í ljós kom að farangur var um borð í henni án þess að eigandi hans væri þar. Þá var henni lent hér á landi. Vélin var frá Lufthansa-flugfélaginu og var á leið til Detroit, líkt og vél sem sprengjutilræði var gert í á föstudag.

Sprengjusveit Landhelgisgæslunnar leitaði í farangri vélarinnar eftir að allir farþegar höfðu yfirgefið hana, en ekkert fannst. - þeb

## KJARAMÁL

### Flugfreyjur sömdu

Flugfreyjufélag Íslands (FFÍ) er búið að semja við Icelandair en allt stefndi í verkfall sem átti að hefjast 2. janúar. Samið var á Þorláksmessu en samningurinn verður undirritaður 30. desember. Sama dag á Flugfreyjufélagið 55 ára afmæli.

# Mótmælt á Gasa þegar ár er liðið frá innrás Ísraela

**Sameinuðu þjóðirnar biðja bandamenn Ísraela að beita efnahagsþvingunum til að knýja á um að hætt verði aðgerðum á Gasa og að unnið verði úr niðurstöðum Goldstone-skýrslunnar. Árásirnar fyrir ári stóðu í 22 daga.**

**PALESTÍNA** Sérlegur talsmaður Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um málefni hernámssvæða Ísraela í Palestínu kallar eftir því að Ísraelar láti af aðgerðum til að einangra Gasasvæðið. Í tilkynningu fréttaveitu SÞ á Þorláksmessu er einnig kallað eftir því að lönd í Evrópu og Norður-Ameríku, sem stutt hafi Ísrael, beiti landið efnahagsþvingunum til að þrýsta á um umbætur varðandi Gasa og að unnið verði úr ábendingum Goldstone-skýrslunnar svonefndu, en þar er fjallað um mannréttindabrot Ísraela og Palestínumanna í átökum þjóðanna.



**BENYAMIN NETANYAHU**

„Hver maður með samvisku, sem og stjórnvöld um heim allan og Sameinuðu þjóðirnar ættu að horfa til alvarlegs ástands á Gasa," segir í tilkynningu Richards Falk, talsmanns SÞ um hernámssvæði Palestínu, á Þorláksmessukvöld. „Áþján 1,5 milljóna íbúa Gasa sem líða fyrir vöruflutningabann Ísraela, en yfir helmingur þeirra er börn, hefur verið látin viðgangast án formlegra mótmæla stjórnvalda eða Sameinuðu þjóðanna."

Ákall Falks var sent út rétt áður en ár var liðið frá árásarhrinu Ísraela á Gasa. Íbúar á svæðinu tóku í gær þátt í skipulegum mótmælum Hamas vegna þeirra, en fleiri hundruð manns dóu og margmilljóna tjón varð í árásum sem stóðu yfir í 22 daga. Uppbyggingarstarf hefur svo setið á hakanum vegna vöruflutningabanns og einangrunar Ísraela á svæðinu. Fréttaveitan AP greinir frá því að um 3.000 stuðningsmenn Hamas hafi komið saman á torgi bæjarins Jebaliya í norðurhluta Gasa. Þar hafi verið veifað grænum fánum samtakanna og haldið uppi myndum af fjölskyldumeðlimum sem drepnir hafi verið í árásum Ísraela. Þær hófust 27. desember í fyrra, en talið er að um 1.400 Palestínumenn hafi verið drepnir í þeim. Þar af eru um 900 sagðir hafa verið óbreyttir borgarar og 400 börn. Þrettán Ísraelar voru drepnir.

Benyamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísrael, vék ekki orði að innrásinni fyrir ári, sem gerð var undir stjórn fyrri ríkisstjórnar, í yfirlýsingu sem hann las fyrir vikulegan ríkisstjórnarfund sem fram fór í gær. Hann áréttaði þó að landið myndi bregðast við öllum árásum af fullri hörku.

Ísrael réðst inn á Gasa-svæðið fyrir ári að eigin sögn í viðleitni til að binda endi á árásir með skotflaugum á landamærabyggðir Ísraela og til að grafa undan stjórn Hamas á svæðinu.

Báðar fylkingar fagna sigri eftir átökin. Syðri byggðir Ísraela eru sagðar blómstra þar sem eldflaugaárásir hafi að mestu hætt og Hamas hampar stjórn sinni á Gasa. Svæðið er hins vegar í rúst. Mörg hundruð fjölskyldur syrgja fallna ástvini og mörg hundruð til viðbótar eru örkumla eða alvarlega særð. Þúsundir heimila voru eyðilagðar eða mikið skemmd, en stíft vöruflutningabann Ísraela og Egypta hefur hamlað uppbyggingu. Bannað er að flytja inn á Gasa gler, steypu eða annað byggingarefni.

olikr@frettabladid.is



**MÓTMÆLT Á GASA** Palestínumenn halda á myndum af ættingjum sem drepnir voru í hernaði Ísraela fyrir ári. Myndin er tekin í flóttamannabúðunum í Jebaliya á norðurhluta Gasa-svæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## SEX VORU DREPNIR Á ANNAN Í JÓLUM

Ísraelskir hermenn drápu sex Palestínumenn á annan í jólum. Þrír voru drepnir á Gasa og þrír á Vesturbakkanum.

Breska ríkisútvarpið BBC hefur eftir talsmanni Ísraelshers að mennirnir þrír á Gasa hefðu verið að reyna að lauma sér yfir á landsvæði Ísraela og verið drepnir í loftárás nærri landamærastöðinni við Erez.

Þá er einnig haft eftir Ísraelsher að þrír menn hafi verið drepnir í Nablus-borg á Vesturbakkanum, en þeir hafi verið grunaðir um dráp á landtökumanni af gyðingaættum, tveimur dögum fyrr.

Heimildarmenn BBC í Nablus segja tvo af þeim sem þar voru drepnir hafa verið liðsmenn drápssveita al-Aqsa, herskás hóps sem tengdur er Fatah-flokki Mahmouds Abbas forseta Palestínu. Sveitirnar höfðu lýst yfir ábyrgð á drápinu á landtökumanninum.

Drápin áttu sér stað daginn fyrir ársafmæli innrásar og viðvarandi stríðsátaka Ísraela á Gasa-svæðinu, en í þeim eru um 1.400 Palestínumenn sagðir hafa látið lífið og 13 Ísraelar.




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
Veðurfréttamaður

**KULDATÍÐ** Það verður kalt á landinu næstu daga og má búast við að bæti í frost þegar líður á daginn í dag. Það verða él með köflum víða um land í dag en á morgun og miðvikudag bjart veður suðvestanlands en éljagangur norðan- og austan til.




Á MORGUN
Víða fremur hægur vindur.

MIÐVIKUDAGUR
Víða fremur hægur vindur.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 6° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 5° |
| Orlando | 19° |
| Ósló | -1° |
| París | 5° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


ÁRAMÓTASTEIKIN
FÆST Í HAGKAUP
SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP
2.651 kr/kg.
Merkt verð 2.945.-
NAUTALUNDIR FROSNAR
2.698 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
KALKÚNN FERSKUR
1.379 kr/kg.
JÓI FEL FYLLT LAMBALÆRI
2.498 kr/kg.
Jói FEL
HAGKAUP
Hamborgarhryggur
SALT MINNI
HAMBORGAR HRYGGUR
1.559 kr/kg.
Merkt verð 1.949.-
Mælifellsá
lífrænt lambakjöt
LÍFRÆNN LAMBAHRYGGUR
1.724 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-
HAGKAUPS HANGILÆRI
2.718 kr/kg.
Merkt verð 3.198.-
HAGKAUP
Hangikjöt
LÍFRÆNT LAMBALÆRI
1.649 kr/kg.
Merkt verð 2.198.-
Mælifellsá
lífrænt lambakjöt
Tilvalinn á ostana og með villibráðinni!
SULTAÐUR RAUÐLAUKUR
SULTAÐUR RAUÐLAUKUR
Sultaður rauðlaukur hentar einstaklega vel með ostum, brauði, kexi, paté, villibráð og öllu öðru kjötmeti.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 31. desember á meðan birgðir endast.
50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

**KJÖRKASSINN**



*Er möndlugjöf hluti af jólahefðum á þínu heimili?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,3% |
| Nei | 57,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu búin/n eða ætlar þú að sjá myndina Bjarnfreðarson?*

**Segðu þína skoðun á vísir.is**

Fjóra sjálfstæðismenn vantar á tillögu um starfshóp gegn kynbundnu ofbeldi:

# 49 manns með þingsályktunartillögu

**ALÞINGI** Þingsályktunartillaga um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins liggur nú fyrir Alþingi. Athygli vekur að tillöguna flytja 49 þingmenn úr öllum flokkum. Ráðherrum var ekki boðið að vera með vegna þingræðissjónarmiða og fyrir utan þá vantar einungis fjóra þingmenn Sjálfstæðisflokks á tillöguna.

Anna Pála Sverrisdóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar, er fyrsti flutningsmaður tillögunnar. Hún segir tilefnið vera nýlega skýrslu Kvennaathvarfsins, sem sýni að konur sem háðar séu mökum sínum um landvist séu í afar viðkvæmri stöðu og láti jafnvel ofbeldi yfir sig ganga til að þurfa ekki að hverfa úr landinu.

„Þetta er að sjálfsögðu ekki stór hópur en þeim mun mikilvægara að koma til móts við hann. Þetta voru nánast allir þingmenn sammála um að ganga í hið allra fyrsta," segir hún. „Þetta er hugsað sem framlag Alþingis til baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi og mér finnst sérstaklega mikilvægt að Alþingi hafi sýnt að við getum staðið saman um mikilvæg mál."

Sem áður segir eru fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokks þeir einu fyrir utan ráðherra sem ekki leggja nafn sitt við tillöguna. Það eru Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal og Ragnheiður Elín Árnadóttir. **- sh**



**SAMSTAÐA Á ALÞINGI** Anna Pála Sverrisdóttir, til hægri, er ánægð með samstöðu þingsins. Henni á hægri hönd stendur Ragnheiður Elín Árnadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Úrskurðaður í gæsluvarðhald:

## Stal skiptimynt af spítalanum

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms um að stórþjófur skuli sæta gæsluvarðhaldi til 16. janúar.**

**Maðurinn hefur játað að hafa stolið kassa með skiptimynt af Landspítalanum í Fossvogi fyrir skömmu. Öryggisvörður á spítalanum kallaði til lögreglu eftir að sást til tveggja manna henda kassanum út um glugga á annarri hæð og hlaupa svo með hann á brott. Vörðurinn hljóp á eftir mönnunum. Þegar hann nálgaðist staðinn sá hann mennina reyna að brjóta upp stálkassa með skiptimynt og hrópaði til þeirra.**

**Þeir tóku þá á rás en skildu kassann með skiptimyntinni eftir. Þeir náðust stuttu síðar.**

**Auk þessa er maðurinn sterklega grunaður um fjórtán auðgunarbrot, þar á meðal tvö búðarrán, innbrot og þjófnaði. - jss**

Vildi fá rannsóknarupplýsingar:

## Slitastjórnin fær ekki gögn

**STJÓRNMÁL** Beiðni slitastjórnar Kaupþings um að fá afhent gögn frá Rannsóknarnefnd Alþingis nær ekki fram að ganga.

Slitastjórnin fór þess á leit við formann Rannsóknarnefndarinnar að fá afhentar upplýsingar um starfsemi Kaupþings þar sem örðugt hefði reynst að afla gagna, ekki síst um viðskipti fyrirtækisins í gegnum útibú og dótturfélög í útlöndum.

Formaður Rannsóknarnefndarinnar sagði lög meina sér að afhenda gögn. Var erindið því flutt Alþingi sem leggur ekki til að heimild til afhendingu gagna verði færð í lög um rannsóknina við breytingu þeirra sem er á dagskrá þingfundar í dag. **- bþs**

# Færri hross en dýrari flutt úr landi á árinu

**Útflutningur hrossa dróst saman um 10,5 prósent milli áranna 2008 og 2009. Í fyrra jókst útflutningur um 18,6 prósent milli ára eftir hrun krónunnar. Sala lifandi hrossa úr landi náði hámarki árið 1996 þegar flutt voru út 2.840 hross.**

**LANDBÚNAÐUR** Á árinu voru flutt út 1.589 hross samkvæmt nýjustu útflutningstölum Bændasamtakanna. Þetta er heldur minna en í fyrra, en þá varð mikil aukning. Samdráttur milli ára nemur 10,5 prósentum, en aukningin milli áranna 2007 og 2008 nam nærri fimmtungi.

Hallveig Fróðadóttir, sem heldur utan um útflutningstölurnar fyrir Bændasamtökin, segir fjöldann í ár sambærilegan við það sem gerðist í hittiðfyrra. „Sprengingin í fyrra varð náttúrlega út af hruninu hjá okkur. Þá varð aukning um 280 hross og hún kom öll á síðustu þremur mánuðum ársins," segir hún. Kaupendur nýttu sér þá veikara gengi krónunnar.

Kristbjörg Eyvindsdóttir, hrossaræktandi og -útflytjandi, segir útflutningsmarkað með hross nokkuð öflugan, en líkt og annars staðar þá leiti hann jafnvægis. „Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það er líka kreppa erlendis," segir hún og telur það til marks um nokkurn „varnarsigur" að samdrátturinn hafi ekki orðið meiri milli ára.

„Á margan hátt er betur að þessu staðið en áður og meiri fagmennska, bæði hvað varðar tamningu og skráningu," segir Kristbjörg og bendir á að magntölur nú segi ekki alla söguna, vera kunni að fluttir séu út dýrari hestar líka, tölur um verðmæti útflutningsins bendi til þess. „Þar er kannski mesta sóknarfærið, því kaupendur fá betri hross fyrir sömu upphæð og áður."

Undir þetta tekur Kristinn Guðnason, formaður Félags hrossabænda, en hann segir mest flutt út af hrossum sem hægt sé að nota í einhverja keppni. „Svo er alltaf eitthvað flutt út af merum og graðhestum," segir hann. Mörg ár séu hins vegar síðan hross hafi verið flutt út til slátrunar. Nokkuð sé þó flutt út af hrossakjöti.

Bændasamtökin eiga samfelldar tölur um útflutning frá árinu 1988. Þá voru flutt út 700 hross. Útflutningurinn náði svo hámarki á árunum 1994-1996 þegar hann nálgaðist 3.000 hross á ári. Við tók samdráttur næstu sjö ár og sveiflukenndari útflutningur upp frá því. Frá 1988 hafa verið flutt út landi 34.095 hross, eða 1.550 hross að jafnaði á ári hverju. **olikr@frettabladid.is**



**HESTAR** Napurt getur verið á klakanum jafnvel þótt menn og skepnur séu í vetrarbúningi. Ómögulegt er samt að segja hvað þessum hér að ofan þætti um að komast til útlanda, enda óvissa um veðurfar á áfangastað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HROSSAÚTFLUTNINGUR - HELSTU LÖND**

| Land | 2007 | 2008 | 2009 |
|---|---|---|---|
| Austurríki | 36 | 63 | 52 |
| Sviss | 65 | 71 | 102 |
| Þýskaland | 246 | 317 | 448 |
| Danmörk | 395 | 457 | 319 |
| Finnland | 83 | 112 | 91 |
| Færeyjar | 3 | 21 | 33 |
| Frakkland | 1 | 9 | 11 |
| Bretland | 11 | 15 | 4 |
| Holland | 23 | 20 | 43 |
| Noregur | 117 | 125 | 106 |
| Svíþjóð | 427 | 488 | 307 |
| Bandaríkin | 82 | 63 | 33 |
| **Alls 2009** | **1.497** | **1.776** | **1.589** |

Heimild: Bændasamtök Íslands



**ELDISÞORSKUR** Árangur í eldi vegur ekki upp á móti niðurskurði í veiðiheimildum á bolfiski, segja aðstandendur Hraðfrystihússins-Gunnvarar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eldisþorskur vegur þungt:

## Fimmti hver þorskur úr eldi

**SJÁVARÚTVEGUR** Fimmtungur hráefnis í landvinnslu Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Hnífsdal og á Ísafirði kemur úr þorskeldi fyrirtækisins. Fram kemur í tilkynningu fyrirtækisins að hlutfallið hafi aldrei verið hærra.

Fram kemur að líkast til verði unnið úr rúmlega 5.100 tonnum af hráefni á þessu ári. Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, fagnar því jafnframt að ekki hafi fallið niður dagur í landvinnslunni á árinu. Fara þurfi átatug aftur í tímann, hið minnsta, til að finna dæmi um meira magn hráefnis til vinnslunnar en á þessu ári. **- óká**

Skemmtanahald fyrir norðan:

## Mikil ölvun á Akureyri

**LÖGREGLUMÁL Erill var hjá lögreglunni á Akureyri aðfaranótt sunnudags. Margmenni var í bænum og mikil ölvun. Skemmtanahald fór þó vel fram að sögn lögreglu og gekk stórátafallalaust fyrir sig.**

**Þrír gistu fangageymslur lögreglunnar vegna ölvunar og pústra.**

**Umferðin gekk vel fyrir sig, en mikill snjór er í bænum og þungfært. Enginn var tekinn fyrir ölvunarakstur. - þeb**




RÍKISVÍXLASJÓÐUR

STEFNIR

Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf 10% innlán

» Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
» Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
» Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
» Lágmarkskaup 5.000 kr.
» Enginn munur á kaup- og sölugengi.

**Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.**

Kynntu þér Ríkisvíxlasjóð hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

STEFNIR.COM

Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887 skv. lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrirfjárfesta. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 3. febrúar 2009 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu".Með yfirlýsingu frá 9. desember 2009 lýsti ríkisstjórnin því yfir að yfirlýsingin frá 3. febrúar 2009 væri enn í fullu gildi og að yfirlýsingin yrði ekki afnumin fyrr en hið nýja íslenska fjármálakerfi, með breyttri umgjörð, hefði sannað sig og þá yrði gefinn aðlögunartími. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum sjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is.


HÆSTI VINNINGUR
FRÁ UPPHAFI
DREGINN ÚT Á MORGUN – ÞÚ GETUR ENN VERIÐ MEÐ!
75
MILLJÓNIR
Á EINN MIÐA 29. DES.
PIPAR\TBWA • SÍA • 92562
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL
VINNINGS
Tryggðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað kallar grínhópurinn sig sem ætlar að heimsækja Litla-Hraun?*
2. *Hvaða heitir lögreglumaðurinn sem söng einsöng í Grensáskirkju á aðfangadag?*
3. *Hvert ætlar Iceland Express að hefja áætlunarflug næsta sumar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Zhejiang Geely Group í Kína kaupir Volvo af Ford Motor Company:

# Ætla að hafa reksturinn óbreyttan

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sala á sænska bílaframleiðandanum Volvo frá bandaríska félaginu Ford Motor Co. til kínverska bílaframleiðandans Zhejiang Geely Group gengur líkast til í gegn á fyrsta fjórðungi næsta árs.

Ford hefur staðfest við fjölmiðla að samkomulag um söluna sé nær frágengið. Enn á þó eftir að fá samþykki stjórnvalda og ganga frá fjármögnun.

Ford hefur ekki upplýst um söluvirði félagsins. AP hefur þó eftir sérfræðingi á sviði bíliðnaðar að verðmætið geti hlaupið á 2,0 til 2,3 milljörðum Bandaríkjadala, en það eru á milli 250 og 300 milljarðar króna. Ford lýsti því yfir fyrir ári að Volvo væri til sölu, en Ford var þá í töluverðri fjárþörf, hafði tapað 14,6 milljörðum dala (1.868 milljörðum króna) á árinu. Síðan hefur orðið nokkur viðsnúningur í rekstrinum og horfur á hagnaði frá og með þarnæsta ári. Salan á Volvo heldur engu að síður áfram. „Hún snerist aldrei um Volvo, sem við vitum að er sterkt vörumerki, heldur fremur um stefnuna sem við höfum tekið með Ford,“ segir Mark Truby, talsmaður Ford.

Þá segja sérfræðingar að Volvo muni eflast af sterku baklandi í kínverska félaginu, en forsvarsmenn þess hafa jafnframt sagst ætla að halda áfram rekstri sænska félagsins í óbreyttri mynd. **- óká**



**Í SVÍÞJÓÐ** Svona var umhorfs við höfuðstöðvar Volvo í Gautaborg í Svíþjóð á Þorláksmessu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar:

# Festi verði áfram í bænum

**HAFNARFJÖRÐUR Bæjarstjórn Hafnarfjarðar telur mikilvægt að fiskvinnslufyrirtækið Festi ehf. verði áfram í Hafnarfirði. Þetta kemur fram í ályktun bæjarstjórnarinnar.**

**Þar segir að ein af forsendum þess að gæta hagsmuna starfsfólks sé að söluferli á eignum og heimildum fyrirtækisins sé gagnsætt. „Atvinnuöryggi og hagsmunir starfsmanna Festis eru eitt af þeim lykilatriðum sem verður að horfa til við sölu og framtíðarstöðu fyrirtækisins,“ segir í ályktun bæjarstjórnar. Um 40 manns hafa starfað hjá fyrirtækinu. - kóp**

Forseti Venesúela:

# Hæsti fossinn fái annað nafn

**VENESÚELA** Hugo Chavez forseti Venesúela hefur mælst til þess að nafni hæsta foss í heimi verði breytt. Fossinn er í suðurhluta Venesúela og heitir Salto Angel, sem þýðir englafoss á íslensku. Hann heitir í höfuðið á Bandaríkjamanninum Jimmy Angel sem er talinn fyrsti utanaðkomandi maðurinn til þess að uppgötva fossinn.



**HUGO CHAVEZ**

Innfæddir þekktu þó fossinn löngu fyrr. Meðal indíána á svæðinu er hann þekktur undir nafninu Kerepakupai-Meru. Chavez vill að það nafn verði tekið upp og mælist til þess að fólk hætti að tala um Salto Angel. **- þeb**

**FLJÓTSDALSHÉRAÐ**

### Lækkar sorphirðugjald

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti samhljóða tillögu umhverfis- og héraðsnefndar um að gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar verði lækkuð um 3,03 prósent. Gjaldið verður því 19.600 krónur á næsta ári. Þá samþykkti bæjarstjórn einnig reglur um afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega fyrir árið 2010.

# Flutti utan og gæti misst stöðu sem bæjarfulltrúi

**Kópavogsbær vill fá úr því skorið hvort Ásthildur Helgadóttir hafi misst stöðu sína sem bæjarfulltrúi eftir að hún flutti lögheimili til Svíþjóðar. Fjölskyldan gengur fyrir, segir Ásthildur sem er í fæðingarorlofi.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Allt útlit er fyrir að Ásthildur Helgadóttir missi stöðu sína sem bæjarfulltrúi í Kópavogi þar sem hún flutti lögheimili sitt til Svíþjóðar þegar hún byrjaði í fæðingarorlofi í september.

„Mitt mat er að mikill vafi leiki á því hvort Ásthildur eigi rétt á að taka sæti sitt aftur í bæjarstjórn,“ segir í greinargerð Þórðar Clausen Þórðarsonar bæjarlögmanns sem fékk bæjarráð til að samþykkja að óska eftir áliti samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis á málinu enda séu ekki til neinir úrskurðir í hliðstæðum málum.

„Þetta var kannski ákveðin óheppni og klaufaskapur,“ segir Ásthildur og útskýrir að hún hafi flutt tímabundið til Svíþjóðar með manni sínum og nýfæddum syni. Maður hennar sé arkitekt og hafi ekki haft atvinnu á Íslandi og því farið utan til náms. Sjálf hóf hún sex mánaða fæðingarorlof í byrjun september.

Með sér tók fjölskyldan barnarúm og fleira sem tilheyrði litla syninum. Þetta var skráð á nafn Ásthildar. Það ætlar að reynast henni dýrkeypt. „Við máttum ekki leysa þetta úr tollinum úti nema skrá mig inn í landið,“ segir hún. „Í rauninni var þetta hugsunarleysi en ætlunin var að ég myndi skrá mig bara til baka áður en ég kæmi aftur til starfa eftir fæðingarorlofið.“

Ásthildur og fjölskylda eru nú á Íslandi í jólafríi og ætla síðan aftur utan. Ólíklegt er að Ásthildur endurheimti stöðu sína í bæjarstjórn Kópavogs 1. febrúar eins og hún hafði gert ráð fyrir. Hún missir þá af nokkrum mánuðum í starfi fram að kosningum í vor og segir það vissulega slæmt fyrir sig í núverandi efnahagsástandi að missa af þeim tekjum. „En ég gerði þetta til að fá dótið hans sonar míns og verð að hugsa um okkar hag sem fjölskyldu. Ef þetta þýðir að ég geti ekki snúið aftur í bæjarstjórn þá verð ég bara að taka því.“

Ásthildur ítrekar að hún sé hvorki á launum hjá Kópavogsbæ né hafi tekið þátt í störfum bæjarstjórnar eftir að hún flutti lögheimilið utan. „Þetta snýst ekki um laun eins og kannski einhver vill vera láta,“ segir hún. Aðspurð kveðst Ásthildur ekki hafa ákveðið hvort hún gefi kost á sér í prófkjöri sjálfstæðismanna í Kópavogi. „Það fer allt eftir því hvernig aðstæður verða. Ég hugsa fyrst um fjölskylduna,“ svarar hún.



**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** Landsliðskonan fyrrverandi í knattspyrnu náði kjöri í bæjarstjórn Kópavogs vorið 2006 en virðist á útleið áður en kjörtímabilið er á enda vegna flutninga á barnarúmi til Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/





HÆKKUN GJALDSKRÁR

Þann 1. janúar næstkomandi hækka fargjöld Herjólfs til samræmis við ákvæði í rekstrarsamningi Vegagerðarinnar og Eimskips. Hækkunin nemur 10 prósentum.

Ítarlegri verðlisti liggur frammi í afgreiðslu Herjólfs og eins má finna þessar upplýsingar á www.herjolfur.is

EIMSKIP

Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.eimskip.is | www.herjolfur.is




**FÁMENNT Á FLUGVELLINUM** Miðað við aðalskipulag Reykjavíkur og rekstrarforsendur Flugstoða verður ekkert flug í Vatnsmýri eftir árið 2016. Verkefnisstjóri væntanlegrar samgöngumiðstöðvar segir hana geta borið sig án flugsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verkefnastjóri samgöngumiðstöðvar:

# Miðstöðin geti alveg borið sig án flugsins

**SAMGÖNGUR** Samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni getur borið sig þrátt fyrir að ekkert flug verði í Vatnsmýri eftir árið 2016, að sögn verkefnisstjóra samgöngumiðstöðvarinnar, Ólafs Sveinssonar. „Við færum ekkert af stað öðruvísi,“ segir hann.

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar skal önnur stóra flugbrautin við Reykjavíkurflugvöll hverfa á brott árið 2016. Flugstoðir, sem reka völlinn, segja ekki hægt að halda úti flugþjónustu í Vatnsmýri án brautarinnar.

Ætla má að samgöngumiðstöð, sem á að greiðast upp með þjónustugjöldum farþega, taki nokkurn tíma að rísa.

Ólafur Sveinsson segir að áætlanagerð sé ekki svo langt komin að hann geti útlistað hvernig það standist rekstrarlega að flugið verði í svo skamman tíma í samgöngumiðstöðinni. Hún geti þó rekið sig án flugsins, sem fyrr sagði.

Að öðru leyti sé ekkert að frétta. Óákveðið er hversu stór miðstöðin verður, því enn er verið að ræða við hugsanlega leigjendur. „Þetta tekur lengri tíma en við ætluðum. Það gæti verið einhver niðurstaða milli jóla og nýárs, en annars strax eftir áramót,“ segir Ólafur. **- kóþ**

# VIÐSKIPTAVINUR NÚMER

# SEXTÍU ÞÚSUND

## FÆR ÓKEYPIS SKOÐUN OG ÓVÆNTAN GLAÐNING!




Í dag eða á morgun munum við skoða sextíu þúsundasta bílinn á þessu ári. Í tilefni af þessum góða árangri fær **sextíu þúsundasti viðskiptavinurinn ókeypis skoðun og óvæntan glaðning.** Allir aðrir sem mæta með bílinn í skoðun í dag eða á morgun fá **15% afslátt af skoðunargjöldum.**

**Er búið skoða bílinn þinn?**

**Starfsfólk Aðalskoðunar þakkar samstarfið á árinu sem er að líða og**

**óskar landsmönnum öllum gleðilegs árs.**

**Opið kl. 8–17**

Aðalskoðun

**Skoðunarstöðvar:**

**Reykjavík**
Skeifunni 5
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

**Kópavogur**
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 587 3344

www.adalskodun.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-2332






Rannsókn sérstaks saksóknara á viðskiptum með stofnfé í Byr vel á veg komin:

# Meira en þrjátíu yfirheyrslur

**BYR** Rúmlega þrjátíu yfirheyrslur hafa farið fram hjá embætti sérstaks saksóknara vegna rannsóknar á viðskiptum eignarhaldsfélagsins Exeter Holding með stofnfé í Byr.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að rannsóknin sé vel á veg komin. Hann vill ekki upplýsa hve margir einstaklingar komi við sögu og hverjir hafi réttarstöðu sakborninga og hve margir hafi verið yfirheyrðir sem vitni.

Málið snýst um viðskipti með stofnfjárhluti í Byr eftir bankahrunið í fyrra. Einkahlutafélagið Arkea fékk þá um milljarð króna að láni frá Byr.

Það fé rann til Exeter Holding, dótturfélags Arkea, og var notað til að kaupa stofnfé í Byr, meðal annars af MP Banka, og einnig af Jóni Þorsteini Jónssyni, þáverandi stjórnarformanni Byrs, og Birgi Ómari Halldórssyni stjórnarmanni.

Rannsóknin teygir einnig anga sína til félags í eigu Ragnars Z. Guðjónssonar, fyrrverandi sparisjóðsstjóra Byrs. Jón Kr. Sólnes, sem einnig hefur réttarstöðu sakbornings við yfirheyrslur, sagði af sér stöðu stjórnarmanns í Byr vegna rannsóknarinnar.

Farbann, sem sett var á Jón Þorstein Jónsson vegna málsins, rann út í síðustu og var ekki framlengt.

- pg



**BYR** Sparisjóður Kópavogs, Hafnarfjarðar, Norðlendinga og Sparisjóður vélstjóra runnu saman í Byr. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fjallabyggð undirbýr samruna grunnskóla

**Tilkoma Héðinsfjarðarganga gerir Fjallabyggð kleift að endurskipuleggja skólastarf sveitarfélagsins. Fræðslunefnd hefur lagt fram ítarlegar tillögur sem gera ráð fyrir fækkun skólabygginga og sjötíu milljóna króna sparnaði á ári.**

**MENNTAMÁL** Fræðslunefnd Fjallabyggðar hefur sett fram ítarlegur tillögur um framtíðarskipan fræðslumála í sveitarfélaginu. Grunnskólarnir á Siglufirði og í Ólafsfirði verða sameinaðir í eina stofnun, sem og leik- og tónskólar ef tillagan nær fram að ganga. Sparnaður sameiningar er metinn um sjötíu milljónir króna á ári.

Þórir Kristinn Þórisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, segir hugmyndina hafa verið til skoðunar í töluverðan tíma og sé hluti af sameiningu sveitarfélaganna sem gekk í gegn árið 2006. „Þessar hugmyndir tengjast þeirri byltingu sem er að verða í samgöngum hér á svæðinu með opnun Héðinsfjarðarganganna. Við erum eins og stendur með fjórar grunnskólabyggingar, tvo tónskóla og tvo leikskóla. Þeir halda sér en við getum fækkað grunnskólabyggingum um eina á hvorum stað.“

Gert er ráð fyrir að unglingastig verði sameinað fljótlega eftir að Héðinsfjarðargöng verða tekin í notkun, og að kennslan fari fram á Siglufirði. Yngra stiginu yrði áfram kennt á báðum stöðum í tvö til þrjú ár en þá yrði það sameinað í Ólafsfirði.

Tillögurnar hafa verið kynntar bæjarstjórn og á fundi hennar í gær var samþykkt að kynna þær fyrir almenningi. Stefnt er að kynningarfundum í fyrstu vikum janúarmánaðar á komandi ári. Bæði er talið nauðsynlegt af faglegum og fjárhagslegum ástæðum að laga skipulag fræðslustofnananna að breyttum aðstæðum, en fjárhagsvandi sveitarfélaganna hefur verið mikið til umræðu að undanförnu. Eins hugmyndir Sambands íslenskra sveitarfélaga um sparnað í grunnskólanum sem kennarar hafa tekið illa í.



**LOKAFRÁGANGUR** Tilkoma Héðinsfjarðarganga mun bylta bæjarbrag á Siglufirði og í Ólafsfirði. Göngin verða tekin í notkun haustið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÞÓRIR K. ÞÓRISSON**

Þórir Kristinn segir að staða Fjallabyggðar sé ásættanleg en sveitarfélagið sé ekki undanskilið þeirri kvöð að spara á næstu misserum, frekar en önnur sveitarfélög.

Fjárhagslegur ávinningur af breytingum þeim sem fræðslunefnd leggur til væri annars vegar sparnaður í launakostnaði og hins vegar lægri rekstrarkostnaður fasteigna. Í skýrslu fræðslunefndar er gert ráð fyrir að launakostnaður sveitarfélagsins myndi lækka um allt að fimmtíu milljónir á ári. Að auki myndi sparast rekstrarkostnaður tveggja skólahúsa sem samanlagður er um tuttugu milljónir á ári.

Fræðslunefnd sér jafnframt faglegan og félagslegan ávinning með breytingunum.

svavar@frettabladid.is

Heimsótti ættingja erlendis og var neitað um atvinnuleysisbætur:

# Vinnumálastofnun fylgist með IP-tölum atvinnulausra

**ATVINNULEYSI** Persónuvernd hefur samþykkt að Vinnumálastofnun fylgist með IP-tölum þeirra sem staðfesta atvinnuleysisskráningu í gegnum heimasíðu stofnunarinnar. Þannig fylgist stofnunin með því hvort tilkynningar berast frá erlendum IP-tölum.

Konu, sem heimsótti ættingja sína erlendis meðan hún naut atvinnuleysisbóta og var í Svíþjóð þegar hún sendi staðfestingu til Vinnumálastofnunar, var neitað um atvinnuleysisbætur. Hún gæti ekki verið í virkri atvinnuleit á Íslandi meðan hún væri erlendis. Samkvæmt vinnureglum Vinnumálastofnunar er atvinnulausum ekki heimilt að dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma án þess að missa rétt til bóta.

Konan kærði til Persónuverndar og í úrskurði um málið er fallist á að þetta sé lögmæt meðferð persónuupplýsinga og eðlilegur þáttur í eftirliti Vinnumálastofnunar. Hins vegar þurfi stofnunin að gera atvinnulausu fólki grein fyrir því að þetta sé gert. Það megi til dæmis gera með því að birta um það auglýsingu á heimasíðu stofnunarinnar.

-pg



**RAFRÆNT EFTIRLIT** Vinnumálastofnun vaktar rafrænt allar IP-tölur þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum og senda rafræna staðfestingu á atvinnuleit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ


Svefnsófar
30%
Heilsurúm
10-30%
Stillanleg rúm
10-30%
ÚTSALA
á völdum vörum
allt að 30%
Sængurverasett
10-30%
Heilsukoddar
20%
Stubbastólar
30%
DORMA
– býður góða nótt
OPIÐ
28. - 30. des. 10-18:30
Lokað á gamlársdag
Gleðilegt ár
www.dorma.is
Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

## „ORÐRÉTT“

*Aldrei nóg af kónginum*

**„Það er þvílíkur munur að geta fengið Bubba tvisvar um jólin“**

ARI ELDJÁRN
Fréttablaðið, 24. desember 2009.

*Bæ, bæ Barbí*

**„Ég fagna samdrætti í sölu á Barbie dúkkum“**

GUÐNÝ GÚSTAFSDÓTTIR TALSKONA FEMÍNISTA
Vísir, 27. desember 2009.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR, BÆJARSTJÓRI Í HVERAGERÐI

## *Skoðar heimsins stærsta dagatal*

„Það er allt stórkostlegt að frétta héðan. Hér er jólastemning og við erum mjög stolt af því að vera með heimsins stærsta jóladagatal í bænum,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.

Dagatalið umrædda er gert í samvinnu við fyrirtæki í bænum, sem búa til glugga og skreyta hátt og lágt víðs vegar í Hveragerðinni, til dæmis í verslunum.

En Aldís glímir einnig við alvarlegri mál, til að mynda er hún þessa dagana á kafi við að klára fjárhagsáætlun Hveragerðis. „Eins og alls staðar mætti áætlunin líta betur út en hún er ekki alslæm,“ segir bæjarstjórinn.

Aldís hélt upp á afmæli sitt á mánudaginn, var í faðmi ættingja sinna og vina. „Það er árviss atburður að við fögnum vetrarsólstöðum á afmælinu mínu,“ segir Aldís og bætir við að þessi tími árs sé henni afar kær. Hún sé mikið jólabarn.



Nýverið fékk hún tölur um að í Hveragerði hafi íbúum fækkað lítillega á árinu, eða um tólf. Hún segir þetta nokkuð gott miðað við það sem gengur og gerist.

„Áður var kvartað undan lítilli fjölgun en nú gleðst maður yfir lítilli fækkun,“ segir hún.

Aldís og félagar hafa barist gegn Bitruvirkjun og ekki er að heyra að bágari þjóðarhagur dragi úr andstöðu hennar við framkvæmdirnar. „Nei, það getur bara ekki verið ásættanlegt að fara í virkjun sem hefur svona mikil áhrif á heilt bæjarfélag,“ segir hún og bætir við að hún trúi á heilbrigða skynsemi Reykvíkinganna sem um málið véla.

## LAUFABRAUÐ
### SÆLGÆTI ÍSLENDINGA

■ Í orðabók Jóns Ólafssonar frá Grunnavík segir að laufabrauð sé „sælgæti Íslendinga“. Bókin er frá fyrri hluta 18. aldar og er því ljóst að laufabrauðið hefur þekkst hér á landi þá þegar. Hins vegar er ekki ljóst hvenær það fyrst var á boðstólum hér.



Laufabrauð er næfurþunn og stökk hveitikaka sem steikt er í feiti. Fyrir steikingu er það gjarnan skorið út, ýmist með skurðarjárni eða litlum hnífum. Það er hefð í mörgum fjölskyldum að safnast saman á aðventu og skera laufabrauð. Sá siður er sérstaklega kunnur á Norðurlandi.



**TUNGUTAK**

## *Að skíra*

**■ Skír er lýsingarorð í íslensku sem yfirleitt er notað í samsettum orðum, svo sem heiðskír. Orðið merkir skær eða bjartur, og er sú merking til grundvallar nafni skírdags. Skírn er tengd þessu lýsingarorði, en hún er trúarleg athöfn þar sem manneskja er tekin inn í samfélag kristinna manna. Oftast eru það ómálga börn sem skírð eru og gefið nafn um leið, en af því hefur skapast sú órökrétta venja að leggja skírn og nafngift að jöfnu. Fólk sem ekki lætur skíra börn sín er því gjarnan spurt hvaða nafni barnið hafi verið skírt. Sumir tala jafnvel um að skíra hunda, ketti, skip og hús. Lýsingarorðið skýr hefur ekki ósvipaða merkingu og skír, það er greinilegur eða ljós, en manneskja sem er skýr er vel gefin. Hið gagnstæða gildir um að vera kýrskýr, enda hafa kýr gegnum tíðina ekki verið taldar sérlega greindar skepnur.** - mt


# Félagsfundir VM yfir hátíðarnar



## NORÐURLAND
Hótel KEA, Akureyri
28. desember kl. 17

## REYKJAVÍK
*(fyrir VM félaga til sjós)*
Grand Hótel (Hvammur)
29. desember kl. 17.30

## VESTMANNAEYJAR
Básar
4. janúar kl. 12

*VM óskar félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

VM ▸ Stórhöfða 25 ▸ 110 Reykjavík ▸ sími 575 9800 ▸ vm.is




**GAMLÁRSKVÖLD Í FYRRA** Ólöf segir ólöglega flugelda stundum hafa fengist hér á landi, en þeir þyki einstaklega hættulegir og séu bannaðir hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fjölskyldufeður og unglingsdrengir lenda í slysum

**Fréttir af flugeldaslysum berast í kringum hver áramót. Fréttablaðið fékk upplýsingar um hvernig hægt er að lágmarka hættuna af flugeldanotkuninni.**

„Flugeldaslys eru afar leiðinleg ur fylgifiskur áramótanna,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir upplýsingafulltrúi slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Hún segir flest slysin verða þegar fólk fer ekki rétt með flugeldanna.

„Öllum flugeldum fylgja leiðbeiningar, og það eru ákveðnar reglur sem þarf að fylgja þegar maður umgengst svona vöru. Ef það er ekki gert þá eykst hættan á slysum mjög mikið. Númer eitt til að forðast það er að fara eftir leiðbeiningum í einu og öllu. Númer tvö eru flugeldagleraugu, sem við höfum lagt mikla áherslu á. Augnslys geta haft miklar og leiðinlegar afleiðingar svo vægt sér til orða tekið. Flugeldagleraugun hafa komið í veg fyrir fjölmörg slys. Slysavarnarfélagið hefur í samvinnu við Blindrafélagið gefið börnum á aldrinum tíu til fimmtán ára gleraugu undanfarin ár og við viljum auðvitað að allir noti gleraugu, ekki bara börnin.“



**ÓLÖF SNÆHÓLM BALDURSDÓTTIR**

Þá segir Ólöf mikilvægt að fólk passi að vera í ullar- eða skinnhönskum þegar það kveikir í flugeldum og beygi sig ekki yfir þá heldur kveiki í með útréttri hendi. „Ekki gleyma flugeldana nálægt skotstað og aldrei að hafa neitt í vösum, ekki einu sinni eldspýtur. Þá verður að gæta að börnum og unglingum því þau eiga ekki að koma nálægt þessum vörum án fullorðinna. Það eru ákveðnar vörur sem henta börnum, eins og blys og stjörnuljós, en þau eiga samt aldrei að vera notuð nema undir ströngu eftirliti.“

Unglingsdrengir verða mikið fyrir slysum af völdum flugelda í kringum áramótin. „Það er dagana fyrir og eftir áramótin, því þeir eru að fikta, taka í sundur og búa til eigin sprengjur. Við höfum séð mjög ljót slys út frá því.“ Á gamlárskvöld séu það hins vegar aðallega heimilisfeður, karlmenn á besta aldri, sem flykkist á slysavarðstofuna.

„Það er oft vegna þess að áfengi er með í spilunum. Áfengi og flugeldar fara náttúrulega ekki saman.“

thorunn@frettabladid.is

Íslenskum ríkisborgurum fjölgar lítillega en erlendum fækkar:

# Íbúum fækkar á milli ára

**MANNFJÖLDI** Íbúar á Íslandi voru 317.593 hinn 1. desember síðastliðinn. Það er 2.163 íbúum færra en á sama tíma á síðasta ári og hefur íbúum því fækkað um 0,7 prósent á milli ára. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Hlutfallslega fækkar íbúum mest á Austurlandi, eða um 431 sem samsvarar 3,3 prósentum. Fækkun landsmanna stafar aðallega af fækkun fólks með erlent ríkisfang, en því fækkaði um 3.099 á milli ára.

Hagstofan hefur einnig birt tölur um skiptingu landsmanna sextán ára og eldri eftir trúflokkum. Sóknarbörn í þjóðkirkjunni voru 1. desember 194.903 talsins og hafði fækkað um 673 frá fyrra ári. Hlutfallslega fjölgaði sóknarbörnum Þjóðkirkjunnar hinsvegar úr 78,6 í 78,9 prósent af öllum sextán ára og eldri eftir trúflokkum af því að mannfækkun á árinu var mest meðal þeirra sem stóðu utan við Þjóðkirkjuna. - kóp






# Fáránlega flottar áramótavörur




Nýárskóróna kr. 890

Hattar, kórónur, hálsfestar, fjaðrakransar, gleraugu, grímur, lúðrar, nælur, knöll, innisprengjur, glös, borðbúnaður, borðar, hengiskraut, veislupakkar, gasblöðrur, þurrís



PARTÝ BÚÐIN

ALLT FYRIR VEISLUNA



**Nú á tveimur hæðum í Faxafeni 11, gamla Leikbæjarhúsinu.**
**Opið alla daga til áramóta 10-22. Gamlársdag til kl. 18.**

MARGMIÐLUNAR
SPILARAR
MIKILL AFSL.

# ALLT AÐ 80%

Í DAG BYRJAR SPRENGJAN • ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR • AÐEINS Í NO

## 8GB MINNISLYKILL

8GB Sandisk Cruzer Micro Skin
Traustur og hraðvirkur 8GB USB 2 minnislykill.

**3.990**

## 2GB VINNSLUMINNI

Corsair 2GB DDR2 667MHz CL5
2GB hágæða vinnsluminni frá Corsair með lífstíðarábyrgð..

**6.990**

## 19" SAMSUNG LCD BREIÐSKJÁR

19 Samsung 923NW
19" LCD breiðskjár með 1440x 900p uppl., 5ms viðbrt., 1000:1 skerpu ofl.

**19.990**

1stk á mann!

## 1TB GRÆNN DISKUR

WD Green 1TB
1TB SATA2 32MB GreenPower diskur sem er hljóðlátur, kaldur og umhverfisvænn.

**13.990**

## MEDIASPILARI REC

ICY BOX MP3010HW
REC margmiðlunarspilari og upptökutæki fyrir 3.5" SATA diska. Tengist við sjónvarp án tölvu. Spilar af harðdisk og yfir net. Kortalesari og fjarstýring.

**22.990**

## 22" PHILIPS LCD BREIÐSKJÁR
STÍLHREIN HÖNNUN

## TÖLVUTILBOÐ

**119.990**

Ace SPRENGJUTILBOÐ 1
- AM3 DualCore Athlon II 240
- 2GB DDR2 vinnsluminni
- 640GB WD Caviar diskur
- 22x Dual Layer DVD skrifari
- 22" Philips 220SW9FB LCD skjár
- MSI GeForce N210 skjákort
- Logitech S120 hátalarar
- 7.1 hljóðkort
- Windows 7 Premium

## FARTÖLVUTILBOÐ

TOSHIBA 15,4"

Toshiba L300-25L
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Basic

**69.990**

VINNSLUMINNI

**65% AFSL.**

ALLT AÐ 65% AFSL.



VEFMYNDAVÉLAR

**30% AFSL.**

ALLT AÐ 30% AFSL.

FARTÖLVUTÖSKUR

**FRÁBÆRT**

VERÐ Á TÖSKUM

# BRENGJA

# % AFSLÁTTUR

OKKRA DAGA • ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU • OPNUM KL 12:00

WD

## 640GB MYBOOK FLAKKARI



WD Essential 2

Flakkari með 640GB hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar orku.

**12.990**



## OFFICE HOME

Microsoft Office Home and Student 2007

Fullur pakki með Excel, OneNote, PowerPoint og Word 2007 fyrir 3 tölvur.

**12.990**

FARTÖLVUR

**50.000 AFSL.**

ALLT AÐ 50.000kr. AFSL.

VALDIR LEIKIR

**990 kr.**

AÐEINS 990 kr.



| OPNUNARTÍMI | |
|---|---|
| Mán. | 28. des. 12-19 |
| Þri. | 29. des. 9-19 |
| Mið. | 30. des. 9-19 |
| Fim. | 31. des. 9-12 |

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

# TÖLVULISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700

STRANDGÖTU 9 S: 414 1730

MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740

AUSTURVEGI 34 S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

## INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2009



**BYLTING** „Það verður að galopna kerfið? Þá dugar ekki bara að galopna í rafrænum kosningum um hvar eigi að leggja bílum í Grafarvogi, heldur hvernig við tökum á Grafarþögninni sem alltaf umlykur allt sem úrskeiðis fer.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nýja Ísland, óskalandið – hvenær kemur þú?

Traustið brann með jólatrénu á Austurvelli fyrir tæpu ári. **Stefán Jón Hafstein** segir að hinn svikni, reiði og vanmáttugi verði að fá hlutverk í sköpun Nýja Íslands. Það er ekki stjórnmálamanna að útfæra það, heldur greiða götur afla sem búa með þjóðinni.

*Siðferðilegt flekkleysi þess heims sem nú skyldi rísa ölvaði okkur. Við vorum gagntekin af hugmyndum sem voru þokukenndar og við gátum ekki komið orðum að, en voru þess virði að berjast fyrir þeim. Við áttum okkur mörg líf í þessum baráttuhvirfli, og drógum aldrei af okkur; og samt, þegar takmarkinu var náð og dagsbrún nýrra tíma reis, þá komu gömlu mennirnir aftur og hrifsuðu til sín sigur okkar og endurskópu í mynd þeirrar afdönkuðu veraldar sem þeir þekktu. Æskan gat sigrað en kunni ekki enn að varðveita sigurinn: og var svo átakanlega veik andspænis ellinni. Við stundum því upp að við hefðum barist fyrir nýjum himni og nýrri jörð og þeir þökkuðu okkur góðfúslega og sömdu sinn frið.*

*(T.A.Lawrence: Seven Pillars of Wisdom).*

Hugmyndin um Nýja Ísland er þokukennd. Á meðan við hikstum því upp að við viljum nýjan himin og nýja jörð þakka þeir góðfúslega og semja „sinn frið“ sem er slítandi þrætubók, sundurlyndi og hagsmunastagl. Munum að hrunið var gjaldþrot ættbálka- og klíkustjórnmála þótt það birtist sem fjármálakreppa. Hrunið hefði aldrei orðið svona slæmt ef stjórnmálamenn hefðu staðið sig, það vissi fólkið. *Við áttum okkur mörg líf í ...baráttuhvirfli* búsáhaldabyltingarinnar og á endanum var aðgerðaleysistjórnin rekin með skömm. Og hvað svo? *... þeir þökkuðu okkur góðfúslega* og áhöfnin á þjóðarskútunni rífst á dekki meðan hrakist er brimskaflinn undir Látrabjargi, nema nú verður ekkert björgunarafrek; það er enginn til að skjóta líflínu til Alþingis og draga það á Virðingarstall. Því aðrir hagsmunir ráða för.

### Orrustan um Ísland

Ef Nýja Ísland er það sem Gamla var ekki, verður greiningin að vera rétt. Það sem nú stendur er ekki uppgjör við „nýfrjálshyggjuna“. Hún var aldrei annað en yfirvarp ráðandi hagsmunahópa til að stela eignum þjóðarinnar og færa undir lögmál klíku- og höfðingjaveldis í anda afrískra ættbálkastjórnmála. Á átta árum fjölgaði Sjálfstæðisflokkurinn (með samstarfsflokkum) ríkisstarfsmönnum um 37%, þandi ríkisútgjöldin út um 50% á níu árum og jók heildarskattbyrði sem hlutfall af þjóðarframleiðslu; fjörutíu nýjar ríkisstofnanir komu til sögunnar. Þetta er ekki frjálshyggja. Þetta er umgjörð um sams konar spillingarkerfi og mörg nýfrjálsu afrísku ríkin komu sér upp með vildarvinapólitík, klíkuveldi og kerfisbundnu ráni á auðlindum. Við lýðveldisstofnun Unga Íslands fengu örfáar fjölskyldur einkaleyfi til að mjólka herstöð; öðrum var úthlutað heildverslunarleyfum og gjaldeyri til að okra, kommisarar flokkanna í bönkum brenndu sparifé almennings með vildarlánum til vildarvina; raðgengisfellingar hirtu laun fólksins; svo kom sægreifakerfið og hin rökrétta niðurstaða af því: einkavinavæðing bankanna. Frjálshyggjutilraun? Nei. Gamla Ísland var rányrkjubú. Þess vegna er orrustan um Ísland svo hörð núna. Hver á að ráða bönkunum? Hver á að stjórna kennitöluflakki, afskriftum og valda reiti viðskiptalífsins? Hver fær að skammta gjaldeyri? Raða í stöður og skipa dómara, ákveða eftirlaun og skattfríðindi smásagnahöfunda? Líkið af Gamla Íslandi er á börunum og erfingjarnir slást um það litla sem eftir er til að halda áfram að mergsjúga; vilja blása lífi í það og *endurskapa í mynd þeirrar afdönkuðu veraldar sem þeir þekktu*. Þess vegna fæst engin samstaða í nafni þjóðarinnar því enn á að ræna hana. Hið pólitíska verkefni er miklu stærra en bara skipta út „nýfrjálshyggju“ fyrir norræna velferð. Nýja Ísland er spurning um nýja aðferð.

> Færið umræðuvaldið til fólksins. Ef ekki, verður migið á hreinsunareldinn úr skúmaskotum Gamla Íslands þar til reykurinn og fnykurinn fæla alþýðu fólks endanlega frá því að taka þátt í þessu „helvítis fokking fokki“.

### Smæð vandans

*Það er enginn annar. Það eru bara við og við erum þrjú hundruð þúsund og það er á mörkunum að við getum staðið undir því að reka samfélag. Endurnýjunin og umbyltingin varð líka hálf-endaslepp… Sama gamla tóbakið fyllir vitin svo ég fæ köfnunartilfinningu. Íslenskt samfélag er kassi með fjórum veggjum sem við hlaupum á til skiptis. Völdin færast milli sömu manna aftur og aftur, fram og til baka, og ekkert breytist. Um stund var eins og glitti í útgönguleið í einu horninu og ferska loftið streymdi inn með fyrirheit um eitthvað nýtt en á þröskuldinum skall hurðin aftur svo við stöndum í sömu sporum og áður, innmúruð. Stundum grípur mig viðþolslaus þörf til að brjóta mér leið í gegnum þessa steypu og út úr kassanum, reka þó ekki væri nema bara nefið út fyrir og taka nokkur andköf. (Una Sighvatsdóttir, Mbl. nóv 2009)*

Er vandi Íslands stór eða smár? Á þessari örskotstundu í sögu þjóðarinnar sem við nú lifum er hann risavaxinn. En í hinu stóra samhengi hlutanna, í tíma og rúmi, er framtíð Íslands björt. Íslendingar eru ríkt fólk í samanburði við 99% af mannkyni. Við eigum auðlindir, vatn, orku, fisk og landgæði; mál og menningu; við eigum miklu meira en flest annað fólk sem nú lifir. Því miður eigum við líka allt þetta ráðleysi. En auðvitað miðum við okkur ekki við fátæklinga? Nei. En við erum þjóð sem er minni



**Stefán Jón Hafstein** er umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví. Hann hefur setið í borgarstjórn fyrir Samfylkinguna.

**Innlendir vendipunktar 2009**

Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem gerðust á árinu og gætu haft áhrif til frambúðar á Íslandi.


www.super-flugeldar.com
Super - Flugeldar
Háamýri ehf.
Það verður DÚNDUR STUÐ um áramótin!
200 Skota 0,8"
Verð Kr: 12.500.-
70 Skota 2"
Verð Kr: 28.900.-
100 Skota 1,5"
Verð Kr: 22.900.-
49 Skota 2"
Verð Kr: 19.900.-
Krakka pakkinn
Verð Kr: 6.900.-
35 sortir
yfir 100 stk
Risa rakettur
Verð Kr: 1.900.-
138 Skota 1,2"
Verð Kr: 22,900,-
Fjölbreyttir
rakettu pakkar
Mikið úrval af kökum, gosum og flugeldum.
Pabba pakkinn
Verð Kr: 16.900.-
www.super-flugeldar.com - Sölustaðir okkar eru þrír:
Ögurhvarf 2 Reykjavík - Iðavellir 9 Keflavík - Kjaransstaðir Hvalfjarðarsveit

en meðalfyrirtæki á heimsvísu. Þrjú hundruð þúsund sálir sem sitja á gullkistu; er svo lítill hópur að væri hann smábær í Ameríku kæmist hann varla á vegakort. Er til of mikils mælst af hálfu þjóðarinnar að „forystumenn“ svonefndra stjórnmálaflokka setjist saman í tvo daga í lokuðu fundaherbergi og fari yfir eitt lítið excel-skal saman? Kostirnir í stöðunni rúmast nefnilega á einu skjali fyrir einn fund. Þetta eru ekki góðir kostir, þeir eru ekki margir og tiltölulega einfaldir ef menn týna sér ekki í smáatriðum. Ég hefði viljað þjóðstjórn fyrir ári og allar götur síðan. Stjórnmálaflokkarnir sem komu okkur í þessa hörmung skulda okkur samstöðu en ekki örlagaþras. Er hægt að semja um vopnahlé í íslenskum stjórnmálum meðan við hreinsum út? Út kjörtímabilið? Nei, því brýnir hagsmunir standa til þess að búa til heimabakað öngþveiti sem eignast sitt sjálfstæða líf og nærist á sjálfu sér. Eins og deilurnar í Mið-Austurlöndum: „Deilurnar á Mið-Austurvelli.“ Fólk spyr: Hvernig er hægt að efna til svo mikils sundurlyndis að auðævum okkar og framtíðarmöguleikum er teflt í hættu með rifrildi? Svarið er: Vegna þess að græðgin í völd, fé og metorð gefst aldrei upp. Auður okkar er svo mikill að einskis er svifist. Hrunið var klúður. Að klúðra endurreisninni, vitandi það sem við nú vitum, er ófyrirgefanlegt um allan aldur.



**SAMSTAÐA** „Stjórnmálaflokkarnir sem komu okkur í þessa hörmung skulda okkur samstöðu en ekki örlagaþras. Er hægt að semja um vopnahlé í íslenskum stjórnmálum meðan við hreinsum út?“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Kostirnir í stöðunni

*„Eins og lífið sé einhver keppni sem hægt er að vinna. Þetta er allt svo leiðinlegt og andlaust og glatað eitthvað. Maður fer að halda að hrunið hafi ekki verið nógu skelfilegt til að breyta einhverju. Gamla settið sem reifst eins og riðuveikar rollur alla leið inn í hrunið heldur gjamminu áfram upp úr hruninu. Ekkert hefur breyst. Enginn lærði neitt. Enginn lítur í eigin barm. Enginn tekur til í garðinum sínum. Allt er við það sama. Valdarúnk á Rúnklandi.“* Dr. Gunni.

Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að skapa friðarferli um endurreisn Íslands er sú að rifist er um dánarbúið. Það eru beinir pólitískir og efnahagslegir hagsmunir á bak við sundrungar- og óttaöflin, þá sem vilja drepa fólk í dróma og svipta trú á Ísland. Afkomendur Gamla Íslands hegða sér eins og vogunarsjóðir og spákaupmenn: taka stöðu gegn gengi ríkisstjórnarinnar og á yfirborðinu eru deilurnar látnar snúast um þrennt:

Við þurfum ekki að borga ICESAVE. Við þurfum ekki aðstoð Alþjóða gjaldeyrissjóðsins (AGS) og við þurfum ekki að hefja viðræður við Evrópusambandið (og við þurfum ekki nýjan gjaldmiðil). Allt eru þetta heiðarleg og eðlileg álitamál og nægilegt efni í lýðræðislega umræðu. Með mismunandi hætti hefur núverandi ríkisstjórn tekið þessi mál og gert að sínum.

Vandinn er að í þeirri þrálátu umræðu sem geisar örlar hvergi, hvergi nokkurs staðar, á því að andstæðingar bendi á aðra kosti. Ekki semja um ICESAVE? Hvað þá? Málaferli allra innistæðueigenda þar sem um er að tefla miklu hærri upphæðir en Íslendingar hafa samið um að borga. Hver vill ábyrgjast niðurstöðu í þeim? Ef við svíkjum loforð allra málsmetandi ráðamanna Íslands, bæði fyrir og eftir Hrun, um að semja um ICESAVE, fellur niður efnahagsaðstoð frá AGS og öll önnur fyrirgreiðsla. Hvað þá? Hvar erum við þá stödd með stóra skuldadaga ríkisins framundan, hvar fáum við gjaldeyri til að kaupa bensín á bílana og olíu á togaraflotann? Hver hefur bent á aðra leið, sem er þess virði að íhuga? Að láta Davíð Oddsson rífa kjaft við útlendinga? Við höfum séð hverju það skilar. „Að standa á eigin fótum“ og „taka skellinn núna“ er ekki leið, heldur ræðumennska. Ég bý í landi sem stríðir við gjaldeyrisskort: Malaví á ekki fyrir bensíni á bílana og langar raðir við dælur, fyrirtæki fá ekki hráefni til framleiðslu því erlendir viðskiptamenn heimta staðgreiðslu, ferðamenn fá ekki farareyri því bankar eru tómir, fólk kemst ekki í vinnu og forsetinn biður almenning að kaupa ekki „óþarfa“ – allt sem innflutt er. Þetta örsmáa fátæka hagkerfi tapaði 100 milljörðum króna á einum mánuði vegna gjaldeyrisskorts. Og bændur óttast að fá ekki áburð eða fræ þegar sáningartími hefst.

Ef menn vilja ekki skera jafn brjálæðislega niður hjá ríkinu og AGS vill meina að þurfi, hvar ætla menn að fá peninga fyrir fjárlagahallanum? Á hvaða kjörum? Hvað ESB varðar er skiljanlegt að þjóðin sé mjög efins. En nú á ekki að ákveða inngöngu og hún verður aldrei nema þjóðin samþykki. Hér er efnt til viðræðu um hvaða kostir bjóðast innan ESB. *„Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að sjálfstæðismenn hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé um neitt að semja sem ásættanlegt er við Evrópusambandið. Af því leiðir að niðurstaða aðildarviðræðna við ESB verði óásættanleg“ (Pressan.is nóv 2009)*

Hvers vegna óttast menn þær upplýsingar sem viðræður leiða til og vilja forða þjóðinni frá þeim?

Nei, umræðan snýst ekki um kjarna málsins: Góssið. Halda menn í alvöru að allar þjóðir Evrópu hafi gert samsæri gegn Íslandi upp úr þurru með „umsátri“ og Jóhanna og Steingrímur gengið þeim á hönd í aumingjaskap? Meðan fólkið í stjórnarandstöðu innan ríkisstjórnar og utan getur ekki borið fram aðra raunhæfa kosti um það hvað gera skuli hefur Steingrímur Joð rétt fyrir sér. Með alla storma heimsins í fangið og spjótalög samherja í bakið hefur hann rétt fyrir sér, rétt fyrir sér, aftur og aftur.

### Mistökin

Þjóðin mat stöðuna rétt í vor. Það var bara tveimur stjórnmálamönnum til að dreifa að ganga í uppvaskið: Jóhönnu og Steingrími Joð. Þeim er vorkunn sú glíma, hafa gert sumt vel, en þeim hefur líka orðið á. Mistökin með ICESAVE voru að taka ekki alla flokka á Alþingi með inn í viðræðurnar (til upplýsingar og aðhalds baka til á hverju stigi málsins) uns það var tækt að fara til Alþingis. Alþjóðlegir milligöngumenn hefðu aftengt hina íslensku þrætuhefð. Það var bráðnauðsynlegt að koma málinu upp úr skotgröfum og búa til nýja samræðulausn eins og vænta má í draumum um Nýja Ísland. Þess í stað lenti málið í sandkassanum miðjum og afhjúpaði Alþingi sem óburðuga skrífstofnun með frammíköllum, dónaskap og málþófi til að tefja tímann rétt eins og af honum sé nóg fyrir þá sem þurfa að borga húsnæðislán og finna atvinnu.

Einnig þessi tortryggni öll í kringum bankana. Hver er Finnur Sveinbjörnsson og hvers vegna er það hans mál hvort gamli fáveldishringurinn fái að selja okkur brauð og mjólk? Einhverjir baktjaldamenn í „skilanefndum“ reisa lifendur frá dauðum með nýjum kennitölum, reka samkeppni við þau fáu fyrirtæki sem ekki eru í öndunarvél og „selja upp út um bakdyrnar“ eins og Megas hefði orðað það án þess að við vitum nokkuð um nýja eigendur.

Og kreppan á stjórnarheimilinu. Fólk treystir ekki þeim sem treysta sér ekki sjálfir. Við nefnum engin nöfn en svona aðstæður kalla á stjórn sem talar skýrum rómi frá J til Ö. Og svakalegur niðurskurður framundan.

### Skrefin fram á við

*Loks*
*loguðu eldar*
*við Alþingi*
*Loks*
*fékk fólkið*
*rödd*
*Hása, reiða*
*Rödd hins svikna*
*vanmáttuga*
*Rödd vantrúar*
*hins nývaknaða*
*af værð og doða*
*(Sindri Freysson, Ljóðveldið Ísland)*

Hvernig stendur á því að í hvert skipti sem maður lætur sig dreyma um Nýja Ísland lendir maður í að hugsa um gamla flokkakerfið? Vegna þess að það er enginn annar farvegur. *Íslenskt samfélag er kassi með fjórum veggjum sem við hlaupum á til skiptis.* Við lifum í rústum þess gamla og reynum að láta okkur dreyma um það nýja. Hver er leið Alþingis til móts við „hinn nývaknaða“ sem er svikinn, vanmáttugur og með þokukenndar hugmyndir um nýjan himin og nýja jörð? Alþingi verður að skilja að á því hvílir sú bölvun sem best er lýst með hinu fornkveðna: *„Þið eruð ekki þjóðin.“* Traustið brann með jólatrénu á Austurvelli. Hinn svikni, reiði og vanmáttugi verður að fá hlutverk í sköpun Nýja Íslands. Tvennt gnæfir þar yfir við sjónarrönd á nýju ári: Hreinsunareldurinn og Sköpunin. Skýrsla rannsóknarnefndarinnar og gerð nýrrar stjórnarskrár.

### Hreinsunareldurinn

*Verstu fréttir sem nokkur nefnd getur fært þjóð sinni.*
*(Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar um Hrunið).*

Hver verða viðbrögð við verstu fréttum sem nefnd getur fært þjóð sinni? Erum við þjóð í álögum Gamla Íslands, þöggunar og lokunar? Eða tökum við Konung þagnasamsæranna á orðinu þegar hann segir í umsátri reynslu sinnar: Það verður að galopna kerfið? Þá dugar ekki bara að galopna í rafrænum kosningum um hvar eigi að leggja bílum í Grafarvogi, heldur hvernig við tökum á Grafarþögninni sem alltaf umlykur allt sem úrskeiðis fer. Þótt skýrslan sé að formi til Alþingis, er Alþingi hluti af sakbendingunni. Færið umræðuvaldið til fólksins. Ef ekki, verður migið á hreinsunareldinn úr skúmaskotum Gamla Íslands þar til reykurinn og fnykurinn fæla alþýðu fólks endanlega frá því að taka þátt í þessu „helvítis fokking fokki“.

### Sköpunin

*There is a crack in everything*
*that's how the light gets in.*
*L. Cohen*

Orðfærið og samskiptin bera þess vitni að samfélagið er fullt streitu og þreytu. Alþingi og ríkisstjórn hafa ekki undan að moka, það er ekkert grín að standa í þessu og álagið gífurlegt. Á alla. Skiljanlegt að stjórnmálamönnum nægi hverjum degi sín þjáning. Afrek að koma þó Evrópusambandsviðræðunum á rekspöl við þessar aðstæður. En við verðum líka að búa í haginn heima. Ástandið hefur versnað á rúmu ár frá Hruni í valdatíð þriggja ríkisstjórna. Ef stöðugt sígur á ógæfuhlið lendum við í stærri og meiri ógæfu en peningaskuldum. Samfélagshruni. Þarf ástandið að versna enn meira áður en það getur batnað?

Í ár voru 20 ár frá hruni, annars konar hruni, hruni Berlínarmúrsins og ógnarstjórna. Flauelsbyltingar fólksins gerðu það sem enginn hélt að væri hægt. Við vitum að allt er hægt og við þurfum ekki að láta vont versna. Ég skrifaði 2005 að markaðsvæðingunni væri lokið, hið sögulega hlutverk jafnaðarmanna væri lýðræðisvæðing. Nú má það ekki dragast. Verkefnið er ný stjórnarskrá. Með nýrri stjórnarskrá felst bylting sem vekur óhug hjá kjörnum fulltrúum. Nefnilega, að þeim sé veitt aðhald. Horfum á þrjú dæmi: Fjölmiðlafrumvarp Davíðs, ruglið í borgarstjórn með Ólaf F. Magnússon sem borgarstjóra Sjálfstæðisflokksins, og síðan Búsáhaldabyltinguna. Einhver myndi vilja bæta ICESAVE við. Fulltrúalýðræðið hefur sýnt takmörk sín. Samtök borgara verða að eiga möguleika á því að hrinda fráleitum hrossakaupum, geðþótta einstaklinga og þrásetu vanhæfra. Aðalverkefni stjórnlagaþings verður að setja forstokkuðu flokkafulltrúaræði skorður og opna alþýðu leið að ákvörðunum. Það þýðir að Alþingi og ríkisstjórn verða að gefa eftir. Væri betur að löggjafinn tæki sig til og einbeitti sér að sínum vanda: Að setja ráðherraræði og flokksformannaveldi fjötra. Nú þarf að hugsa alveg upp á nýtt hvernig við eignumst nýja stjórnarskrá. Ráðgefandi 30 manna stjórnlagaþing í samtals þrjá mánuði með handlöngurum flokkseigenda og uppgjafaþingmanna í bland við unglíða? Þetta er flóknara en svo. Í þessu efni er leiðin að markinu jafn mikilvæg og markmiðið sjálft, því við þurfum stjórnarskrá sem þjóðin á frá upphafi til enda. Þetta er vandasamt ferli sem kallar á mikið pólitískt úthald.

Hlutverk stjórnmálamanna er ekki nú að útfæra Nýja Ísland í þaula heldur greiða götur þeirra afla sem með þjóðinni búa. Þjóðfundurinn var gott frumkvæði, notum skýrslu rannsóknarnefndarinnar til að opna allt upp og lofta út, höldum fram á veg til að þjóðin geti loks fengið eigin stjórnarskrá sem færir henni aukin og beinni völd. Þetta er ferð án fyrirheits en hana verður að fara. Við vitum ekki öll svörin, en hægt er að greiða leiðir að þeim. Nýja Ísland er ekki þekkt stærð. Nýja Ísland er niðurstaða úr erfiðu ferli sem nú verður að hefjast. Nú verðum við að þora að ímynda okkur annað og meira en það lík sem bíður þess að verða vakið frá dauðum. Það þarf gríðarlegt pólitískt hugrekki til að ryðja þessa braut. Verði sú ekki raunin rís líkið af börum sínum og þá verða upphafsorð þessa máls að áhrínisorðum: *Við stundum því upp að við hefðum barist fyrir nýjum himni og nýrri jörð og þeir þökkuðu okkur góðfúslega og sömdu sinn frið.*

# Áramótasprengja

## Notaðir Bílar - Bílabúð Benna

**Ýmis lánakjör í boði - Tökum notaða bíla upp í notaða**

**Fjöldi bíla á staðnum - Komdu í heimsókn- Dæmi um bíla á tilboði hér að neðan;**




PEUGEOT 206 1,4 PRÉSENCE 06/2007,
ek. 46 þús. 5 dyra, 5 gíra.
Verð 1.750 þús..

**TILBOÐ 1.290 þús.**




SUZUKI JIMNY 1,3 JLX, 07/2004,
ek. 91 þús. 3 dyra, 5 gíra.
Verð 1.160 þús.

**TILBOÐ 890 þús.**




RENAULT MEGANE II SALOON,
02/2006, ek. 46 þús. 4 dyra, ssk.
Verð 1.770 þús.

**TILBOÐ 1.390 þús.**




HYUNDAI SANTA FE V-6, 06/2006,
ek. 72 þús. 5 dyra, ssk. dráttarkr.
Cruise. Verð 2.490 þús.

**TILBOÐÐ 1.990 þús.**




MMC L-200 D/C 2,5 TDI, 07/2003,
ek. 150 þús. 4 dyra, 5 gíra, dráttarkr.
Verð 1.750 þús.

**TILBOÐ 1.490 þús.**




CHEVROLET KALOS 1,4 SE,
02/2006, ek. 51 þús. ssk.
Verð 1.320 þús.

**TILBOÐ 990 þús.**




MAZDA TRIBUTE 3,0 AWD, 07/2005,
ek.43 þús. 5 dyra, ssk. dráttarkr.
leður, topplúga og fl. Verð 2.780 þús.

**TILBOÐ 2.290 þús.**




HONDA JAZZ 1,4 LS, 05/2007,
ek. 69 þús. 5 dyra, 5 gíra.
Verð 1.870 þús.

**TILBOÐ 1.590 þús.**




CHEVROLET EVANDA 2,0 EXECUTIVE,
02/2006, ek. 86 þús. 4 dyra, ssk.
leður, topplúga og fl. Verð 2.250 þús.

**TILBOÐ 1.890 þús.**




SUZUKI JIMNY 1,3 JLX, 06/2007,
ek. 74 þús. 3 dyra, 5 gíra.
Verð 1.690 þús.

**TILBOÐ 1.390 þús.**




CHEVROLET LACETTI CDX 1,8 WAGON,
07/2006, ek. 71 þús. 5 dyra, 5 gíra,
Verð 1.650 þús.

**TILBOÐ 1.390 þús.**




GMC YUKON DENALI 4WD 8 MANNA,
árg. 2003, ek. 98 þús. km. 5 dyra, ssk.
dráttarkr. leður og fl. Verð 2.950 þús.

**TILBOÐ 2.390 þús.**

**Hinn troðni flugeldapakki TRAUSTI frá Hjálparsveit Skáta Reykjavík fylgir öllum bílum til áramóta!**

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK

**Flugeldasala Hjálparsveitar Skáta í Reykjavík verðir til húsa að Vagnhöfða 23. frá 28-31 des. í sýningarsal Porsche á Íslandi. Nánari upplýsingar um flugeldasöluna á heimasíðu www.hssr.is**






Bílabúð Benna Notaðir bílar

**Bíldshöfða 10 - Sími 587 1000 - notadirbilar@benni.is - www.benni.is**

Reykjanesbær: Spesbílar, Njarðarbraut 9, - Sími 420 3300

Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og Laugardaga frá kl. 12 - 16.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðfundurinn er endalaust verkefni.

## Gildi og sígildi

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Fyrir nokkru var haldinn þjóðfundur til þess að greina og kynna þau gildi sem ætla má að Íslendingar flestir vilji að móti þjóðlíf og stjórnarfar. Niðurstöður þjóðfundarins eru þær að menn vilja leggja áherslu á heiðarleika, jafnrétti, virðingu og réttlæti.

Þjóðfundurinn er aðdáunarvert frumkvæði og má ekki þokast til hliðar fyrir hávaðamálum líðandi stundar. Menn geta sagt að það sé auðvelt að nefna þessi gamalkunnu gildi, en vandinn felist í því að gefa þeim raunverulegt og varanlegt innihald í verki. Þar ráðast úrslitin og þess vegna má þjóðfundinum eiginlega aldrei ljúka. Þetta er endalaust verkefni, að minna á þessi gildi, að fylgja þeim eftir, að veita bæði ráðgjöf og aðhald. Í þessu er enginn lokaáfangi heldur skiptir hreyfingin sjálf öllu máli áfram, viðleitnin til að koma góðu til leiðar.

*Drottinn hefur aldrei lofað okkur velmegun, gróða eða stöðugum fagnaði í vellystingum praktuglega í jarðlífinu.*

Gildi þjóðfundarins eru ekki nýmæli. Þessi gildi hafa aldrei brugðist og þau brugðust ekki á síðasta ári. Menn misfóru með viðskiptalegt frelsi. Áhættusækni á fjármálamarkaði keyrði sjálfa sig í þrot og dró samfélagið niður með sér. Stjórnvöld, löggjöf og eftirlitsstofnanir höfðu ekki við hraðanum. Sjálfsánægjan reyndist ofurdramb og féll um sjálfa sig. Sú villa að fjármunum sé treystandi var afhjúpuð. Sú villa að græðgi sé góð var afhjúpuð. Íslenska krónan er auðvitað fórnarlamb mannlegra ákvarðana, en hún hafði aldrei reynst stöðug eða traust viðmiðun. Allt þetta sannaðist nú sem löngum áður.

Þjóðfundurinn staðfestir að íslenska þjóðin heldur þreki sínu, grunngildum og þrótti til þess að ná sér aftur á strik. Tilhögun fundarins sýnir að það er vel unnt að virkja fjöldann til málefnalegrar vinnu og árangurs. Og þjóðfundurinn sýnir líka að enda þótt margir hafi tekið einhvern þátt í bólgu liðinna ára, þá ná menn áttunum aftur og geta sameinast um að breyta stefnunni. Öll þurfum við að læra af þessari reynslu.

Ein af mikilvægustu rótum mannlegs heiðarleika er sú að Guð þekkir okkur öll með nafni og heyrir og sér til okkar á sérhverri stund. Heiðarleiki – líka í viðskiptum, fjármálum og opinberu starfi – er ekki aðeins fallegt orð heldur stendur á þessari traustu rót. Gildi kristninnar hafa aldrei brugðist. Þau eru ekki ævinlega virt í raun þótt höfð séu í hávegum í orði. En þau eru leiðarvísan, það viðmið sem aldrei bregst.

Boðskapur Krists er lífsstefna mennskunnar og líknarstefna mannsins í þessum heimi. Drottinn hefur aldrei lofað okkur velmegun, gróða eða stöðugum fagnaði í vellystingum praktuglega í jarðlífinu. En hann hefur heitið því að hlusta á okkur og að ganga með okkur, líka í öllum vonbrigðum og þjáningum. Hann vill hlusta, fylgja, hugga og endurreisa. Hann er orðheldinn og trúfastur. Hann er ástríkur, miskunnsamur og réttlátur.

En við verðum líka að hlusta og læra að virða þessi gildi í lífi okkar og hegða lífi okkar og samfélagi í samræmi við þau.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

KAKA ÁRSINS 2009




Þessi er alveg svakaleg!
Kveðjum árið með köku ársins.
FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Reynsla

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu fyrir nokkru verður Jón Sigurðsson formaður nýrrar stjórnar Íslandsbanka. Jón hefur komið víða við um ævina, var til dæmis viðskiptaráðherra, seðlabankastjóri og bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans en síðustu mánuði vann hann við að afla Íslandi gjaldeyrislána. Í seinni tíð er Jón hvað þekktastur fyrir að vera stjórnarformaður FME í hruninu. Almennt þykir það ekki gott enda átti FME að passa að bankarnir væru í lagi, að þeir færu ekki á hausinn. Þeir sem ráða telja greinilega reynslu hans og þekkingu þó vega það upp.



### Lítil reynsla

Þingfundur verður í dag. Er þetta í fyrsta sinn í fimmtán ár sem þingfundur er milli jóla og nýárs. Glögglega sést hve ungur þingheimur er þegar sú staðreynd er athuguð að aðeins fimm af þeim sem nú eru á þingi voru á millihátíðaþingfundinum 1994. Það voru Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Árni Johnsen og Einar K. Guðfinnsson.

### Vondir og góðir

Egill Helgason og Hannes Hólmsteinn Gissurarson notuðu jólin meðal annars til að skylmast um boðskap kvikmyndarinnar Avatar. Hannes skrifaði: „Frumstæðir ættbálkar manna hafa jafnan lifað við sult og seyru, grimmd og dráp og flestir gengið illa um umhverfi sitt, stundað rányrkju í stað ræktunar.“ Um þessi orð skrifaði Egill: „Prófessorinn hefur misskilið myndina algjörlega – að líkindum eftir einhverju skema sem er í kollinum á honum og verður varla breytt úr þessu.“ Hannes svaraði skrifum Egils í nokkuð löngu máli sem lauk á orðunum: „Frjálshyggjumenn hafa mestan áhuga á því, að saumastofur séu í fullum gangi, svo að engan vanti kyrtil. En til þess þarf að borga sig að sauma kyrtla.“ Óneitanlega hressandi.



**bjorn@frettabladid.is**

# Hitabeltislöndin ógurlegu



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Mannfræðingur deyr

Snemma í nóvember var tilkynnt að mannfræðingurinn Claude Lévi-Strauss væri látinn á 101. aldursári. Dauða hans hafði borið að fáum dögum áður, en samkvæmt eigin ósk hafði hann verið jarðaður í kyrrþey, og mátti vel skilja það þar sem mikið fjaðrafok var gert í kringum andlátið í fjölmiðlum, fréttin var með heimsstyrjaldarletri á forsíðu, líkt og þegar sjálfur de Gaulle burtkallaðist úr táradalnum. Svo vildi til að þessi andlátsfrétt snerti mig nokkuð persónulega, því árum saman hlýddi ég á fyrirlestra mannfræðingsins í hinu mikla menntasetri College de France, og kynntist þannig kenningum hans og að vissu leyti persónunni sjálfri af fyrstu hendi. En þær endurminningar sem ég hef um þennan tíma eru blandaðar.

Þegar ég settist við fótskör meistarans, rétt eftir 1966, var hann sennilega sá fræðimaður sem mest var í tísku í París og ungir menntamenn voru spenntastir fyrir, kenningar hans voru kallaðar „kópernikusarbylting“ í hugvísindum. En sjálfur var hann á nokkuð merkilegum stað í sínum ferli.

Lévi-Strauss var fæddur 1908 og stundaði nám í heimspeki, en eftir lokapróf rann það upp fyrir honum að hér eftir myndi hann ekki gera annað en kenna þessa námsgrein í framhaldsskólum, og það þótti honum ill tilhugsun. Hann tók því boði um stöðu við háskólann í Sao Paolo í Brasilíu og dvaldist þar í þrjú ár, en fór jafnframt í leiðangra til Indíánaþjóða úti í frumskógum, einkum til Nambikwara-Indíána. Stuttu eftir að hann sneri til Frakklands hófst heimsstyrjöldin og hann varð þá aftur að hrökklast af landi brott, nú til New York í félagsskap með ýmsum frönskum skáldum og súrrealistum. Þar kynntist hann málvísindamanninum Roman Jakobson sem hafði gríðarleg áhrif á allar hans hugmyndir, og má í rauninni rekja „formgerðarhyggjuna“ svokölluðu, sem Lévi-Strauss er oft talinn upphafsmaður að í mannfræði, til þeirra kynna. Þegar hann kom aftur til Parísar eftir heimsstyrjöldina setti hann svo fyrst fram kenningar sínar, í doktorsritgerð um fjölskyldutengsl meðal svokallaðra „frumstæðra þjóða“. Hún vakti þá ekki mikla athygli.

En árið 1955 gaf hann út frásögn af ferðum sínum, einkum dvöl sinni meðal indíána, ásamt með alls kyns heimspekilegum bollaleggingum, undir heitinu „Hitabeltislöndin dapurlegu“. Þessi bók sló í gegn og hefur notið mikilla vinsælda æ síðan, enda leiftrandi vel skrifuð og skemmtileg; telja sumir að það verði hún sem muni halda nafni hans lengst á lofti, og sennilega var það einkum af lestri hennar að ég fékk áhuga á að hlýða á fyrirlestra höfundarins.

Um þetta leyti fékk Lévi-Strauss prófessorsstöðu við College de France, sem oft er talinn toppurinn á öllum prófessorsembættum í Frakklandi, og þá sneri hann sér að nýju viðfangsefni: rannsóknum á goðsögnum indíána víða, bæði í Norður- og Suður-Ameríku. Um þetta skrifaði hann voldugt verk í fjórum bindum, sem hlaut mikla útbreiðslu, mönnum kom það svo fyrir sjónir að það geymdi kjarna „formgerðarhyggjunnar“ sem þá var mest umtöluð af öllum stefnum og straumum. Það var á þessum tíma sem ég fór að fylgjast með fyrirlestrunum, hann var þá þegar búinn að gefa út fyrstu hlutana af þessu mikla verki, og hlýddi ég á framhaldið. Frá því er þó skemmst að segja að kenningarnar sannfærðu mig ekki nema að mjög litlu leyti; mér fannst það oft út í hött hvernig Lévi-Strauss átti til að tína upp einstök atriði úr goðsögnum indíánaþjóða sem bjuggu í órafjarlægð hver frá annarri og búa þannig til flókin kerfi sem ekki var hægt að sjá að ættu sér mikla stoð nokkurs staðar.

En hins vegar man ég eftir frábærlega skemmtilegum fyrirlesara. Goðsagnirnar sem hann fjallaði um kunni hann allar utanað, hann gekk um gólf og sagði þessar sögur blaðlaust á alveg sérlega lifandi hátt, stundum með látlausri gamansemi, og þegar ein sagan var nokkuð klúr brá hann fyrir sér tungumáli rithöfundarins kjarnyrta Rabelais á 16. öld. Með þessu sögum slæddist einnig mikill fróðleikur um hinar ýmsu indíánaþjóðir.

Eftir þetta datt Lévi-Strauss úr tísku, og þótt honum væri stöðugt hampað opinberlega í Frakklandi, til dæmis þegar safn „Frumstæðra lista“ var opnað í París – þar ber tónleikasalurinn nafn hans – held ég að hann hafi að mestu leyti fallið í gleymsku annars staðar. En persónutöfrar hins háaldraða fræðimanns birtust óskertir í viðtölum við hann í nýlegri heimildarmynd um Nambikwara-Indíána fyrr og nú og leiðangra hans á vit þeirra. Því á minningin um þennan merka mann skilið að lifa, hvernig svo sem eftirtíminn kann að dæma kenningar hans.

# Við verðum að forgangsraða

UMRÆÐAN

Hildur Sverrisdóttir skrifar um borgarmál



HILDUR SVERRISDÓTTIR

Að ferðast um kyrrláta höfuðborgina á aðfangadagskvöld er alltaf sérstakt en sjaldan hefur það verið jafn áhrifamikið og í ár. Jólaljós í gluggum heimilanna voru hljóðir málsvarar um hvað flestir leggja áherslu á þegar erfiðleikar steðja að. Án efa hefur það verið mörgum erfitt að halda hátíð, um það ber fjöldi umsókna um aðstoð til hjálparsamtaka vitni. Margar fjölskyldur hafa líka þurft að forgangsraða upp á nýtt og hugsa um hvað væri nauðsynlegt til að halda jól og hverju mætti sleppa að sinni. Oftar en ekki hefur það verið erfitt val.

Í þessari efnahagslegu ótíð verða stjórnvöld í Reykjavík, líkt og fjölskyldurnar, að forgangsraða hjá sér. Í slíku vandasömu verki er mikilvægt að stjórnvöld leggi sitt lóð á vogarskálarnar til þess að hægt sé að komast upp úr hjólförum tortryggni og vantrausts og skapa sátt í samfélaginu um þær aðgerðir sem grípa þarf til. Íslendingar hafa fyrir löngu komið sér saman um að vilja vera samfélag sem styður við þá sem þess þurfa. Það er gott til þess að vita að enginn vilji er til þess að breyta því þrátt fyrir yfirstandandi erfiðleika. Ekki er síður mikilvægt að allir leggist á eitt við að styrkja stoðir samfélagsins með því að grafa ekki vísvitandi undan trausti og gæta sanngirni gagnvart hvert öðru.

Stjórnmál morgundagsins munu snúast fyrst og fremst um vinnubrögð við að skapa traust og að í sameiginlegum sáttatóni séu teknar ákvarðanir um hvað skiptir okkur mestu máli. Það verður erfitt verkefni en eitt það mikilvægasta. Margir kvíðu fyrir því ári sem nú er að kveðja og það hefur verið mörgum erfitt. Árið getur þó líka staðið sem áminning um hverju við getum áorkað þegar á reynir og haft það að leiðarljósi í komandi verkefnum.

*Höfundur er þátttakandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Sjáðu uppskriftirnar á: www.lambakjot.is
LAMBASTEIK
um hátíðarnar
alveg eins og var alltaf hjá mömmu og pabba
Þú færð frosið lambakjöt, hryggi, læri og fille á góðu verði í Bónus,
fullsnyrt og tilbúið fyrir uppáhalds kryddið þitt
KS
1.139.-
KS frosið lambalæri heilt.
2.698.-
KS frosið lambafille.
1.398.-
KS frosinn lambahryggur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR

# ÁRAMÓTAS

## AÐEINS Í 3 DAGA

**Sýningareintök og B-vörur**

*(sem eru útlitsgallaðar vörur og skilavara)*

**seldar með miklum afslætti**

*Nú er sko hægt að gera góð kaup!*



# SPRENGJA

# DVD BOMBA

## AÐEINS LÍTIÐ BROT AF ÚRVALINU

| Titill | Verð |
|---|---|
| Monsters VS Aliens | 1.495 |
| I Love You Man | 1.495 |
| Star Trek XI | 1.495 |
| Transformers 2 Revenge Of The Fall | 1.495 |
| The Uninvited | 1.495 |
| Beverly Hills Chihuahua | 1.495 |
| Bedtime Stories | 1.495 |
| Boy In the Striped Pajamas | 1.495 |
| Revolutionary Road | 1.495 |
| Friday 13th | 1.495 |
| Watchmen | 1.495 |
| Curious Case Of Benjamin Butto | 1.495 |
| Gran Torrino | 1.495 |
| Observe And Report | 1.495 |
| Bolt | 1.495 |
| Bruno | 1.495 |
| Management | 1.495 |
| Yes Man | 995 |
| Jonas Brothers Concert | 995 |
| High School Musical 3 | 995 |
| Tales Of The Black Freighter | 995 |
| Knowing | 995 |
| Doubt | 995 |
| Never back down | 495 |
| Good | 495 |

DVD

Opið 29. desember 11 – 19
Opið 30. desember 11 – 19
Lokað á gamlaársdag

495
VERÐ FRÁ

ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115

# Hvatt til meðalmennsku við Háskóla Íslands

**UMRÆÐAN**
Jón Steinsson skrifar um Háskóla Íslands


JÓN STEINSSON

Fyrir hartnær fimm árum var Kristín Ingólfsdóttir kosin rektor Háskóla Íslands. Strax frá upphafi setti hún markið hátt með því að stefna að því að gera Háskólann að einum af 100 bestu háskólum í heimi. Stefna Háskóla Íslands 2006-2011 bar þessa metnaðar skýrt merki.

Fyrsta aðalmarkmið þeirrar stefnu var framúrskarandi rannsóknir. Skólinn ætlaði sér að „efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið“. Nánar til tekið stefndi skólinn að því að fjölga birtingum í virtum alþjóðlegum ritrýndum ISI-tímaritum um 100% fyrir árslok 2011.

Hegðun fræðimanna eins og annarra ræðst að stórum hluta af þeim hvötum sem þeir standa frammi fyrir. Ef Háskóli Íslands ætlar að skipa sér á bekk með bestu háskólum heims er því bráðnauðsynlegt að hann veiti starfsfólki sínu sterka hvata til þess að eyða tíma sínum í hágæðarannsóknir. Helsta tæki skólans í þá veru er matskerfi rannsókna við skólann.

### Matskerfi rannsókna við Háskóla Íslands

Því miður hefur matskerfi rannsókna við Háskóla Íslands alls ekki veitt fræðimönnum við skólann hvata til þess að vinna að hágæðarannsóknum. Þvert á móti má segja að matskerfið hvetji þá eindregið til þess að framleiða mikið magn af lágæðarannsóknum.

Stærsti galli kerfisins er að munurinn á vægi rannsókna eftir gæðum er allt of lítill. Á sviði heilbrigðisvísinda fást til dæmis fleiri stig fyrir tvær greinar í Læknablaðið (30 stig) en eina grein í Nature (20 stig). Í hagfræði fást fleiri stig fyrir tvo bókarkafla í „innlendri ritrýndri útgáfu með alþjóðlega skírskotun“ en fyrir eina grein í American Economic Review. Annar stór galli er að alls kyns smælki svo sem fyrirlestrar og veggspjöld á ráðstefnum, bókadómar og skýrslur geta veitt verulegan fjölda stiga.

Innan læknisfræði og hagfræði er margfalt erfiðara að skrifa fræðigreinar á nægilega háu gæðastigi til þess að þær fáist birtar í Nature eða American Economic Review en að skrifa greinar sem fást birtar í miðlungs alþjóðlega ritrýndum tímaritum hvað þá innlendum tímaritum og bókaköflum. Hvatakerfi sem tekur ekki tillit til þessa veitir ekki rétta hvata. Ef munurinn á stigafjölda eftir gæðum er minni en munurinn á þeirri vinnu sem leggja þarf á sig til þess að hækka gæðastig rannsóknanna hvetur hvatakerfi ekki til framleiðslu á hágæðarannsókna heldur mikils magns lágæðarannsókna.

Tökum hagfræði sem dæmi (þar sem ég þekki best til á því sviði). Til þess að skapa rétta hvata þyrfti stigafjöldi fyrir greinar í „topp 5“ tímarit (t.d. American Economic Review) að vera a.m.k. tvisvar sinnum meiri en stigafjöldi fyrir grein í fremstu tímarit hverrar undirgreinar (t.d. Journal of Monetary Economics) sem aftur þyrftu að hafa a.m.k. tvisvar sinnum meira vægi en önnur góð alþjóðleg tímarit í faginu sem aftur þyrftu að hafa a.m.k. tvisvar sinnum meira vægi en önnur tímarit og bókakaflar. Þá væri vægismunur á bókakafla í „innlendri ritrýndri útgáfu með alþjóðlega skírskotun“ og American Economic Review a.m.k. áttfaldur. Svona er þetta til dæmis á hagfræðideild Viðskiptaháskólans í Gautaborg. Á bestu skólum heims er vægismunurinn enn meiri.

### Ólíkar greinar í sama kerfi

Annar verulegur ókostur við matskerfi rannsókna í Háskóla Íslands er að sama kerfið er notað til þess að meta rannsóknir á ólíkum sviðum fræða. En mjög mismunandi hefðir hafa skapast um það hvernig rannsóknum er komið á framfæri á mismunandi sviðum. Í sumum fögum eru það til dæmis greinar í vísindatímarit sem fá mest vægi innan fræðasamfélagsins (t.d. í læknisfræði og hagfræði) á meðan bækur fá mest vægi í öðrum fögum (t.d. stjórnmálafræði). Á sumum sviðum er fjöldi höfunda á hverri grein mun meiri en í öðrum greinum. Í sumum fögum gefur röð höfunda til kynna upplýsingar um framlag þeirra á meðan í öðrum er stafrófsröð alltaf notuð. Í sumum fögum eru greinar stuttar og fremstu vísindamenn heims birta margar greinar á hverju ári á meðan í öðrum fögum er hver grein mun lengri og viðameiri. Og sumar greinar (eins og lögfræði og íslenska) hafa mikla sérstöðu þar sem rannsóknir eru að mestu bundnar við innanlandsmarkað.

Þegar sama kerfi er notað fyrir öll svið geta fræðimenn nýtt sér veikleika kerfisins með því að einbeita sér að útgáfu sem er tiltölulega auðveld í þeirra fagi. Bókakaflar eru til dæmis ekki mikils metnir í hagfræði og því er auðvelt að fá bókakafla birta. Þar sem bókakaflar veita talsverðan fjölda stiga hafa hagfræðingar innan Háskólans hvata til þess að birta í bókaköflum í stað þess að birta í vísindatímaritum. Þetta grefur undan hvata fræðimannanna til þess að stunda hágæðarannsóknir. Til þess að matskerfið veiti fræðimönnum rétta hvata er nauðsynlegt að það taki mið af hefðum í hverju fagi.

### Til hvers er matskerfið notað?

Ein ástæða þess að sama matskerfið er notað fyrir allan skólann er að matskerfið hefur a.m.k. tvö ólík hlutverk. Það er annars vegar notað við ákvarðanir um framgang og launakjör hvers fræðimans innan sinnar deildar. Og það er einnig notað til þess að ákvarða skiptingu fjár milli deilda og sviða innan skólans. Þetta er afleitt.

Miklu nær væri að matskerfi rannsókna væri einungis notað við ákvarðanir um framgang og launakjör hvers fræðimanns innan sinnar deildar. Þá væri unnt að útbúa gott hvatakerfi innan hverrar deildar sem veitti fræðimönnum í þeirri deild sterka hvata til þess að eyða tíma sínum í hágæðarannsóknir. Ákvarðanir um skiptingu fjár milli deilda og sviða eiga að byggjast á öðru.

### Fjögur ár liðin

Í Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 var kveðið á um endurskoðun á matskerfi rannsókna við skólann. Nú eru liðin fjögur ár og nánast ekkert hefur verið gert í því efni. Vísindanefnd skólans skilaði tillögum um nýtt matskerfi fyrr á þessu ári. Í tillögunum fólst lítið en markvert skref í rétta átt. Þær hefðu heldur dregið úr hvata starfsfólks Háskólans til þess að stunda lágæðarannsóknir en hefðu samt ekki snúið dæminu almennilega við. Jafnvel þessar hógværu breytingar voru hins vegar of mikið fyrir háskólaráð sem virti þær að miklu leyti að vettugi og gerði enn veigaminni breytingar.

Á þeim fjórum árum sem liðin eru frá kjöri núverandi rektors hefur mikið og gott starf verið unnið við Háskólann á ýmsum sviðum. Árangur af þessu starfi er talsverður. Til dæmis hefur birtingum vísindamanna Háskólans í ISI-tímarit fjölgað um ríflega 40% og fjárhæð rannsóknarstyrkja úr samkeppnissjóðum hefur aukist um rúm 45%. En þessi árangur er ekki vegna þess að fræðimenn háskólans hafi sterka hvata heldur þrátt fyrir að þeir hafi veika hvata. Til þess að unnt verði að hífa Háskóla Íslands upp á þann stall sem hann vill vera á er nauðsynlegt að rektor og Háskólaráð sýni kjark og geri róttækar breytingar á matskerfi rannsókna við skólann.

*Höfundur er lektor í hagfræði við Columbia-háskóla.*

Ný og persónuleg jógastöð

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið hefst 4. Janúar. Skráning hafin í síma 695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org
Verð 14.900 kr.

Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið
Meðgöngujóganámskeið

Stakur tími 1.500 kr. • Mánaðarkort 10.900 kr. • 3 mánaðakort 23.900 kr. • 6 mánaðakort 36.000 kr. • 10 tíma klippikort 10.000 kr.

Meðgöngujóganámskeið 10.500 kr.

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# Friðarboðskapur eða ævintýri?

**UMRÆÐAN**
Anna Sigríður Pálsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Baldur Kristjánsson, Hjalti Hugason, Pétur Pétursson, Sigrún Óskarsdóttir, Sigurður Árni Þórðarson og Sólveig Anna Bóasdóttir skrifa um jólin


ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR


ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR


BALDUR KRISTJÁNSSON


HJALTI HUGASON


PÉTUR PÉTURSSON


SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR


SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON


SÓLVEIG ANNA BÓASDÓTTIR

Guðspjall jólanna er hápólítískt. Þar er ekki um að ræða einkamál heldur flytur það boðskap sem varðar allar manneskjur. Það varðar hvern einstakling og samfélagið í heild. Betlehem var hernumin borg. Var möguleiki á að þar væri staður til að finna frið á jörðu og velþóknun yfir mönnum?

Guðspjallið er ekki einkamál af því að í því er talað um FRIÐ Á JÖRÐU. Friður á jörðu er FRIÐUR Á JÖRÐU, ekki aðeins innri friður. Það er því ekki einfalt að boða jólaguðspjallið þannig að það verði trúverðugt í kristinni kirkju og veraldlegu samfélagi.

Kirkjan verður að taka raunverulegt ástand heimsins alvarlega eigi jólaguðspjallið að vera annað en ævintýri sem nærir viðkvæmar tilfinningar. Samfélagið þarfnast þess á hinn bóginn að einstaklingar finni innri frið. Á jólum og einmitt á jólum verðum við að þola óleystar deilur og megum ekki horfa fram hjá neyð annarra. Um leið þurfum við að huga að endurnæringu okkar sjálfra til að geta mætt kröfu kærleikans í gráum hverdeginum. — Þess vegna höldum við jól.

### Boð um að nálgast hið heilaga

Jólaguðspjallið er boð um að nálgast það sem er heilagt. Það er óvíst að hirðarnir hafi verið sérlega trúaðir eða heimspekilega sinnaðir. Flest okkar eru lík þeim í því. Þeir eru af þeim sökum prýðilegir fulltrúar fyrir þrá okkar eftir félagslegu réttlæti og innri ró. Þeir eru fínir boðberar þess að það er mögulegt að upplifa frið mitt í erli hversdagsins þrátt fyrir þann óróleika sem við búum við.

*Kirkjan verður að taka raunverulegt ástand heimsins alvarlega eigi jólaguðspjallið að vera annað en ævintýri sem nærir viðkvæmar tilfinningar.*

Það er ekki auðvelt að tala um frið á jörðu meðan borgarastyrjaldir og stríð geysa milli landa og trúarbragða. Í ár eru jól víða haldin í skugga fátæktar, ófriðar eða náttúruhamfara. Við höldum jól í framhaldi átaka á loftlagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þar er velmegun og minnkun útblásturs stillt upp sem andstæðum. Er það leið til að stuðla að friði á jörðu?

Í krefjandi samtíma, mikilli vinnu eða atvinnuleysi, kröfum sem við gerum til okkar sjálfra eða kröfum sem gerðar eru til okkar heima og heiman þurfum við stað þar sem við getum notið friðar. Við þörfnumst kyrrðar, þar sem við finnum tómarúmið fyllast af einhverju sem er öðruvísi en allt annað. Þess friðar leitum við um jólin.

### Friður en ekki raunveruleikaflótti

FRIÐUR Á JÖRÐU verður að þýða friður á jörðu fyrir þau sem þjást en ekki meiri neysla fyrir þau sem þegar hafa alltof mikið. FRIÐUR Á JÖRÐU verður að þýða friður okkar hvert með öðru sem felst í góðri samvisku. Góð samviska fæst einungis með ástundun réttlætis og sanngirni í samskiptum fólks.

Við getum með nokkrum sanni sagt að við séum hersetin þjóð og að við höfum verið það um skeið. Neysla og óhóf síðast liðinna ára hefur gert okkur valdalaus og ófrjáls.

Geta jólin hjálpað okkur mitt í hruni efnahags og siðferðis? Geta þau hjálpað okkur að spyrja hvað það er sem skiptir máli og hvað boðskapurinn um FRIÐ Á JÖRÐU þýðir?

Jólin felast í einfaldri frásögu, ævintýrablæ, jólasálmum, bænum, tækifæri til að gefa þeim sem mest þurfa á að halda. Við þörfnumst þessa tíma — ekki til að bæta fyrir allt sem miður hefur farið. Jólin vara einfaldlega ekki nógu lengi til þess. Við þurfum á hátíðinni að halda — ekki til að flýja raunveruleikann, heldur til þess að staldra við, hugleiða, þakka og sækja þrótt til að geta látið gott af okkur leiða.

Við óskum lesendum friðsælla jóla!

*Höfundar eru guðfræðingar.*




© Inter IKEA Systems B.V. 2009

IKEA®

**Verslunin opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
Lokað gamlársdag og nýársdag

**www.IKEA.is**

# Óvissuferð í boði iðnaðarráðherra

UMRÆÐAN

Sigmundur Einarsson skrifar um orkuöflun fyrir álver og gagnaver



SIGMUNDUR EINARSSON

Viðtal við Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra í Kastljósi þann 16. desember sl. um fyrirhugað gagnaver á Suðurnesjum vakti verðskuldaða athygli. Nokkuð hefur verið fjallað um viðtalið í fjölmiðlum þar sem aðkoma Björgólfs Thors Björgólfssonar að verkefninu hefur verið harðlega gagnrýnd.

En ég varð hugsi yfir því sem ráðherrann sagði um orkumálin. Hún sagði að raforkan fyrir fyrsta hluta gagnaversins ætti að koma úr landsnetinu þar sem nokkrir tugir megavatta ku ganga lausir. Þetta er einkum athyglisvert í ljósi þess að í framsöguerindi fulltrúa Norðuráls á fundi hjá Græna netinu þann 24. október sl. kom skýrt fram að þetta sama lausagöngurafmagn á að nota fyrir fyrsta áfanga álvers í Helguvík.

*Hvernig á að bjarga málunum ef orkan, sem enginn veit hvaðan á að koma, reynist ekki vera til? Á íslenska þjóðin að bæta á sig skaðabótum í björgunarsjóð fyrir eigendur ál- og gagnavera?*

Í öðru lagi sagði iðnaðarráðherra að það væru nýjar fréttir fyrir sig að Landsvirkjun horfði til virkjana í neðri hluta Þjórsár varðandi orkuna fyrir gagnaverið (allt að 140 MW). Ráðherra benti þess í stað á jarðhitasvæðin á suðvesturhorni landsins. Í lagafrumvarpi iðnaðarráðherra um málið kemur fram að gerður hefur verið samningur um raforku við Landsvirkjun. Iðnaðarráðuneytið hefur á undanförnum árum veitt Hitaveitu Suðurnesja (nú HS Orku) og Orkuveitu Reykjavíkur öll helstu rannsóknarleyfi á jarðhitasvæðum á suðvesturhorninu. Þar hefur Landsvirkjun enga aðkomu. Að auki hefur ráðherranum ítrekað verið bent á að orkan úr jarðhitasvæðunum á suðvesturhorninu dugar engan veginn fyrir álverið í Helguvík. Er ráðherrann algerlega úti að aka? Er hún kannski hætt við álverið?

Í þriðja lagi sagði iðnaðarráðherra að Rammaáætlun myndi ljúka í næsta mánuði og þá færi að skýrast hvað næst verður á dagskrá í virkjunarmálum hjá okkur Íslendingum. Þessi orð ráðherrans sýna glöggt að yfirsýn á málaflokkinn er ekki til staðar. Rammaáætlun skapar engar orkulindir og harla ólíklegt að hún opni leiðir inn á friðuð svæði. Nær allir aðrir orkukostir eru þegar í umræðunni og á það jafnt við um vatnsafl og jarðvarma. Ætli hún reikni með að friðun verði létt af Gullfossi, Dettifossi eða Torfajökulssvæðinu?

Undanfarna mánuði hef ég skrifað greinar um orkulindir þjóðarinnar í vefritið Smuguna (smugan.is – 1. október, 13. nóvember og 27. nóvember sl.). Þar tel ég mig hafa sýnt fram á að ef reist verða þau álver sem áformuð eru sunnan- og norðanlands muni þurfa að virkja nánast alla þá orku sem við eigum í háhitasvæðum. Fáir virðast átta sig á því að álverið í Helguvík þarf næstum 11-falda þá orku sem nú er framleidd í Kröfluvirkjun (11 x 60 MW = 660 MW) og álver á Bakka við Húsavík þarf nánast annað eins. Samtals er þetta liðlega 20-falt afl Kröfluvirkjunar. Álver á Bakka þarf nær alla tiltæka orku úr háhitasvæðum norðanlands, Þeistareykjum, Gjástykki, Kröflu, Námafjalli (Bjarnarflagi) og Fremrinámum og álver í Helguvík þarf alla orku sem eftir er í háhitasvæðum suðvestanlands, Reykjanesi, Eldvörpum, Svartsengi, Krýsuvík, Hengli, Ölkelduhálsi og Kerlingarfjöllum og dugar kannski ekki til. Ég hef óskað eftir svörum iðnaðarráðherra um það hvar eigi að fá orku til að knýja álverið í Helguvík en engin svör fengið.

Nú ítreka ég spurningu mína til iðnaðarráðherra. Hvaðan á 630 MW afl fyrir álver í Helguvík að koma og hvaðan eiga að koma 80-140 MW til viðbótar fyrir gagnaver á Suðurnesjum? Svör á borð við djúpborun og aðrar fjarlægar orkuhugmyndir eru ekki tekin gild og heldur ekki að Rammaáætlun muni redda málunum.

Og önnur spurning til vara. Hvernig á að bjarga málunum ef orkan, sem enginn veit hvaðan á að koma, reynist ekki vera til? Á íslenska þjóðin að bæta á sig skaðabótum í björgunarsjóð fyrir eigendur ál- og gagnavera? Hvernig væri að byrja á réttum enda í stað þess að æða áfram eins og víkingar í útrás? Ef svörin eru til ætti iðnaðarráðherra ekki að verða skotaskuld úr því að svara. Annars er illt í efni. Þetta reddast ekki einhvern veginn. Hinar óþrjótandi orkulindir Íslands eru hreint ekki óþrjótandi.

*Höfundur er jarðfræðingur.*

# Menntunarsnautt Ísland?

UMRÆÐAN

Ásthildur Erlingsdóttir skrifar um menntamál



ÁSTHILDUR ERLINGSDÓTTIR

Í enda árs blasir við sú staða skólanna að þeim er ætlað að skera niður um miklar fjárhæðir, í viðbót við það sem þegar búið er, stórt skarð á nú að höggva í fjarnámskennslu og öldungadeildir.

Hver á staða hins almenna borgara að vera hér á landi? Sjá stjórnvöld fyrir sér þær afleiðingar sem þetta skref kemur til með að hafa? Hvað varð um þann sannleika að menntun sé máttur! Eða á það bara að eiga við um hluta þjóðarinnar?

Fjarnám og dreifnám er mikilvægur hluti af menntakerfinu, einnig í Reykjavík. Þetta form menntunar er síst síðra en staðarnám og þarf sá er slíkt nám sækir að tileinka sér aga og skipulag, sem aftur skilar sér út í atvinnulífið. Þessi leið er sú eina sem margir geta leyft sér að velja, ef þeir vilja auka við menntun sína eða klára eldra nám.

Ekki má gleyma að stór hluti þjóðarinnar er ekki búsettur í Reykjavík. Það hafa ekki allir kost á þeim möguleika að sækja nám á höfuðborgarsvæðinu, eða að flytja búferlum og taka námslán til að afla sér menntunar. Á enn og aftur að þrengja að þeim sem búa á landsbyggðinni? Ef fjarnám leggst af, eða verður stórlega skert lokast fyrir námsmöguleika margra og mannauður tapast.

Á ég virkilega að trúa því að stefnan sé sú að byggja tónlistarhús með öllum þeim ófyrirsjáanlega kostnaði sem þeirri byggingu fylgir(svo eitt dæmi sé tekið), en svelta menntakerfið nánast til ólífis?

Eitt er að hækka skatta og ýmsar álögur á landsmenn, annað er að skera þannig niður í menntakerfi og heilbrigðiskerfi (það er efni í annan pistil) að það hrikti í stoðum þeirra. Er verið að ýta undir landflótta? Vitað er að þegar þrengir að, eykst álag á heilbrigðisþjónustuna og velferðarkerfið, ásamt því

*Eitt er að hækka skatta og ýmsar álögur á landsmenn, annað er að skera þannig niður í menntakerfi og heilbrigðiskerfi að það hrikti í stoðum þeirra.*

að fleiri vilja fara í nám.

Á að gera þeim sem sækjast eftir því að bæta stöðu sína , og þá um leið þjóðfélagsins, eins erfitt fyrir og hægt er? Er ekki einmitt þörf á að samfélagið styðji við menntunarmöguleika landsmanna? Það verður að gefa einstaklingunum rými til að þroskast og vaxa. Á þann hátt vaxa hér upp sterkir einstaklingar sem geta tekið á sig þær byrðar sem verið er að leggja á axlir landsmanna, þannig að möguleikar Íslendinga til menntunar ættu að vera jafnir, óháð búsetu. Við lifum á tækniöld, nýtum okkur þá möguleika sem tæknin býður upp á. Ekki setja menntun þjóðarinnar til baka um fjölmörg ár, slíkt verður okkur ekki til heilla.

*Höfundur er formaður fræðslu- og menningarmálanefndar Grundarfjarðar.*





**Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir:**

## Styrkir til náms og rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála

**Auglýst er eftir umsóknum um námsstyrki og verkefnastyrki**

Í boði eru styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi og styrkir til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála.

Heildarupphæð styrkja að þessu sinni er allt að 50 m. kr.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

Fyrirspurnir má senda á netfangið **orkurannsoknasjodur@lv.is**. Umsóknarfrestur er til **15. janúar 2010**.

Landsvirkjun



4BLS BÆKLINGUR
ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
ÍS FYRIR ALLA
LJÚFENGUR EMMESS ÍS Í BOÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
emmessís
ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM
FYRSTA GREIÐSLA 1. APRÍL 2010
RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁN
Tilboð gilda dagana 28-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur
OPNUNARTÍMAR
MÁNUDAG 10:00 - 19:00
ÞRIÐJUDAG 10:00 - 19:00
MIÐVIKUDAG 10:00 - 19:00
GAMLÁRSDAG 9:00 - 12:00
LOKAÐ 1-3 JAN 2010
OPNUM AFTUR 4. JAN KL 10:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA



20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

acer

# eMACHINE

## ACER SMÁTÖLVA

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 19" HD 16:9 1366x768 skjár
- Windows XP Home og fjöldi forrita
- Lyklaborð, mús og þráðlaust net

**79.900**

SMÁTÖLVA INNBYGGÐ Í 19" SKJÁ



20% AFSLÁTTUR

GIGABYTE

# GT220

## SKJÁKORT FRÁ GIGABYTE

- 1GB GDDR3 háhraða minni
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 40nm kjarninn er skilvirkari
- HDMI HDCP, DVI-I, VGA, Multi View
- Nvidia PureVideo HD tækni
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16
- Hljóðlát Fansink kælilausn

**14.320**

FJÖLDI SKJÁKORTA Á TILBOÐI

NÝ KYNSLÓÐ

ENN GLÆSILEGRI OG Á TILBOÐI TIL ÁRAMÓTA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



# HDMI1080i



NÝ SENDING

VAR AÐ LENDA AFTUR Á TILBOÐI TIL ÁRAMÓTA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

100% PIXLAR

100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám • Fylgir öllum nýjum skjám í Tölvutek

BenQ

# 24"LCD

## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

Stórglæsilegur 24" LCD FULL HD skjár frá Benq með 1920X1080 upplausn ásamt Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt á ótrúlegu tilboðsverði.

- 24" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 skerpa og Senseye tækni
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**34.900**

HVERGI BETRA VERÐ Á 24"

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LACIE FLÖKKURUM



LACIE

# 1TB

## LACIE FLAKKARI

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Nýi Grand diskurinn frá Lacie
- 33% hraðvirkari með USB Boost
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Sjálfvirkar afritunarstillingar
- Höggvarið glæsilegt álhús

**19.710**

10% AF ÖLLUM LACIE FLÖKKURUM



20% AFSLÁTTUR

## TURNKASSAR

20% AF ÖLLUM TURNKÖSSUM



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

## KASSAVIFTUR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR

## MÓÐURBORÐ

20% AF ÖLLUM MÓÐURBORÐUM



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MÚSUM

## MÝS Í ÚRVALI

LANDSINS MESTA ÚRVAL!



20% AFSLÁTTUR

## MÚSARMOTTUR

20% AF ÖLLUM MÚSARMOTTUM



10% AFSLÁTTUR

## PRENTARAR

10% AF ÖLLUM PRENTURUM

**JÓLAPAPPÍRINN** hefur líklega hrannast upp á heimilum undanfarið. Vert er að nefna að jólapappír má ekki setja í pappírsgáma. Sterkir litir pappírsins og þá sérstaklega gyllingin og glimmerskrautið gera það að verkum að hann er ódrjúgur til endurvinnslu. www.sorpa.is





FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447







"teg. Olimpia - mjög flottur push up í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 6.885,-



"teg. Karmazyn - glæsilegur push up í D,DD,E,F skálum á kr. 6.885,-"

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14




;ALLT NÁM




Margrét segir algjöra sprengingu hafa orðið í fjölda þátttakenda í gamlárshlaupinu á síðasta ári, en þá tóku 760 þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Margir langt frá sínu besta formi yfir veturinn

**Gamlárshlaup ÍR fer fram í 33. sinn í ár. Metþátttaka var í hlaupinu um síðustu áramót, en þá tóku alls 760 þátt. Formaður frjálsíþróttadeildar ÍR segir fjölgunina ekki einskorðast við hlaup.**

„Margir eru langt frá sínu besta formi yfir háveturinn og eru þá frekar í því að byggja upp þrek og slíkt. Þannig að almennt tekur fólk aðallega þátt til að hafa gaman af þessu," segir Margrét Héðinsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar ÍR. Árlegt gamlárshlaup félagsins fer nú fram í 33. sinn, en hlaupið hefur verið óslitið frá árinu 1976.

Að sögn Margrétar hefur hlaupið með tímanum orðið að föstum lið í áramótaundirbúningi margra. „Fólk er að mæta aftur og aftur, jafnvel heilu fjölskyldurnar," segir hún. „Þar spilar líka inn í að það er létt stemning yfir hlaupinu. Til dæmis hefur sú hefð skapast að margir þátttakenda mæti í alls kyns búningum og við veitum verðlaun fyrir þá skemmtilegustu og frumlegustu. Ég man til dæmis eftir að jólasveinar og snjókarlar hafi hlaupið, og þetta minnir oft á dimmisjónir í menntaskólum."

Fyrsta árið sem hlaupið fór fram voru þátttakendur tíu talsins, en árið 1991 voru þeir í fyrsta sinn fleiri en hundrað. Síðan hefur þátttakan aukist jafnt og þétt og varð metþátttaka á síðasta ári. „Það varð algjör sprenging í fyrra og þátttakendur voru alls 760 talsins," segir Margrét. „Við höfðum einungis undirbúið okkur fyrir þrjú til fjögur hundruð þátttakendur og því lentum við í algjöru veseni í markinu. Það varð bara teppa," segir Margrét og hlær.

Hún segir þessa fjölgun þátttakenda ekki einskorðast við hlaupin. „Það hefur verið mikil fjölgun í frjálsum íþróttum yfirhöfuð. Til að mynda hefur þátttakendum á krakkamótinu okkar í ÍR fjölgað úr hundrað í sex hundruð á örfáum árum."

Rásmarkið er við gatnamót Hólavallagötu og Túngötu. Hlaupið er vestur í bæ um Tryggvagötu og út á Lindarbraut á Seltjarnarnesi, til baka um Ægisíðu og Suðurgötu að endamarki við Ráðhúsið í Tjarnargötu.

Hægt er að skrá sig á síðunni hlaup.is til miðnættis 30. desember. Á hlaupdegi verður hægt að skrá sig á staðnum í Ráðhúsinu frá klukkan 10.30 þar til 15 mínútum fyrir hlaupið, sem hefst klukkan tólf á hádegi. Vegalengdin er tíu kílómetrar.

*kjartan@frettabladid.is*




**SPÆNSKUR SIÐUR** er að borða tólf vínber á miðnætti til að öðlast lukku á nýju ári. Tilvalið er að leyfa krökkum að borða vínberin úr kampavínsglasi meðan þeir fullorðnu skála í freyðivíni.





Hárauður hattur fyrir drottningar áramótanna. Hókus pókus.



Hárauðir hanskar við ermalausan kjól fullkomna áramótadressið. Hókus, pókus.



Dularfulla rauða konan dillar mjöðmunum í áramótapartýinu. Hókus pókus.

# Áramótasprengja

**Gleði, glens og gaman eru fylgifiskar áramótanna. Skrautlegir hattar, grímur og sprengjur eru þar ómissandi hluti vel heppnaðs kvölds.**

Það eru að koma áramót. Árið 2010 er að renna upp. Falleg tala og full af fyrirheitum. Við fyllumst fögnuði og bregðum á leik. Sprengjum upp gamla árið, setjum á okkur hatta, svöl gleraugu, skvettum úr klaufunum og skálum fyrir nýju ári.



Horfðu á heiminn í gegnum önnur gleraugu, til dæmis í gegnum glasagleraugu úr Partýbúðinni.



Þetta diskóbindi slær í gegn, það verða allir karlmenn að stjörnum sem það ganga með, Partýbúðin.




Glæsilegur áramótabakki fyrir snakkið, Partýbúðin.




Það geta allir gengið með hatta og það vel skrautlega um áramótin, Partýbúðin.



Sprengdu allt í loft upp! Partýbúðin.



Flott kampavínsglös úr plasti, Partýbúðin.



# Tónlist og tal róar dýrin

**Ýmislegt er hægt að gera til að gera dýrum lífið bærilegra á gamlárskvöld þegar sprengingarnar duna.**

Gæludýr verða oft yfir sig hrædd þegar árið er sprengt út með hávaða og látum en róleg tónlist í kringum þau getur dregið úr angistinni. Sama gildir um hross. Gott ráð að hafa þau inni við og kveikja á útvarpi eða hljómflutningstækjum hjá þeim.

Hundar verða almennt hræddari við sprengingarnar en kettir og til að minnka stressið hjá þeim er gott að fara með þá í góðan göngutúr utan þéttbýlis fyrri part gamlársdags. Þegar mestu ósköpin ganga á um kvöldið er ráðlegt að draga fyrir glugga því dýrin óttast bæði hvellina og ljósin sem af flugeldunum stafa. Ekki er gott að sýna dýrunum of mikla vorkunnsemi heldur tala til þeirra og veita þeim þannig öryggi.



Huga þarf að ferfætlingunum þegar flugeldar og bombur springa.




Söluaðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan
www.weber.is


# Fundnir upp á 7. öld

**Kínverjarnir sem springa án afláts á þessum tíma árs eiga ekki langt að sækja nafnið.**

Óljóst er hvenær púður var fundið upp en víst er að þar voru Kínverjar að verki. Flugelda er fyrst getið í heimildum í Kína frá 7. öld eftir Krist en þá voru háværir hvellirnir notaðir til að fæla burtu illa anda.

Á 3. öld eftir Krist uppgötvuðu Kínverjar að ef grænum bambussprotum var hent á bál þá sprungu þeir með miklum látum. Þetta gerist vegna loftfylltra poka sem myndast í bambusnum vegna þess að hann vex svo hratt. Á sjöundu öld segja heimildir frá kínverskum alkemistum sem höfðu fundið upp púður sem brann með miklum loga. Það innihélt saltpéturssýru, brennistein og kol. Fljótlega var farið að fylla bambushólka með púðrinu og sprungu þeir með hvelli og blossa.

Á þrettándu öld hófu Kínverjar að búa til hylki úr stífum pappa sem þeir höfðu opið í annan endann. Stýrisuggar voru settir á hylkið og fyrsti flugeldurinn tók sig á loft. Ítalir og Bretar tóku síðar við keflinu og þróuðu flugelda eins og við þekkjum þá í dag. *- ve*



Á sjöundu öld var farið að fylla bambushólka með púðri og sprungu þeir með hvelli og blossa.

## Nýársminningar geymdar í bók

ÁRIN FLJÚGA ÁFRAM OG STUNDUM ER ERFITT AÐ MUNA HVAÐ GERÐIST UM HVER ÁRAMÓT. ÞÁ ER GOTT AÐ FINNA LEIÐ TIL AÐ HALDA UTAN UM MINNINGARNAR.

Gamlárskvöld er mörgum eftirminnilegt. Flugeldar, fjölskyldan, vinir, kampavín, söngur og góður matur. Hættan er þó sú að minningum hinna fjöldamörgu ára verði ruglað saman. Hverjir voru í hvaða partíi og hvenær, hvaða matur var á boðstólum og þar fram eftir götunum.

Góð leið til að halda utan um áramótaminningar er að búa til sérstakt áramótamyndaalbúm. Þar er hægt að geyma myndir sem teknar eru á gamlárskvöld og nýársdag. Jafnvel mætti bæta þar inn í jólamyndunum. Þar með væri þar komin stór bók með heimildum um jóla- og áramótahald fjölskyldunnar sem börnin og barnabörnin hefðu gaman af.




Stelpur Konur
TT námskeið
Staðurinn - Ræktin

Námskeið hefjast 11. janúar
Innritun hafin í alla TT flokka, sími 581 3730
Gleðilegt nýtt ár!

TT átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri

TT tímar í boði:
6:15 – mán, mið, fös
7:20 – mán, mið, fös
10:15 – mán, mið, fös - Barnapössun
12:05 – mán, mið, fös - Barnapössun
14:20 – mán, mið, fös
16:40 – mán, mið, fös - Barnapössun
17:40 – mán, mið, fös - Barnapössun
18:25 – TT3 mán, mið - (16-25 ára)
18:40 – TT3 mán, þri - (16-25 ára)
19:25 – mán, mið, fim (18:25)

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 10. janúar kl. 15:00 og 16:00

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

SUSHI PARTÝ
Sushi partýbakkar fyrir hátíðarnar
Tilvalið í áramótaveisluna
Allar pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara.
Sushi bakkar fyrir áramótapartýið eru útbúnir á gamlársdagsmorgun og afgreiddir á gamlársdag á milli kl. 11 og 14
Sushi bakki með...
30 bitum kr. 3990
50 bitum kr. 6500


NINGS
www.nings.is
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899



Yrsa með hundana sína Pillu og Palla fyrir framan skrautlegt jólatréð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skreytir greinar þrjú þúsund jólaljósum

**Yrsa Sigurðardóttir er kona sem hugsar stórt. Einu sinni hafði hún þrjú jólatré í stofunni hjá sér en nú hefur hún aðeins eitt. En þetta aðeins eina er reyndar risastórt og það skreytir hún hvorki meira né minna en með 3.000 jólaljósum!**

Mér finnst jólin rosalega skemmtileg og hef gaman af því að skreyta,“ segir glæpasagnahöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir, sem einmitt gefur út sína tíundu bók nú fyrir jólin.

„Er það satt sem ég hef heyrt að þú kaupir alltaf risastórt jólatré og skreytir það með 3.000 ljósaperum,“ spyr blaðamaður ísmeygilega eins og það sé einhver glæpur. „Já, já, það er alveg satt,“ játar Yrsa eins og ekkert sé eðlilegra. „Þetta byrjaði þannig að í garðinum okkar voru svo mörg jólatré að hann þurfti að grisja. Maðurinn minn og ég felldum þrjú og færðum þau inn í hús og skreyttum.“ Blaðamaður hváir og ósjálfrátt missir hann út úr sér: „Þrjú?“ Yrsa lætur það ekkert á sig fá og heldur áfram. „Já, þrjú og við skreyttum þau öll. Þetta var mjög jólalegt. En þetta voru bara þessi einu jól en eftir þau átti ég svo mikið af jólaljósum og skrauti að ég ákvað að kaupa eitt stórt jólatré og skreyta það. Ég skreyti það mjög þétt og já, það fara að minnsta kosti um 3.000 ljósaperur á það en það er afskaplega fallegt og þess virði, þótt fingur verði aumir og rispaðir í nokkra daga,“ segir hún og hlær.

Það er ljóst að Yrsa er ein af þeim sem sitja aldrei með hendur í skauti. Þegar hún er ekki að vinna sem verkfræðingur, þá skrifar hún glæpasögur og þegar hún er búin að senda frá sér bók tekur við annað risastórt verkefni – sem sagt skreyting jólatrés sem myndi sóma sér vel á hvaða jólatrésskemmtun sem er. „Jú, jú, ég tek mér frí á aðfangadag,“ segir hún og hlær.

„Desembermánuður er oft annasamur ef ég er að gefa út bók eins og núna, en það er glæpasagan, Horfðu á mig. Það þarf að fylgja bókunum úr hlaði og jafnvel þótt þetta sé tíunda bókin mín þá virðist ég seint venjast þessu. Mér finnst alltaf jafnskrítið að sjá



Mikið verk er að skreyta jólatréð fína en Yrsa telur það ekki eftir sér þó fingur hennar verði aumir og rispaðir.

umfjöllun um mig eða bækurnar mínar í fjölmiðlum.“

En ætlarðu einhvern tímann að skrifa glæpasögu sem gerist um jól? „Ja, ég bara veit það ekki. En reyndar er bókarkápan í ár mjög hátíðleg en það er reyndar bara tilviljun. En jú, glæpir gerast líka um hátíðir.“

*unnur@frettabladid.is*







## Bókhald

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Vöruflutningar

**Flutningar...**
Og alhliða sendibílaþjónusta S. 892 6363 og á www.vefsida.is/skutlari.

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

**Smíðum eftir máli**
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
Sérhæfð trésmiðja!

**Hurðir & gluggar**
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • Fax 565 4129
eljo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun**

## Spádómar

**ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIÐILL**
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

**www.orlagalinan.is**
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
**595 2001 & 908 1800**

**Steinunn 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro**

**Kærleiks-ljósið**
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA **566 7311** EURO

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 16.00. Alla daga.

## Skemmtanir

Leigjum út veislusal sem rúmar 120 í sæti. Fyrir þorrablót, giftingar ofl. Með eða án veitinga. Hestamannafélagið Gustur. Uppl. í s. 897 8573.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
**Fljót og góð þjónusta**
Sími 893 1733
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í HP, Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is

# KEYPT & SELT

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13, Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Verslun

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**

LYKILL AÐ GÓÐU SAMBANDI
**TANTRA**
EROTÍSK VERSLUN

Vasaljósa múffurnar komnar aftur með eða án titrara. Besta verðið í bænum!
Opið mán-fös 12-20
Laugardaga 12-18 & í Hlíðasmára á sunnud. 12-18
FÁKAFEN 11
HLÍÐASMÁRI 13
s. 588 6969 & 587 6969
WWW.TANTRA.IS
www.facebook.com/tantraverslun

## Fyrirtæki

Óska eftir fyrirtækjum til kaups með miklum skuldum áhvílandi. Farið er með öll mál sem trúnaðarmál. Uppl. sendist á jardvegur@talnet.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantratemple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**NÝTT NÝTT NÝTT DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tíbet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941

**J. B. HEILSULIND Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-laus. Pantanir í S. 445 5000. Velkomin.

## Snyrting



**Ert þú með þurrar og/eða sprungnar hendur/fætur í kuldanum? O'Keeffe's viðgerðarkremin eru lausnin**
**Kremin fást í flestum verslunum Lyfju, Apótekinu, Árbæjarapóteki, Lyfjaveri Suðurlandsbraut Lyfjavali í Mjódd, Laugarnesapóteki, Snyrtistofunni Laufið í Reykjanesbæ og Snyrtistofu Grafarvogs.**

**Snyrtistofan Þema Hafnarfirði. Ís - Undur ehf. www.isundur.is**

## Ýmislegt

**Linsur - Hagstætt verð**
**Dagslinsur 2.490 kr pk. Optic Reykjavík ehf. Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins S. 552 2002. Linsumátun & sjónmælingar. Láttu aðra vita!**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LMH.IS**
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150
Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**STAY APARTMENTS**

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

3ja herb íbúð til leigu 100 fm í v. Kóp. laus. Reyklaust/engin gæludýr. Uppl. í s. 692 7031 e. kl. 16.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdíoíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 54 þ. S. 663 5791.

Góð einstaklings íbúð í kóp. stutt í alla þjónustu. s. 863 0415.

Til leigu rúml. 60 ferm 3 ja. herb íbúð á jarðhæð í 109. Laus. 95000 pr. mán hiti innifalinn. Aðeins reykl. og reglusamir. Uppl. í s. 6988980

75 fm íbúð til leigu í Mosfellsbænum. Laus 1. janúar Upplýsingar í síma 821 5344.

180 fm einbýli til leigu í 203 Kóp. Glæsileg staðsetning, stór lóð, 3 svefnherb. Leiga 180 þ. á mán. + rafm. og hiti. Uppl. í s. 896 5430.

130 fermetra íbúð,5 herbergi í miðbæ Keflavík. Leiga 120 000kr. Sími 820 9560, Sævar.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

## Húsnæði óskast

3herb. ca.100fm. Traust - barnl./reykl. Lágm. 1 ár. Eing. snyrtilegar eignir koma til greina email 112rvik@gmail.com

## Fasteignir

Óska eftir að kaupa fasteignir með miklu áhvílandi. Tilboð sendist á jardvegur@talnet.is

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðarbil, frá 85 ferm og uppúr til leigu. Einnig til leigu rými á 2 hæð sem hentar fyrir létta starfsemi, lager og skrifstofur. Hagstæð leiga. uppl 822 4200.

Óska eftir að kaupa atvinnuhúsnæði með miklu áhvílandi. Tilboð sendist á jardvegur@talnet.is

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

**stracta**
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Pólýhúðun**
Powder coating
óskar eftir starfsmanni til iðnaðarstarfa. Uppl. í síma 544 5700 eða á Smiðjuvegi 3 Kópavogi eða polyhudun.is.

Starfsfólk óskast strax á nuddstofu. Í nudd, afgreiðslu, hreingerningar og matseld. Íslensku og enskumælandi. Vinnutími 12-18. Uppl. s. 823 8280.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**Við erum til fyrir ykkur, hringdu, við bíðum!**

**Elskum að daðra.**

**908 1616.**

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki






**vísir.is**

"...ég sá það á vísi"


Atvinna

ICE FRESH SEAFOOD

*Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Evrópu, með víðtæka starfsemi víðsvegar um heim. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum verksmiðjum í landi.*

# Gæða- og framleiðslumál

**Samherji leitar eftir starfsmanni í gæða- og framleiðslumál fyrir skip félagsins í Evrópu.** Starfið fer að hluta til fram úti á sjó, viðkomandi þarf að vera 80-100 daga á sjó á hverju ári og fer þá á milli skipa og samræmir gæði og framleiðslu skipa fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur**
- Góð enskukunnátta
- Þýskukunnátta mikill kostur
- Kunna á Excel
- Hafa reynslu til sjós á vinnsluskipum, helst erlendis
- Þekking á gæðamálum
- Skilyrði að geta unnið sjálfstætt
- Snyrtimennska
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknir berist til Önnu Maríu, starfsmannastjóra Samherja hf anna@samherji.is**

# UNGT FÓLK TIL ATHAFNA



# RÁÐGJAFAR

**Vinnumálastofnun leitar eftir sérfræðiráðgjöfum fyrir þjónustuskrifstofur stofnunarinnar á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum til starfa að ráðgjöf við ungt fólk í atvinnuleit. Ráðningin er tímabundin í allt að eitt ár.**

**Starfssvið**
- ráðgjöf við atvinnuleitendur
- skipulag og þróun úrræða fyrir atvinnuleitendur
- önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- háskólanám í náms- og starfsráðgjöf, félagsráðgjöf, sálfræði eða sambærilegt nám
- góð þekking á vinnumarkaði og menntakerfinu
- reynsla af ráðgjafastörfum er kostur
- góð tungumálakunnátta, m.a. í ensku og einu Norðurlandamáli
- góð tölvukunnátta
- mikil samskiptahæfni
- framtakssemi, sjálfstæði og skipulagshæfni

Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins er staðsett í Reykjavík og þjónustuskrifstofa á Suðurnesjum er í Reykjanesbæ. Ráðgjafar stofnunarinnar þjóna atvinnuleitendum í öllu umdæmi skrifstofanna og þeirra bíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggilegum samstarfshópi.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar, **www.vinnumalastofnun.is**

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Hugrúnar B. Hafliðadóttur starfsmannastjóra Vinnumálastofnunar, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið hugrun.haflidadottir@vmst.is fyrir **5. janúar 2010**.

**Nánari upplýsingar veita:**

Hrafnhildur Tómasdóttir í síma 515 4850
og Hugrún B. Hafliðadóttir starfsmannastjóri í síma 515 4800.

VINNUMÁLA STOFNUN

## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Klapparhlíð - 4ra herbergja



99,9 fm, 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, opið eldhús og stofu. Einnig fylgir íbúðinni sérgeymsla. Stutt í skóla, leikskóla, sund/líkamsrækt og golf. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 21,5 m.** 3576

### Klapparhlíð - 4ra herbergja



Mjög falleg og rúmgóð 2ja herbergja, 90,9 fm íbúð, á 3ju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Fallegar flísar og askur á gólfum, baðherbergi með sturtuklefa og handklæðaofni og stórt hjónaherbergi. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu og stórar svalir**. Íbúðin er laus til afhendingar strax. V. 24,5 m.** 3441



**Hjallahlíð + Bílskúr**
3-4ra herbergja, 94 m2 íbúð á jarðhæð með sérinngangi í litlu fjórbýli ásamt 27,7 m2 bílskúr við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö rúmgóð svefnherbergi( auðvelt að bæta við svefnherbergi), baðherbergi, rúmgóða stofu og borðstofu og eldhús. **V. 25,7 m.** 4754



**Esjugrund - Kjalanes**
178,4 m2 einbýlishús með bílskúr á fallegri sjávarlóð við Esjugrund á Kjalarnesi. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Verönd og góður garður í suðvestur með gríðarmiklu útsýni yfir Faxaflóann og til Reykjavíkur. **Húsið er nýmálað að innan og laust til afhendingar! V. 32,5 m.** 4712

### Reykjavík



**Hrísrimi - 4ra herbergja**
Falleg og björt 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara við Hrísrima í Reykjavík. Íbúðin er skráð 95,9 m2 og bílastæði í lokuðum bílakjallara 21,0 m2. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, geymslu, þrjú svefnherbergi, eldhús og stofu. Við hlið inngangs er góð útigeymsla. **V. 24,7 m**. 4775



**Bárugrandi - 3-4ra herbergja**
Falleg og björt 3-4ra herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara á fallegum stað við Bárugranda í Reykjavík. Íbúðin er skráð 86,6 m2 og bílastæði í lokuðum bílakjallara 24,1 m2. Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu. **Lækkað verð. V. 22,5 m.**

### Kópavogur



**Baugakór - 3ja herbergja**
96,4 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt bílastæði í bílageymslu við Baugakór 1 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, 2 góð svefnherbergi, baðherbergi með baðkari og sér þvottahús. Stórar svalir í suðurátt.
**V. 23,9 m.** 4779

### Krossalind - Parhús





Mjög glæsilegt og vandað parhús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr við Krossalind í Kópavogi. Efri hæð: forstofa, gestabaðherbergi, eldhús, stofa og borðstofa. Mikil lofthæð er á efri hæðinni og glæsilegt útsýni. Bílskúrinn er 26,6 m2. Neðrihæð: hjónaherbergi, 3 rúmgóð barnaherbergi, gott vinnuherbergi, þvottahús og baðherbergi. **V. 54,8 m**. 4765

### Strandvegur 6, íbúð 107






Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja, 112,5 m2 íbúð á jarðhæð með sérgarði og bílastæði í bílageymslu við Strandveg 6 í Garðabæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. **V. 29,5 m.** 4778
**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL 17:30 TIL 18:00 AÐ STRANDVEGI 6,ÍBÚÐ 107**

### Langalína 7, íbúð 204






Sérlega falleg og vel innréttuð 116,1 fm útsýnis íbúð á annari hæð í lyftuhúsi, tvennar svalir og stæði í bílageymslu við Löngulínu 7 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofugang, 2 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu, borðstofu og eldhús. **Eignin er laus til afhendingar! V. 31,5 m.** 4768
**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL 17:30 TIL 18:00 AÐ LÖNGULÍNU 7,ÍBÚÐ 204**

## Tilkynningar

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# 1TB

**HDMI EDITION • 1080i**

Nýi Argosy HDMI marmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum, spilar af öðrum flökkurum og USB lyklum

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Spilar kvikmyndir í meiri gæðum
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ljósmynda SlideShow með tónlist
- Spilar beint af öðrum flökkurum með USB
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, RGB, USB ofl. tengi

**29.900**

ÞETTA VERÐ ER AÐEINS Á ÚTSÖLU ÁRSINS

30% AFSLÁTTUR



# 2010

**INTERNET SECURITY**

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- 20% hraðvirkari Trend 2010 leitarvél
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangstýring barna á netinu
- Má setja upp á 3 tölvur

**3.490**

ÖFLUG VÍRUSVÖRN FRÁ TREND

WINDOWS 7 MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM 9.990



# WINDOWS 7

**HOME PREMIUM UPPFÆRSLA**

- Nýtt einfaldara og þægilegra viðmót
- Ræsir forrit og finnur gögn hraðar
- Meiri hraði og áreiðanleiki á netinu
- Auðvelt að deila prentara og gögnum
- Póstforrit og gott myndvinnsluforrit
- Bæði 32-BIT og 64-BIT útgáfa fylgir

**12.900**

AÐEINS TIL ÁRAMÓTA

20% AFSLÁTTUR TAKMARKAÐ MAGN



COBY MP610

# 2GB MP3

- 1.8" LCD hágæða litaskjár
- 2GB minni, allt að 500 lög
- Stílhreint og gott stjórnborð
- Spilar MP3, WMA ofl tónlist
- Innbyggð hleðslurafhlaða
- FM útvarp, heyrnartól og hulsa

**6.990**

20% AF ÖLLUM MP3 SPILURUM

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR



LACIE

# 1TB

**LaCie LaCinema Classic HD**

Glæsilegur HD 1080P margmiðlunarspilari frá LaCie sem spilar tónlist og kvikmyndir í mestu mögulegu gæðum beint yfir net, af USB flakkara eða minnislykli.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb. netkorti
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, Optical, USB, LAN, ofl.

**49.900**

ÞESSI SPILAR ALLT!



50% AFSLÁTTUR

## MINNISKORT

50% AF ÖLLUM MINNISKORTUM



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

## HÝSINGAR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR

## HEYRNARTÓL

20% AF MICROSOFT HEYRNARTÓLUM



20% AFSLÁTTUR

## HLJÓÐKORT

20% AF ÖLLUM HLJÓÐKORTUM



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

## VEFMYNDAVÉLAR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR

## MINNISLYKLAR

20% AF ÖLLUM USB MINNISLYKLUM

4BLS BÆKLINGUR



20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 8 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 8 TÍMA

ÓTRÚLEGA NETT 1.8KG

SEC005

# BUTTERFLY

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ótrúleg hönnun á þessari örþunnu, fisléttu fartölvu sem er aðeins 1.8kg með 13.3" HD LED skjá og 8 tíma rafhlöðuendingu

- Intel Core 2 Solo SU3500 1.4 GHz
- 3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 13.3" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth
- Glæný rafhlöðutækni allt að 8 tímar
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

packard bell

**129.900**

STÆKKAÐU Í WINDOWS 7 KR.9.990.



ALLT AÐ 30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL

ANC229

packard bell

# DOT.m

- Athlon 64 L110 Single Core HT
- 2GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 11.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI Radeon X1270 skjást.
- 54Mbps þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 5 tímar
- 0.3MP vefmyndavél og Digital MIC
- Windows VISTA Home Premium

**79.900**

ÖFLUG FISTÖLVA AÐEINS 1.3 KG



ALLT AÐ 30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL

CU-245

packard bell

# TJ61

- AMD Dual Core X2 QL65 2.1GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

**119.900**

STÆKKAÐU Í WINDOWS 7 KR.9.990.



ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ACER FARTÖLVUM

VERÐVÖRN Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur Þá lækkum við okkar verð á staðnum

ÖRÞUNN OG FISLÉTT

acer

5410

# 5534

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Örþunn, fislétt og stórglæsileg fartölva frá Acer með alla nýjustu tækni og 15.6" HD LED Cinema skjá fyrir enn betri mynd.

- AMD Athlon TF-20 1.6GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD3200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**89.900**

ÖRÞUNN OG FISLÉTT FARTÖLVA

## RÝMINGARSALA • NÝJAR FARTÖLVUR • SÝNINGAREINTÖK



VERÐ FRÁ 49.900 LANDSINS MESTA ÚRVAL

ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

| | |
|---|---|
| MÁNUDAG | 10:00 - 19:00 |
| ÞRIÐJUDAG | 10:00 - 19:00 |
| MIÐVIKUDAG | 10:00 - 19:00 |
| GAMLÁRSDAG | 9:00 - 12:00 |

LOKAÐ 1-3 JAN 2010
OPNUM AFTUR 4. JAN KL 10:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Eyðist það sem af er tekið

**UMRÆÐAN**
Herdís Þorvaldsdóttir skrifar um umhverfismál


HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Íslenska plöntuflóran, er fátæk og smávaxin á móts við nágrannalöndin.

Auk þess hefur hún þurft að búa við stjórnlausa beit nagdýra um aldir, svo að nú er svo komið að margar eru í útrýmingarhættu og margar þyrftu gjörgæslu við, oft þær viðkvæmustu og fallegustu, segir í riti Náttúrufræðistofnunar. Hvað er svo gert þeim til bjargar?

Frá Alþingi koma af og til ályktanir um friðun vissra plöntutegunda, tóm sýndarmennska.

*Hér er ekki nokkurt eftirlit með þessari starfsemi, hver sem vill getur stofnað sitt fyrirtæki og tínt plöntur úr villtri náttúrunni eftir þörfum.*

Hvernig er hægt að friða plöntur þar sem lausaganga búfjár, viðgengst á landinu. Hver ætlar að tilkynna u.þ.b. 1.000.000 skepnum sem fara á beit upp um fjöll og firnindi hvaða blóm þær megi ekki bíta? Nú er komin önnur vá sem steðjar að plöntunum. Áður fyrr tíndi fólk smávegis af plöntum fyrir sig og sína sem er sjálfsagt. Á undanförnum árum hafa sprottið upp fyrirtæki um allt land sem vinna vörur úr íslenskum jurtum og selja til útlanda og þurfa því ógrynni af plöntum í sína vinnslu. Þessar plöntur eru tíndar úti í villtri náttúrunni á sumrin, svo þær ná aldrei að sá sér að haustinu. Hvað skyldu margar vera eftir á tínslusvæðunum eftir margra ára tínslu margra fyrirtækja? Ég sá í amerísku tímariti að fyrirtæki sem vinna úr plöntum þyrftu að rækta sínar plöntur sjálf. Við viljum gjarnan hafa blómplöntur í vistlandinu okkar. Hér er ekki nokkurt eftirlit með þessari starfsemi, hver sem vill getur stofnað sitt fyrirtæki og tínt plöntur úr villtri náttúrunni eftir þörfum. Eitt fyrirtækið sagði í viðtali að það þyrfti nokkur tonn af jurtum það haustið og sendi fólk til að tína og borgaði því vel fyrir kílóið.

Væri ekki lágmark að fyrirtækin þyrftu að tilkynna hvað mikið þau tíndu og hvar, svo hægt væri fylgjast með ástandinu á svæðunum. Eyðist sem af er tekið ef ekkert kemur í staðinn.

Vinsamlegast, náttúruvernd og tínslufólk hafi samráð og skoði hvað er að gerast í plöntuflórunni.

*Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.*






# Þingmenn taki höndum saman

**UMRÆÐAN**
Bjarni Gunnarsson skrifar um Icesave


BJARNI GUNNARSSON

Icesave tapið er ekki stærsta tapið í fjármálakreppu okkar Íslendinga, en það er orðið stærsta málið í umræðunni og þá sérstaklega á Alþingi. Í byrjun umræðunnar hélt ég að málið snerist um að hve miklu leyti við ættum að ábyrgjast/borga innistæðutryggingar vegna Icesave (rúmar 20.000 evrur á reikning) og er sú upphæð oftast talin vera um 750 ma.kr. Nú þykist ég skilja málið þannig að forgangskrafan sé allar innistæðurnar, rúmir 1.300 ma.kr, og að þar innanborðs séu 750 ma.kr. vegna innistæðutrygginganna. Þá er nú áætlað að eignir gamla Landsbanka nemi um 1.180 ma.kr, eða tæpum 90% af forgangskröfunni, og þar af leiðandi eigum við bara 90% upp í 750 ma.kr. kröfuna og vantar þar upp á 75 ma.kr. sem við/ríkið þarf að borga. Auk þess eigum við að borga vexti af gjaldfallinni Icesave skuldinni og er nefnt að vaxtaupphæðin sé 100-150 ma.kr. og eftir því þurfum við/ríkið að borga um 200 ma.kr. vegna Icesave reikninganna.

*Ég skora hér með á Alþingi Íslendinga og ríkisstjórnina að sameinast um þá kröfu að í skaðabætur fyrir hryðjuverkalögin og gallað fjármálaumhverfi greiði Bretar og ESB þá vexti sem nú stendur til að við borgum samkvæmt samningnum.*

Ég er nokkuð viss um að flestir landsmenn telja eðlilegt að allar eignir gamla Landsbankans/1.180 ma.kr. fari til að greiða Icesave innistæðutryggingakröfurnar/750 ma.kr, vexti vegna þeirra og svo aðrar forgangskröfur, en það svíður að við/ríkið séum að borga áðurnefnda 200 ma.kr.

Ég er ósáttur við þann málflutning sem heyrist frá Alþingi þar sem sumir þingmenn stjórnarandstöðunnar saka jafnvel ríkisstjórnina um landráð vegna fyrirliggjandi Icesave samninga. Grundvöllur þessara samninga er minnisblað um málið sem við vorum neydd til að gangast undir og allan tímann síðan hangir yfir okkur hótun um að okkur verði úthýst fjármálalega séð næstu árin ef við samþykkjum ekki fyrirliggjandi samning. Ég er viss um að ríkisstjórnin hefur gert það sem hægt er til að bæta samninginn í þá veru sem Alþingi samþykkti, en samningsaðilinn stendur fast á móti með stórt bakland flestra Evrópuríkja sem vilja láta okkur borga sem mest af skuldum föllnu bankanna.

Ég vil hérna velta upp tillögu sem gæti verið lokatilraun til að ná íslenskri samstöðu um málið og jafnframt tilraun til að ná betri niðurstöðu í málinu. Hún byggir á því að hrun okkar er að hluta til vegna þess að fjármálaumhverfi ESB er gallað og svo var það gífurlegt áfall fyrir íslensku þjóðina þegar Bretar settu á okkur hryðjuverkalögin og er hart ef við fáum engar bætur fyrir þann gjörning.

Ég skora hér með á Alþingi Íslendinga og ríkisstjórnina að sameinast um þá kröfu að í skaðabætur fyrir hryðjuverkalögin og gallað fjármálaumhverfi greiði Bretar og ESB þá vexti sem nú stendur til að við borgum samkvæmt samningnum. Þessi upphæð er stór fyrir okkur, en mjög lítil fyrir Breta (t.d. 100 ma.kr. í skaðabætur vegna hryðjuverkalaganna) og ESB (t.d. 50 ma.kr. í aðstoð vegna gallaðs fjármálaregluverks). Síðan ætti ríkisstjórnin að fara fram á að fá fund með æðstu ráðamönnum Breta og ESB til að ræða þessa kröfu okkar og þá vildi ég sjá stjórnmálaforingjana fimm (Jóhönnu, Steingrím, Bjarna, Sigmund og Birgittu) fara saman á þennan fund til að leggja áherslu á þetta mál og sýna um leið samstöðu okkar í þessu hörmungar máli. Þá væri samkomulag um það að við frestuðum umræðum á Alþingi um Icesave þar til eftir að þessi fundur hefur farið fram.

Ef Bretar og ESB neita að leysa málið á þessum nótum, er fullreynt að ná betri niðurstöðu í málinu og um leið komið á hreint að þarna fara litlir vinir okkar og eru þá með taldar flestar Norðurlandaþjóðirnar samanber síðustu fréttir um tafir afgreiðslu lána AGS. Þá er málið og aftur komið til kasta Alþingis, en þá ættu alþingismenn ekki lengur að þræta um hvort ná mætti betri samningi, heldur væri kosið um það hvort við kyngjum fyrirliggjandi samningi og reynum að borga í batnandi fjármálaumhverfi eða hvort við fellum samninginn og tökum slaginn fyrir dómstólum í frosnu fjármálaumhverfi sem þá bíður okkar.

*Höfundur er verkfræðingur.*




# Ný atvinnutækifæri í Reykjavík

**UMRÆÐAN**
Dofri Hermannsson skrifar um atvinnumál


DOFRI HERMANNSSON

Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er með því hæsta sem gerist í landinu og brýnt að borgaryfirvöld leiti allra leiða til að draga úr þeim vanda. Skortur á atvinnu er mestur í byggingariðnaði, hjá fólki með sérfræðimenntun og í verslun og þjónustu.

Ljóst er að á tímum þegar sveitarfélög íhuga alvarlega að draga úr kennslu grunnskólabarna til að ná endum saman þarf að hugsa út fyrir rammann til að örva atvinnulífið. Hér verður gerð heiðarleg tilraun í þá átt.

**Niðurfelling fasteignagjalda**
Þótt víða kreppi að í samfélaginu eru sem betur fer líka margir sem eiga í handraðanum fé sem þeir gjarna vildu setja í framkvæmdir. Það er hiklaust hlutverk borgarinnar að hvetja slíka aðila til að fara af stað sem fyrst. Ein leið sem mætti hugsa sér er að bjóða öllum Reykvíkingum sem hafa hug á að reisa viðbyggingar við hús sín niðurfellingu fasteignagjalda af viðbyggingunni í t.d. 5 ár. Vandséð er að borgin tapi tekjum af þessu úrræði þegar til lengri tíma er litið, einkum þegar hafður er í huga samfélagslegur kostnaður atvinnuleysis.

**Leiðsögn um reglugerðarfrumskóginn**
Einhverra hluta vegna er þrælflókið að koma á fót rekstri í Reykjavík. Hrakningasögur framtakssamra einstaklinga við að opna litla verslun, verkstæði, kaffihús, ísbúð eða annan rekstur eru óteljandi og hver annarri ótrúlegri. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að rekstur hafi öll tilskilin leyfi en hér hljóta að vera tækifæri til að leiðbeina fólki og spara því móferðirnar.

Borgin gæti t.d. boðið öllum sem vilja stofna til reksturs í borginni ókeypis viðtal hjá ráðgjafa þar sem farið yrði yfir öll þau leyfi sem reksturinn þarfnast, hvar þau fáist, hvaða tíma má reikna með að öflun þeirra taki o.s.frv. Þetta myndi án efa spara mörgum dýrar tafir og virka hvetjandi á fólk með góðar hugmyndir að nýrri starfsemi.

**Hagræðing og erlend markaðssetning**
Nýtt vinnumarkaðsúrræði, Starfsorka, gengur út á að fyrirtæki sem vilja ráðast í nýsköpunarverkefni af einhverju tagi geta ráðið starfsmann af atvinnuleysisskrá og fengið með honum fullar atvinnuleysisbætur í allt að eitt ár. Þetta hafa um 80 fyrirtæki nýtt sér skapað tæplega 200 ný störf. Þetta tækifæri ætti Reykjavíkurborg líka að nýta sér. Nú þarf sannarlega að leita leiða til að bæta verkferla, gera þjónustu borgarinnar skilvirkari og spara óþarfa kostnað en auk þess fellur vinna við erlenda markaðssetningu undir skilmála Starfsorku um nýsköpunarverkefni. Afrakstur nýsköpunarverkefna borgarinnar á þessum sviðum gæti skilað bættri nýtingu fjármuna, nýjum störfum og auknum ferðamannastraumi til borgarinnar sem er ein af undirstöðum atvinnu í verslun og þjónustu.

**5.000 störf í nýsköpun**
Alþingi samþykkti fyrir jól lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki af öllu tagi en miðað við reynslu annarra þjóða af sambærilegum aðgerðum gætu á næsta ári orðið til um 5.000 ný störf vegna hagstæðara umhverfis nýsköpunarfyrirtækja.

Í þessu felast mikil tækifæri fyrir Reykjavíkurborg sem ætti að reyna að bjóða þessum ört vaxandi fyrirtækjum eitthvað umfram önnur sveitarfélög. Hér mætti til dæmis hugsa sér tímabundinn stuðning eins og afslátt af fasteignagjöldum, rafmagni eða hita í tiltekinn árafjölda samkvæmt samningi. Þá verður seint ofmetin þörfin fyrir góða og skilvirka þjónustu borgarinnar við almennan rekstur í borginni.

**Úr vörn í sókn**
Kreppur, jafn óvelkomnar og þær eru, hafa alltaf leyst úr læðingi nýjar hugmyndir og ný tækifæri. Hve hratt það gerist veltur mjög á afstöðu stjórnvalda til verkefnisins. Ekki skal lítið gert úr þeim góða vilja sem borgin sýnir með því að leggja fé í alls kyns félagsleg úrræði fyrir atvinnulausa, það er brýnt mál. Hinu má þó ekki gleyma að til að ekki sígi meira á ógæfuhliðina þarf borgin að snúa vörn í sókn og skapa borgarbúum betri skilyrði til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Þar eru ýmsar leiðir færar eins og hér hefur verið bent á.

*Höfundur er 1. varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar og verkefnisstjóri í Hátækni- og sprotavettvangi.*

# Tökum þátt í að styrkja björgunarsveitirnar

**UMRÆÐAN**
Guðmundur Fylkisson skrifar um flugeldasölu


GUÐMUNDUR FYLKISSON

Framundan eru dagar sem skipta miklu máli fyrir fjárhagslega undirstöðu björgunarsveita í landinu. Flugeldasalan er hafin og hvet ég þig til að kaupa flugeldana af þeim. Vel þjálfaðar og vel búnar björgunarsveitir eru okkur nauðsynlegar. Það gera hin miklu og fjölbreyttu öfl náttúrunnar.

Óvíða í heiminum þurfa íbúar að glíma við óveður, jarðskjálfta, eldgos, snjóflóð, sjó- og vatnsflóð, jafnvel allt á sama árstíma. Ég, í mínu starfi, þarf mikið að leita til björgunarsveita til aðstoðar við landsmenn og eins fyrir hina erlendu ferðamenn sem fara um landið og rata í vandræði. Þó svo að fjöldi verkefna sem þeir sinna rati í fjölmiðla þá eru mörg verkefni sem aldrei koma fyrir almennings sjónir. Það vitum við lögreglumenn því oft á tíðum er um að ræða öryggisviðbúnað, þ.e. björgunarsveitir eru ræstar út til öryggis en síðan afturkallaðar. Eins er um verkefni þar sem harmleikur hefur átt sér stað, sem ekki er fjallað um í fjölmiðlum. Allt eru þetta verkefni er snerta einstaklinga, fjölskyldur, vinahópa. Enginn dagur er undanskilin þegar leita þarf aðstoðar.

Mér er það minnisstætt þegar ég þurfti að kalla eftir aðstoð tuga eða hundraða björgunarsveitarmanna á aðfangadagskvöld. Á sama tíma og landsmenn voru að taka upp jólagjafir var mikill fjöldi björgunarsveitarmanna að leita að einstaklingi sem hafði farið út í óveður, í ölæði, og fáklæddur. Það mátti ekki miklu muna að illa færi en það endaði farsællega, þökk sé björgunarsveitum. Þeir hafa einnig verið til staðar á hálendi landsins, ferðamönnum til aðstoðar, yfir sumartímann.

Björgunarsveitirnar þurfa að sinna mann- og tímafrekum verkefnum og þó svo að nánast allt starf sé unnið í sjálfboðavinnu þá er ljóst að mikill kostnaður hlýst af. Þeir forðast þá umræðu hvað hver leit kostar, þeir eru bara boðnir og búnir að bregðast við. Við, lögreglan, um land allt njótum starfskrafta og reynslu björgunarsveita í æ ríkara mæli. Við erum fagmenn á okkar sviðum og þurfum að vinna náið saman og treystum hver á annan. Við þurfum að leita í meira mæli eftir aðstoð þeirra vegna aðstoðarbeiðna borgaranna þegar aðstæður eru slíkar að venjuleg farartæki komast ekki um. Þeir ganga til slíkra verka með bros á vör því slík verkefni, þar sem líf liggur kannski ekki við, er ágætis æfing og þjálfun. Einstaklingurinn leggur ekki bara fram tíma sinn í sjálfboðavinnu. Hann þarf að búa sig út með ákveðinn búnað og hver og einn að leggur út fyrir slíkum búnaði. Það er því ekki bara blóð, sviti og tár sem hver og einn leggur fram, heldur einnig fjármunir. Þegar kemur svo að farartækjum, sérhæfðum búnaði og rekstrarkostnaði þá er eðlilegt að hinn venjulegi björgunarsveitarmaður geti treyst á okkur, mig og þig. Við vitum ekki hvenær það kemur að okkur að þurfa að treysta á þá.

Um leið og ég hvet ykkur til að versla við björgunarsveitirnar þegar þið kaupið flugelda þá hvet ég ykkur einnig til að nota þá ykkur og öðrum til skemmtunar og ánægju, ekki til að valda skaða eða skapa samfélaginu tjón með skemmdarverkum.

*Höfundur er aðalvarðstjóri hjá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra.*

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330
FRÉTTABLAÐIÐ



# SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND 2009



# FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

## SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**Reykjavík - Austurbær**
- Hús Flugbjörgunarsveitarinnar við Flugvallaveg
- Við BT í Skeifunni
- Í Holtagörðum
- Við Heklu, Laugavegi
- Skátaheimilið, Sólheimum 21a

**Reykjavík - Vesturbær**
- Björgunarstöðin Gróubúð, Grandagarði 1
- Við Sundlaug Vesturbæjar

**Seltjarnarnes**
- Björgunarstöðin Gaujabúð við Bakkavör

**Reykjavík - Árbær/Höfði**
- Hjálparsveitarhús HSSR, Malarhöfða 6
- Grjóthálsi 1 (áður B&L húsið)
- Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123

**Reykjavík - Breiðholt**
- Við verslunina Hólagarð
- Við verslunina Nettó í Mjódd
- ÍR-heimilið, Skógarseli

**Reykjavík - Grafarvogur**
- Spöngin, verslunarmiðstöð

**Reykjavík - Grafarholt**
- Vínlandsleið 1

**Kópavogur**
- Toyotahúsið, Nýbýlavegi 2
- Hjálparsveitarskemma, v/Bryggjuvör
- Kraftvélar, Dalvegi 6-8
- Áhaldahús, Álalind 3
- Við Salalaug, Versali
- Við BYKO í Breiddinni

**Garðabær**
- Hjálparsveitarhús við Bæjarbraut

**Bessastaðahreppur**
- Skátaheimilið v/Breiðumýri

**Hafnarfjörður**
- Björgunarhúsinu, Flatahrauni 14
- Við smábátahöfnina, Fornubúðum 8
- Haukahúsið, Ásvöllum
- Fjörður við Fjarðargötu

**Mosfellsbær**
- Björgunarsveitarhúsið, Völuteigi 24
- Við bæjarleikhúsið

**Kjalarnes**
- Þórnýjarbúð (áhaldahús)

## SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

**Akranes**
Björgunarmiðstöðin, Kalmansvöllum 2

**Borgarnes og Borgarfjörður**
Björgunarsveitarhúsið í Brákarey
Blómaskálanum, Kleppjárnsreykjum
Bútæknihúsð á Hvanneyri

**Snæfellsnes sunnanvert**
Björgunarsveitarhús, Laugagerði

**Ólafsvík**
Björgunarsveitarhúsið Mettubúð

**Stykkishólmur**
Björgunarsveitarhús, Nesvegi 1a

**Grundarfjörður**
Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

**Hellissandur**
Björgunarstöðin Líkn

**Búðardalur**
Vesturbraut 12

**Reykhólar**
Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

**Patreksfjörður**
Sigurðarbúð v. Oddagötu

**Bíldudalur**
Hafnarbraut 12

**Barðaströnd**
Brjánslækur

**Tálknafjörður**
Björgunarsveitarhúsið v/Strandgötu

**Súðavík**
Björgunarsveitarhúsið Ákabúð

**Ísafjörður**
Félagsheimilið Hnífsdal

**Bolungarvík**
Björgunarsveitarhús, Hafnargötu 60

**Flateyri**
Félagsheimili Flateyrar

**Suðureyri**
Björgunarsveitarhús, Skólagötu 3

**Þingeyri**
Stefánsbúð

**Drangsnes**
Björgunarsveitarhúsið, Grundargötu 21

**Hólmavík**
Rósubúð, Höfðagötu 9

**Árneshreppur**
Í aðstöðu björgunarsveitarinnar

**Blönduós**
Björgunarfélagshúsið, Efstubraut 3

**Skagaströnd**
Áhaldahús hreppsins

**Hvammstangi**
Húnabúð, Höfðabraut 30

**Hofsós**
Björgunarsveitarhúsið við Skólagötu

**Varmahlíð**
Björgunarstöðin við Sauðárkróksbraut

**Sauðárkrókur**
Björgunarsveitarhúsið, Borgarröst 1

**Siglufjörður**
Þormóðsbúð, Tjarnargötu 18

**Eyjafjarðarsveit**
Hrafnagilsskóli

**Ólafsfjörður**
Björgunarsveitarhúsið Sandhóll

**Akureyri**
Húsnæði Súlna-björgunarsveitar Hjalteyrargötu 12

**Grenivík**
Ægisbúð

**Dalvík**
Gunnarsbraut 4

**Hrísey**
Hús björgunarsveitarinnar, Ægisgötu 13

**Grímsey**
Skemman hans Fúsa

**Svalbarðseyri**
Valsárskóli

**Aðaldalur**
Hjálparsveitarhúsið, Iðjugerði 1

**Kópasker**
Björgunarsveitarhúsið, Bakkagötu 6

**Þingeyjarsveit**
Hús sveitarinnar að Stóru Tjörnum

**Raufarhöfn**
Stjörnubúð

**Mývatnssveit**
Björgunarsveitarhúsið, Múlavegi 12

**Bakkafjörður**
Fiskverkunarhús Áka

**Vopnafjörður**
Björgunarsveitarhúsið

**Egilsstaðir**
Björgunarsveitarhúsið, Miðási 1-3

**Seyðisfjörður**
Björgunarsveitarhúsið

**Eskifjörður**
Björgunarstöðin, Strandgötu 11

**Þórshöfn**
Hafliðabúð, Fjarðarvegi 6

**Reyðarfjörður**
Þórðarbúð

**Borgarfjörður eystri**
Björgunarsveitarhúsið Heiði

**Djúpivogur**
Slysavarnahúsið, Mörk 12

**Neskaupstaður**
Hempa, Strandgötu 44

**Breiðdalsvík**
Selnesi 8

**Fáskrúðsfjörður**
Grímseyri 9

**Hornafjörður**
Hús Björgunarfélagsins, Álaugarvegi 9

**Kirkjubæjarklaustur**
Björgunarstöðin á Iðjuvöllum

**Skaftártunga**
Björgunarsveitin Stjarnan, Múla

**Álftaver**
Björgunarsveitin

**Vík**
Björgunarsveitarhúsinu, Smiðjuvegi 15

**Austur - Eyjafjöll**
Björgunarsveitarhúsið, Bræðrabúð

**Hvolsvöllur**
Björgunarsveitarhúsið, Dufþaksbraut 10

**Austur - Landeyjar**
Björgunarsveitarhúsið Sléttuból

**Hella**
Flugbjörgunarsveitarhúsið, Dynskálum 34

**Vestmannaeyjar**
Björgunarsveitarhúsið

**Flúðir**
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 8

**Reykholt**
Björgunarsveitarhúsið

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur**
Á plani Landstólpa í Gunnbjarnarholti

**Biskupstungur**
Bjarkarbraut 2

**Selfoss**
Austurvegi 21
Björgunarmiðstöðin við Árveg

**Stokkseyri**
Söluskúr

**Eyrarbakki**
Björgunarsveitarhúsið

**Þorlákshöfn**
Óseyrarbraut 10

**Laugarvatn**
Björgunarsveitarhúsið

**Hveragerði**
Hjálparsveitarhúsinu, Austurmörk 9

**Reykjanesbær**
Björgunarsveitarhúsið, Holtsgötu 51
Brekkustíg 38 (við hlið Hitaveitu)

**Sandgerði**
Björgunarsveitarhúsið, Austurgarði 4-6 (við höfnina)

**Vogar**
Björgunarskýlið, Iðndal 5

**Grindavík**
Björgunarsveitarhúsið, Seljabót 10

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*Víðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannslífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Um eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins. Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir. Tryggðu eigið öryggi og keyptu flugeldana af okkur.*

**SIENNA MILLER ER 28 ÁRA Í DAG**

*„Ég hef rekist á nokkra casanova sem mér hefur líkað við og nokkra sem mér hefur líkað síður við. Ég vonast til að rekast á nokkra casanova til viðbótar.“*

***Sienna Rose Miller er bresk leikkona, fyrirsæta og tískuhönnuður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 28. DESEMBER ÁRIÐ 1965

## *Eyjan Jólnir rís úr hafi*

Á þessum degi árið 1965 reis eyjan Jólnir í fyrsta skipti úr hafi, suðvestur af Surtsey. Eyjunni var formlega aldrei gefið nafn enda hvarf hún alls sex sinnum undir yfirborð sjávar. Eyjan var þó oftast kölluð Jólnir. Jólnir var eitt nafna Óðins.
Síðasta gos í Jólni sást í eyjunni þann 10. ágúst árið 1966 og hvarf eyjan endanlega skömmu seinna, eða tíu dögum eftir að gosið hætti.
Í kjölfar Surtseyjargossins, árið 1965, mynduðust nýjar eyjar og hurfu, þar á meðal Syrtlingur, norðaustan við Surtesy, sem varð um 17 hektarar að stærð. Eyjan var horfin í októberlok sama ár. Leifar þessara eyja eru hvorar sínu megin við Surtsey.
Surtsey var friðuð að loknu gosinu og hafa jarðfræðingar haft mikinn áhuga á lífríki eyjunnar en ýmsar lífverur hafa tekið sér bólfestu á þeim. Eyjan er í umsjá Surtseyjarfélagsins, sem starfar í umboði umhverfisráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins. Félagið hefur sinnt mikilvægu



hlutverki við skipulag rannsókna í Surtsey og átti stóran þátt í því að eyjan var tekin inn á heimsminjaskrá UNESCO í júlí 2008.
Mannaferðir um eyjuna eru bannaðar nema með sérstöku leyfi.

**MERKISATBURÐIR**

**1836** Spánverjar viðurkenna sjálfstæði Mexíkó.
**1846** Iowa verður 29. ríki Bandaríkjanna.
**1887** Bríet Bjarnhéðinsdóttir flytur fyrst kvenna á Íslandi opinberan fyrirlestur í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík sem nefnist Um kjör og réttindi kvenna.
**1908** 75.000 manns láta lífið í jarðskjálfta á Sikiley.
**1967** Borgarspítalinn í Fossvogi er formlega tekinn í notkun.
**1981** Fyrsta bandaríska glasabarnið fæðist.
**1983** Vogur, áfengismeðferðarstöð SÁÁ, tekur til starfa.
**1999** Saparmyrat Nýýazov lætur gera sig að „lífstíðarforseta“ í Túrkmenistan.

**AFMÆLI**



**STAN LEE** teiknimyndasöguhöfundur er 87 ára í dag.



**MAGGIE SMITH** leikkona er 75 ára í dag.



**DENZEL WASHINGTON** leikari er 55 ára í dag.



**GOLDIE** tónlistarmaður er 44 ára í dag.

# Áttunda ljóðabók Sturlu Friðrikssonar

Erfðafræðingurinn dr. Sturla Friðriksson gaf út ljóðabókina, Ljóð úr lífshlaupi, fyrir skemmstu og er það hans áttunda ljóðabók. Í henni er að finna limrur, lausavísur og stutt kvæði sem hann hefur samið á mismunandi æviskeiðum. Má þar nefna sléttubandavísu sem er á meðal fyrstu tilrauna hans til ljóðagerðar.




Sturla hefur lagt stund á ýmiss konar rannsóknir á ferli sínum en ekkert verkefni mun hafa fært honum jafnmikinn hróður og rannsóknirnar á lífinu í Surtsey. Hann kom snemma að gosstöðvunum eftir að gos hófst suðvestur af Vestmannaeyjum árið 1963. Hann var þar árum saman vakinn og sofinn á varðbergi en rannsóknir á þróun lífs á Surtsey urðu frægar um allan heim. Fyrsta ljóðið í bókinni heitir Surtseyjar óður. Fyrsta erindið hljóðar svo:

*Í fylgd nötrandi norðurljósa*
*og nóvemberhiminsins rósa,*
*féllu sjómenn í stafi,*
*er þeir sáu úr hafi*
*ólgandi gufustrók gjósa.*

BARNADAGUR KIRKJUNNAR: GLEYMDUR DAGUR ENDURVAKINN

# Minnt á þau börn í heiminum sem eiga um sárt að binda

Dagurinn í dag, 28. desember, ber heitið barnadagurinn í kirkjualmanakinu. Á þessum degi er þess minnst þegar öll börn í Betlehem, tveggja ára og yngri, voru myrt samkvæmt tilskipun Heródesar konungs. Með því vildi hann tryggja að Jesúbarninu yrði fyrirkomið. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, segir að kirkjan hafi síðustu árin unnið að því að endurvekja barnadaginn, sem hafi verið fallinn í gleymsku.

„Ástæða þess að barnadagurinn var orðinn að gleymdu fyrirbæri er að miklu leyti hve nálægt nálægt friðsamri jólahátíðinni hann stendur. Kirkjan hefur veigrað sér við að segja „ljótar“ sögur af morðum á börnum á þessum tíma. Hitt er annað að barnamorðin eru ákveðin staðreynd og barnadagurinn minnir á atburðina í Betlehem og um leið á öll þau pólitísku morð sem framin eru. Börnin eru þau sem þjást oft mest í styrjöldum og verða útundan. Það er daglegt brauð að börn séu drepin í Betlehem,“ segir Kristján Valur. Kirkjan víða um lönd hefur því endurvakið daginn að sögn Kristjáns Vals þar sem kirkjan hvetur presta og kirkjufólk til að minnast dagsins þótt ekki sé messað sérstaklega.

„Síðustu árin hefur verið unnið að því að endurskoða handbók prestanna, og þá texta sem lesnir eru á kirkjuárinu, og höfum við unnið í því að glæða fleiri daga lífi. Þótt þetta sé sérstakur atburður sem þarna er minnst þá ber okkur að hugsa betur um börnin og minna á börn heimsins í víðara samhengi en hvernig þau birtast prúðbúin við jólatréð um jólin. Þessi dagur á ekki síst erindi við okkur hér á landi því einnig hér á Íslandi má finna mörg börn sem hafa það ekki nógu gott.“

**juliam@frettabladid.is**



**MINNT Á BÖRNIN Í VÍÐARA SAMHENGI UM JÓLIN** Sr. Kristján Valur Ingólfsson segir að hlutverk barnadagsins sé að minna á börn sem eiga um sárt að binda víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hlýjar hendur og hjörtu

Starfsmenn leikskólans Reykjakots í Mosfellsbæ tóku áskorun bókaútgáfunnar Sölku og verslana Eymundsson sem staðið hafa að vettlingasöfnun fyrir Mæðrastyrksnefnd. Þeir hittust utan vinnutímans og prjónuðu af kappi. Afraksturinn varð 55 gullfalleg vettlingapör.

Alls tóku tuttugu starfsmenn leikskólans þátt í prjónaátakinu og við bættust nokkrir foreldrar. Tveir af starfsmönnum kunnu ekki að prjóna í upphafi, það hefur heldur betur breyst og að minnsta kosti annar þeirra situr nú við og prjónar öll kvöld. Leikskólinn Reykjakot starfar í anda Hjallastefnunnar, starfsmannahópurinn er samrýmdur og vinnur náið að ýmissi handavinnu bæði í skólastarfinu og frístundum. Því greip hann fagnandi tækifærið til að láta gott af sér leiða og ákvað að hjálpa Mæðrastyrksnefnd að hlýja höndum landsmanna í vetur.

Ekki hafa prjónamaskínurnar í Reykjakoti þar með lagt prjónana á hilluna því næsta verkefni hópsins er að prjóna húfur handa heimilislausum og skila þeim í janúar. **-gun**



**PRJÓNAKONUR** Gyða Vigfúsdóttir leikskólastjóri og Herdís Rós Kjartansdóttir aðstoðarleikskólastjóri Reykjakots. MYND/SALKA



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristrún Jóhanna Ásgeirsdóttir (Hanna)**
Kjarrhólma 22, Kópavogi,

lést sunnudaginn 20. desember. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Guðný Ásgerður Sigurðardóttir** | |
| **Þorkell Jóhann Sigurðsson** | **Gróa Halldórsdóttir** |
| **Hrönn Sigurðardóttir** | **Ægir Björgvinsson** |
| **Brynja Sigurðardóttir** | |
| **Gunnar Sigurðsson** | **Guðrún Margrét Einarsdóttir** |
| **Hörður Sigurðsson** | **Ingibjörg Jóhannesdóttir** |
| **Sigurður Þór Sigurðsson** | **Sigrún Inga Magnúsdóttir** |
| **Hallfríður Sigurðardóttir** | **Ómar Elíasson** |
| **Elías Sigurðsson** | **Emilía Bergljót Ólafsdóttir** |
| **Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir** | **Finnur Einarsson** |
| **Ásgeir Sigurðsson** | **Svala Steina Ásbjörnsdóttir** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |



†

*Ástkær frændi okkar,*

**Vilhjálmur Kristinn Sigurðsson**
fyrrv. póstvarðstjóri, Lindargötu 57, Reykjavík,

lést að heimili sínu miðvikudaginn 16. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 13.00.

**Aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.



†

*Þökkum ómetanlegan hlýhug og vináttu vegna fráfalls okkar ástkæra*

**Karls Smára Guðmundssonar**

sem lést af slysförum 8. desember síðastliðinn.

**Berglind Ármannsdóttir**
**Guðmundur Þór Karlsson**
**Auður Eir Guðnadóttir**
**Guðni Þór Guðnason**
**Birgitta Líf Magnúsdóttir**
**Guðmundur Heiðmar Karlsson**
**Guðrún Halldórsdóttir**
**systkini og fjölskyldur.**

# Lægra verð á Fruitmint og Spicemint

**Nú hefur verðið verið lækkað á öllum pakkningum af Nicorette Fruitmint og Spicemint**




KRAFTUR

Nicorette er stuðningsaðili Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.

nicorette
nicotin

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

# GÓÐAR FRÉTTIR

## Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Frídreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafi samband við Pósthúsið í síma 585 8300.




### Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ásbyrgi** | Verslunin Ásbyrgi | **Neskaupstaður** | Olís |
| **Bakkafjörður** | Mónakó | **Ólafsfjörður** | Olís |
| **Baula** | Verslun | **Ólafsvík** | N1 – Olís |
| **Blönduós** | N1<br>Potturinn og pannan | **Patreksfjörður** | Grillskálinn Patreksfirði<br>N1 |
| **Dalvík** | N1 – Olís | **Raufarhöfn** | Verslunin Urð |
| **Egilsstaðir** | N1 | **Reyðarfjörður** | N1 – Olís – N1 |
| **Eskifjörður** | Shell skáli<br>Kría veitingastaður | **Rif** | Umboð Shell / Tandur |
| **Fellabær** | Olís | **Sauðárkrókur** | N1 – Shell skáli<br>Hlíðarkaup |
| **Grundarfjörður** | Hrannarbúð | **Siglufjörður** | Olís |
| **Hella** | Olís | **Skagaströnd** | Olís |
| **Hellissandur** | Hraðbúð N1<br>Shell | **Staðarskáli** | N1 |
| | | **Stykkishólmur** | Bónus – Olís – Bakarí |
| **Hrísey** | Eyjaljósið | **Stöðvarfjörður** | Brekkan veitingastaður |
| **Húsavík** | N1 – Olís – Shell skáli | **Víðigerði** | Verslunin Víðigerði |
| **Hvolsvöllur** | N1 – Söluskálinn Björk | **Vík** | N1 |
| **Höfn** | N1 – Olís | **Vopnafjörður** | N1 |
| **Ísafjörður** | N1 | **Þórshöfn** | N1 |
| **Kópasker** | Búðin Kópasker | | |

**Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á Visir.is.**




**Allt sem þú þarft…**




# Klökkar kærleikskveðjur

**BAKÞANKAR**
**Þórhildar Elínar Elínardóttur**

Aðventustreitan kom eins og himnasending inn í kalið hjarta samfélagsins. Að minnsta kosti frá síðustu jólum höfðum við mest verið fjúkandi reið, bitur, sár, dofin og brjáluð; það eitt og sér er sligandi til lengdar. Svo jólaannirnar voru þrátt fyrir allt kærkomið tækifæri fyrir væmnu tilfinningarnar sem höfðu legið næstum ónotaðar í brjóstkassanum of lengi. Enda voru þær dálítið stirðar í gang svo um tíma vaknaði uggur um að allar sykursætar kenndir hefðu hrunið með genginu en sá ótti reyndist sem betur fer ástæðulaus.



**ÞVÍ** einmitt í desember er upplagt að klökkna svolítið. Eftir allt saman reyndist mitt eigið hjartnæma tilfinningaróf mjög vel nothæft, það uppgötvaðist á sérstakri jólafimleikasýningu Gróttu. Þar táraðist ég auðvitað yfir minni eigin dóttur sem er sjálfsagður réttur hverrar móður, hvað hún var hugrökk, sterk og fim, svona lítil! Og fyrst ég var nú einu sinni komin í gang þá grét ég líka hástöfum yfir öllum hinum fimleikabörnunum sem eru tvö hundruð talsins. Það var aggasmá vandræðalegt að grenja svona yfir að ókunnugir unglingar gætu farið í splitt og brú, en útrásin var á við marga fokdýra sálfræðitíma. Undir hjartahlýju og umburðarlyndi desembermánaðar kyntu svo jólalögin alla daga, skreytt með röndóttum brjóstsykurstöfum, glimmeri og piparkökum. Og yfir nógu var að klökkna til viðbótar við börnin, til dæmis hjálparstofnunum, eldgömlum jólaföndurskreytingum, ástríkum kveðjum í Ríkisútvarpinu, friðargöngu á Þorláksmessu og sígildri endursýningu heima í stofu á Love Actually.

**EFTIR** markvissan upptakt að jólum allan mánuðinn er endir bundinn á dásemdirnar einmitt í dag. Í fréttatímum dagsins verður skautað hratt yfir sætu fréttirnar og krúttlegu stemminguna sem er líka kannski að verða dáldið þreytt, því öll áherslan verður á æsispennandi hátíðarútgáfu af umræðum um Icesave. Tíðindi dagsins verða þannig álíka jólaleg og hressileg gubbupest. Óþarfa ást á mannkyni öllu ætti því ekki að há okkur mikið lengur. Sjálfri mér til hróss vil ég taka fram að þetta er í eina og síðasta skiptið í bakþönkum mínum sem ég skrifa orðið Icesave.

**KÆRAR** þakkir fyrir að umbera pistlana mína svona lengi en eftir næstum fjögurra ára regluleg skrif í þennan dálk hef ég nú ákveðið að segja þetta gott. Takk fyrir ótal kveðjur, takk fyrir mörg bréfin, takk fyrir öll fallegu orðin. Og nú klökkna ég smá að lokum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÞÚ GETUR SKIPT JÓLABÓKUNUM Í OFFICE 1

## SAMA HVAR ÞÆR VORU KEYPTAR





OPIÐ 24 TÍMA SKEIFUNNI

Ég ætla að spara í ár!

Office 1

* Bækurnar þurfa að vera á söluskrá Office 1.

Gildir til 6. janúar 2010.

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir og Akureyri.

PIPAR\TBWA • SÍA • 92516

**!** **ath. kl. 13**
*Þá verður hátíðarfundur í Þjóðmenningarhúsi í tilefni af 120 ára afmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags: Kristín Svavarsdóttir, Guðmundur Páll Ólafsson, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Ólöf Ýrr Atladóttir halda erindi en síðan eru pallborðsumræður um framtíð Náttúruminjasafnsins sem lengi var til húsa í Safnahúsinu.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Styrktartónleikar

Arnaldur Arnaldsson heldur styrktartónleika á morgun kl. 20 í Listasafni Íslands . Arnaldur Arnarson leikur gítarverk eftir Jón Ásgeirsson, Elsu Olivieri Sangiacomo, Mario Castelnuovo-Tedesco, Bach, Mauro Giuliani, Paulo Bellinati og William Walton. Arnaldur fæddist í Reykjavík árið 1959. Hann hóf gítarnám í Svíþjóð tíu ára gamall, síðan í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hjá Gunnari H. Jónssyni og lauk þar námi vorið 1977. Hann tók lokapróf frá Royal Northern College of Music í Manchester 1982, þar sem kennarar hans voru gítarleikararnir Gordon Crosskey og John Williams auk gríska píanóleikarans og hljómsveitarstjórans George Hadjinikos. Þá var hann eitt ár við framhaldsnám hjá José Tomás í Alicante á Spáni.

Arnaldur vann fyrstu verðlaun í XXI. alþjóðlegu „Fernando Sor" gítarkeppninni í Róm 1992 og hélt sama ár einleikstónleika á Listahátíð í Reykjavík.

Hann hefur margoft komið fram á Íslandi og haldið tónleika í Evrópu, Ástralíu, Bandaríkjunum og Suður-Ameríku.




Norræna húsið er opið frá 12-17
28. 29. og 30. desember.

Sýningar í Norræna húsinu

Einu sinni er
Glæsileg handverkssýning á verkum 24 listamanna. Hugmyndin með sýningunni var að hvetja til nýsköpunar og vöruþróunar.



Að finna goðsögnina í sjálfum sér
Ljósmyndarinn Fiann Paul er með ljósmyndasýningu í anddyri Norræna hússins. Sýningin stendur til 10.janúar en þann dag kl 14:00 mun Fiann vera með fyrirlestur um störf sín á Grænalandi og leiða fólk um sýninguna.



NORRÆNA HÚSIÐ
Sturlugötu 5 - 101 Reykjavík
Skiptiborð: 551 7030 -Bókasafn: 551 7090
www.norraenahusid.is - nh@nordice.is


# Ég held ég verði að hugsa þetta upp á nýtt!

Leiklist ★★★

Óliver!

**eftir Lionel Bart**

**Verkið er byggt á skáldsögu Charles Dickens.**

**Þýðing:** Þórarinn Eldjárn og Jóhann G. Jóhannsson

**Leikmynd:** Vitas Narbutas

**Búningar:** María Ólafsdóttir

**Lýsing:** Lárus Björnsson

**Dansar og hreyfing:** Aletta Collins

**Hljómsveitarstjóri:** Jóhann G. Jóhannsson

**Leikendur:** Ari Ólafsson, Eggert Þorleifsson, Tryggvi Björnsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Þórir Sæmundsson, Bergþór Pálsson, Þórunn Lárusdóttir, Arnar Jónsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Friðrik Friðriksson, Esther Talia Casey, Álfrún Örnólfsdóttir, Ívar Helgason, Edda Arnljótsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Valur Freyr Einarsson, Guðbjörg Hilmarsdóttir, Heiða Björk Ingimarsdóttir, Aðalsteinn Kjartansson, Jón S. Snorri Bergsson, Áslákur Ingvarsson

**Leikstjóri:** Selma Björnsdóttir



**LEIKLIST** Ég held ég verði að hugsa þetta upp á nýtt, segir Fagin þegar farið er að halla undir fæti hjá honum. Kannski er þessi frasi líka ágætur fyrir leikhúsgesti og þá sem leikhúsinu stjórna! Vigdís Hrefna sem Nancy og Eggert Þorleifsson sem Fagin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrir nokkrum árum birtist grein í blaði um dómara á Ítalíu sem hafði fengið það verkefni að dæma í máli pörupilta og í stað þess að senda þá á betrunarstofnun dæmdi hann þá til bókalestrar. Hann afhenti þeim stafla af bókum og áttu þeir síðan að mæta aftur til dómarans og spjalla við hann um innihald og boðskap bókanna. Ein þessara bóka var einmitt Oliver Twist eftir Charles Dickens. Vafalítið hefur dómarinn hugsað sem svo að einhvern lærdóm kynnu þeir að draga af þessum lestri. Svona eftir á að hyggja með fordómafræðslu nútímans í hendi er auðvitað spurning hvaða lærdóm má af ritinu draga. Glæponinn var gyðingur og góði maðurinn var af breskri yfirstétt.

Við að sjá þessa sýningu þarf ungviðið á skýringum að halda. Ekki bara skýringar um það hvað er að gerast, heldur líka skýringar um hver gerir hvað og af hverju. Það vill oft brenna við í söngleikjum að atburðarásin hverfur vegna söngleikjaatriðanna sem í sjálfu sér geta fjallað um hvað sem er. Börnin sem hér fengu tækifæri til þess að dansa og leika voru hvert öðru betra en engu að síður hefði mátt vinna betur textavinnu í samtölum þannig að eðlileg yrðu.

Bill Sikes er ekki aðeins skúrkur í sögum Dickens heldur orðinn hugtak sem notað er um ákveðna manntegund og svokölluð prototýpa glæponsins. Það er óskiljanlegt hvernig svona fín og falleg stúlka eins og Nancy elskar hann þrátt fyrir allt, en slík er víst hin skilyrðislausa ást, óskiljanleg. Hlutverk Nancyar er stórt, hún er góð og falleg en engu að síður brengluð í afstöðu sinni vegna þess uppeldis sem hún hefur fengið.

Það voru að vanda prúðbúnir áhorfendur fullir eftirvæntingar sem komu sér fyrir í rauðum stólum Þjóðleikhússins á annan dag jóla. Tilefnið var frumsýningin á Óliver Twist sem er söngleikur byggður á skáldsögunni frægu eftir Charles Dickens.

Það er einmitt þetta, byggður á skáldsögunni, sem er meinið. Nokkur af aðalatriðum og boðskap bókarinnar hverfa algerlega í útfærslunni og það er ekki við neinn hér að sakast annan en upphaflega handritsskáldið. Þessi sýning var ljómandi skemmtileg á að líta, betri og þéttari eftir hlé en engu að síður áheyrileg.

Eitt af því sem spurt er um í prógrambla ði sýningarinnar er hvort sagan um Oliver Twist gæti gerst í dag. Svo sannarlega eru þó mörg börn í henni veröld sem hafa það á margan hátt miklu verra en þau börn sem koma fyrir í þessari sögu. Hvað er það sem gerir verk sígild? Líklega er svarið einfalt, þ. e. að þau eiga erindi og lesendur geta samsamað sig innihaldinu.

Vigdís Hrefna Pálsdóttir fer með hlutverk Nancyar sem er stórt í þessu verki. Miðað við lestraraðferð sýningarinnar er hún stórgóð í allri sinni framgöngu, fögur og allt umfaðmandi svo og þær Ester Talia Casey og Edda Arnljótsdóttir og ekki síst Þórunn Lárusdóttir í hlutverki ráðskonu hælisins. Það var gaman að sjá Bergþór Pálsson í hlutverki Herra Bumbles og flestar persónur skýrt teiknaðar þó að innihaldið væri einhvern veginn eins og púsluspil. Sá ljótleiki og sú ógnun sem í verkinu er komst aldrei til skila þó svo að Bill Sikes sem Þórir Sæmundsson léði lífi væri alvondur. Það er nefnilega svo skrýtið að alvonda menn getum við ekki skilið.

Þó svo að Eggert Þorleifsson sé nú ekki beinlínis söngvari var hans söngur engu að síður eftirminnilegastur, ekta. Eggert Þorleifsson naut sín í hlutverki gyðingsins og hreyfingar hans á lokaflóttanum voru sérstaklega smart. Hitt er svo annað mál að maður getur spurt sig hvernig í ósköpunum stendur á því að niðurlagi bókarinnar var breytt svona, það er að skúrkurinn fékk að komast undan, meðan í upphaflega skáldverkinu eru lokamínútur hans svo mikilvægar. Textinn í íslenskri þýðingu Þórarins Eldjárns var víða mjög skemmtilegur. Það er einhver glettilegur léttleiki og ábyrgðarleysi gagnvart efninu sem einkennir alla sýninguna.

Búningar Maríu Ólafsdóttur voru frábærir og leikmyndin varð betri og betri eftir því sem skiptin urðu fleiri. Börnin voru góð og ekki síst hann Hrappur sem á stundum, í stórgóðri tjáningu Tryggva Björnssonar, stal algerlega sýningunni. Það er þó enginn vafi á því að ungviði landsins á eftir að njóta sýningarinnar en við sem eldri erum verðum kannski svolítið eitt spurningarmerki yfir því að hægt sé að ráðast aftur og aftur í verk sem ættu að geta skilið eftir meira innihald en gera það ekki. Dansinn og léttleikinn á munaðarleysingjahælinu sem hér heitir vinnuhæli var til að mynda bara eins og hver önnur skemmtistund á Broadway (kannski 1930). Það vantar einhvern veginn ábyrgð í sýninguna, kannski kominn tími til hjá Þjóðleikhúsinu að ráða alvöruleikstjóra að stórsýningum fyrir börn. **Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Ljómandi skemmtileg en ábyrgðarlaus sviðsetning.


FÉKKSTU SKELFILEGA LEIÐINLEGAN GEISLADISK Í JÓLAGJÖF?
*Ekki örvænta... þú getur skipt yfir í frábæra tónlist Kölska:*




**OURLIVES - We Lost the Race**
Á plötunni má m.a. finna lögin: **Núna** - mest spilaða lagið á útvarpsstöðinni X-ið árið 2008. **Out Of Place** - sat í fyrsta sæti vinsældarlista Rásar 2 og X-ins. Eitt mest spilaðasta lag sumarsins á Íslandi. Titillag plötunnar er nú að klifra upp vinsældarlista útvarpsstöðvanna. Með plötunni fylgja 9 aukalög á Tónlist.is, m.a. ábreiða Ourlives og Togga af laginu **Þúsund sinnum segðu já.**



**DIKTA - Get It Together**
Á plötunni má m.a. finna lögin: **From Now On** - mest spilaða lag í íslensku útvarpi síðustu vikur. **Just Getting Started** – 2. vinsælasta lag Rásar 2 árið 2008. Platan hefur hlotið einróma lof, enda ein af betri plötum áratugarins. Fyllir hljómsveitin tónleikasali hvar sem hún stígur niður fæti og er ljóst að Dikta er fremsta og vinsælasta rokkhljómsveit Íslands.




**La Ballade of Lady & Bird:**
**A Project of Keren Ann Zeidel & Bardi Johannsson**
Í júní 2008 héldu Barði Jóhannsson og Keren Ann stórtónleika ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í samvinnu við Listahátíð Reykjavíkur. Mikil ánægja var með tónleikana og voru þeir í kjölfarið gefnir út af EMI. Á plötunni flytja Barði og Keren Ann ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands tónleikaútgáfur af lögum sínum í útsetningu Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar.




**Tryggðu þér miða á síðustu sýningarnar**

Sunnudaginn 3. jan kl. 14
Sunnudaginn 10. jan kl. 14
Sunnudaginn 17. jan kl. 14
Sunnudaginn 24. jan kl. 14
Sunnudaginn 31. jan kl. 14

Miðasölusími **568 8000** | **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

> VILL EKKI VAMPÍRUR

Fyrir stuttu birti vefritið Radar frétt um að Katy Perry hefði verið að daðra við Robert Pattinson á skemmtistað. Söngkonan upplýsti aðdáendur sína í gegnum Twitter að fréttin hefði verið bull. „Ég fíla ekki vampírur. Ég fíla Russell Brand,“ skrifaði hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Glímir við hitann í Ástralíu

„Ég verð að reyna að þola hitann. Þótt mér finnist voða fínt að komast aðeins í sólina er ég ekkert rosalega góð í svona hita,“ segir tónlistarkonan Lay Low, sem flaug til Ástralíu í fyrsta sinn í gær. Þar hitar hún upp fyrir Emilíönu Torrini á tveimur tónlistarhátíðum og spilar einnig á bassa í hljómsveitinni hennar á þremur hátíðum til viðbótar. Eftir tónleikaferðina um Ástralíu verður förinni heitið til Tókýó þar sem spilað verður 12. janúar. Alls dvelur Lay Low í fjóra daga í Japan. Hún hlakkar mikið til að stíga þar niður fæti enda er hún einnig að koma þangað í fyrsta sinn. „Ég ætla að reyna að gera eins mikið og ég get á þessum stutta tíma. Það fer reyndar mikill tími í ferðalög og að koma sér á milli staða en ég ætla mér alla vega að ná mér í eitthvert sushi.“ Tónleikar með Emilíönu í Tyrklandi og Tékklandi eru síðan fyrirhugaðir í lok janúar þar sem Lay Low mun hita upp. Síðar á árinu kemur síðan í ljós hvenær Lay Low fer á eigin vegum í tónleikaferð erlendis þar sem hún verður aðalnúmerið.

Fyrst mun hún vafalítið ljúka við að semja tónlist fyrir nýja kvikmynd Valdísar Óskarsdóttur, Kóngaveg 7. Þetta er í fyrsta sinn sem hún semur kvikmyndatónlist og líst henni vel á verkefnið. „Það gengur bara vel. Ég er mjög spennt að sjá hvernig þetta fer,“ segir hún. - fb



**LAY LOW** Tónlistarkonan Lay Low er farin til Ástralíu í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Drekkur svart kaffi

Fyrrverandi Playboy-kanínan Kendra Wilkinson eignaðist fyrir stuttu sitt fyrsta barn, soninn Hank Jr. Hin nýbakaða móðir deildi hamingju sinni með heiminum í gegnum Twitter-síðu sína fyrir stuttu. „Ég var vakandi aftur í alla nótt með litla manninum, en nýt hverrar mínútu.“ Hún sagðist jafnframt vera ánægð með að geta nú drukkið kaffi á ný. „Það er frábært að eiga endurfundi við besta vin sinn sem ég hef ekki séð í níu mánuði. Kaffi! Ég vil kaffið svart.“

Kendru skaut upp á stjörnuhimininn í kjölfar þáttanna The Girls Next Door, en þar var fylgst með Hugh Hefner og heimilislífi hans.



**HAMINGJUSÖM** Kendra Wilkinson er ánægð með að geta drukkið kaffi á ný.

Tónlist ★★★

**Bjarni Hall**

The Long Way Home




Þessi fyrsta sólóplata Bjarna Hall úr Jeff Who? hefur að geyma heldur áreynsluminna popp en hljómsveitin er hvað þekktust fyrir. Drungalegt umslag plötunnar gefur reyndar í skyn enn þá rólegri og innhverfari tónlist en hljómar á henni því á köflum er Bjarni í léttum Jeff Who?-gír. Bjarni fær aðstoð góðra manna á plötunni, þar á meðal frá Arnari Guðjónssyni úr Leaves sem annast upptökustjórn og sér um hljóðfæraleik, enda er þar vandað vel til verka.

Fyrsta lagið Wintro er heldur tilþrifalítil ballaða en næsta lag á eftir, R.I.P., er strax hressara þrátt fyrir að titillinn gefi það síður en svo til kynna. Gítarinn í The Midnight Cowboy er í anda Suede og lagið sjálft er sannkallað þægindapopp sem vinnur á við endurtekna hlustun. Bestu lög plötunnar eru annars hið upplífgandi Love Song og Now You're Gone þar sem ástarsorgin er allsráðandi. Titillagið The Long Way Home, Nobody's Nose og The Midnight Cowboy voru einnig ágæt.

Þessi sólóplata er nokkuð góð frumraun og sýnir að Bjarni getur vel staðið einn og sér án aðstoðar Jeff Who? Vonandi verða samt fleiri framúrskarandi lög á næstu plötu hans. Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Ágæt sólóplata frá Bjarna Hall. Enn þá sterkari lagasmíðar óskast samt á næstu plötu.

# Bretaprins spælir egg

Vilhjálmur Bretaprins tók að sér að elda morgunmat fyrir heimilislaus ungmenni nú stuttu fyrir jól, en með honum í för voru unnusta hans og yngri bróðir hennar. Prinsinn var klæddur svuntu og steikti beikon, egg og tómata handa krökkunum á meðan hann gantaðist við þau og sagði sögur. Vilhjálmur sagðist meðal annars vera mun betri í að gera spælegg heldur en hrærð egg. „Dagur sem þessi er mér mikilvægur. Ég fæ meira út úr þessu en að klæðast kjólfötum og sækja veislur. Fyrir suma eru jólin erfiður tími og ég var mjög snortinn þegar ég heyrði sögur krakkanna sem dvelja hér á heimilinu,“ sagði prinsinn í viðtali við tímaritið Hello.



**GÓÐHJARTAÐUR PRINS** Vilhjálmur lét gott af sér leiða fyrir jólin.

# Popparar bjarga heiminum

**Thom Yorke, söngvari Radiohead, hefur bæst í hóp þeirra fjölmörgu poppara sem láta sér ekki nægja að stíga á svið og syngja fyrir þúsundir áhorfenda. Hann vill leggja sitt af mörkum til að breyta heiminum til hins betra.**

**Umhverfisvænn Yorke**

Thom Yorke mætti óvænt á loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn vegna þess að honum fannst hann ekki vera nógu vel upplýstur um gang mála. Radiohead hefur lengi látið sig loftslagsmál varða og reynir hljómsveitin hvað hún getur til að menga ekki umhverfi sitt. „Mér fannst ég tilneyddur að reyna að koma auga á einhverja vonarglætu í þessum umræðum, bæði fyrir börnin okkar og þeirra,“ skrifaði Yorke á bloggsíðu Radiohead.





**Geldof gegn fátækt**

Írski söngvarinn, lagahöfundurinn og rithöfundurinn Bob Geldof hefur lengi barist gegn fátækt í Afríku, rétt eins og Bono. Árið 1984 stofnaði hann hljómsveitina Band Aid sem söng lagið We Are the World til að afla fjár gegn hungursneyð í Eþíópíu og árið eftir skipulagði hann Live Aid-tónleikana. Fyrir fjórum árum endurtók hann leikinn með Live 8-tónleikunum sem voru haldnir víðs vegar um heiminn.

**Berst fyrir Afríku**

Bono er þekktur fyrir mannúðarstarf sitt. Hann hefur barist fyrir því að felldar verði niður skuldir fátækra Afríkuríkja og einnig hefur hann barist ötullega gegn útbreiðslu alnæmis í heimsálfunni. Bono er áhrifamikill maður og hefur átt fundi með hverjum stjórnmálamanninum á fætur öðrum, þar á meðal George W. Bush og Tony Blair, auk þess sem sjálfur Jóhannes Páll páfi II. var góður kunningi hans.



**Meira sjálfstæði**

Björk Guðmundsdóttir hefur látið sig sjálfstæðismál varða, enda þurftum við Íslendingar lengi að berjast fyrir sjálfstæði okkar. Hún studdi á sínum tíma sjálfstæðisbaráttuna í Kosovo og stutt er síðan hún tileinkaði lag sitt Declare Independence sjálfstæðisbaráttu Grænlendinga og Færeyinga. Hún vakti heimsathygli þegar hún tileinkaði Tíbetum lagið á tónleikum í Kína og er fyrir vikið ekki velkomin þangað á næstunni.





**Ættleiddi tvo drengi**

Madonna hefur farið aðrar leiðir í mannúðarstarfi sínu. Hún finnur til með börnum sem eiga um sárt að binda í Afríku og fyrir nokkrum árum ferðaðist hún til Malaví þar sem hún ættleiddi ungan dreng. Reyndar tók nokkurn tíma að löggilda ættleiðinguna en það tókst á endanum. Söngkonan ættleiddi annan dreng frá Malaví fyrr á þessu ári og í þetta sinn þurfti úrskurð hæstaréttar til að löggilda ættleiðinguna.

**Sanngjörn viðskipti**

Chris Martin, söngvari Coldplay, hefur barist ötullega fyrir bættum viðskiptaháttum í heiminum. Hann hefur ferðast til Gana og Haítí til að hitta bændur og kynna sér af eigin raun það óréttlæti sem þeir telja sig vera beittir. Á tónleikum er hann jafnan skreyttur Make Trade Fair, MTF eða annars konar áletrun til að minna umheiminn á baráttu sína.





ÁRAMÓTAPARTÝ
..á Broadway
AÐALSALUR
SÁLIN
HLIÐARSALUR
Techno.is
Dj halda uppi stuðinu
Miðaverð kr. 2500,-
Forsala miða í Broadway 28. til 30. desember kl. 13:00-17:00
Húsið opnar á miðnætti
Miller
Miðasala í síma 533 1100 - www.broadway.is
BROADWAY



**3. janúar – Ódýrt spaug**
Í byrjun janúar bárust þær fréttir að áramótaskaupið hefði kostað 26 milljónir. Silja Hauksdóttir, leikstjóri Skaupsins, fékk því fjórum milljónum minna til ráðstöfunar en Ragnar Bragason árið áður.

**4. janúar – Björk á heilsuhæli í Litháen**
Björk Guðmundsdóttir glímdi við erfiðleika með rödd sína. Hún fór til Englands daginn eftir Náttúrutónleikana þar sem hún dvaldi næstu tvær vikurnar og hitti sérfræðinga. Eftir það var hún á heilsuhæli í Litháen.

**15. janúar – Sveppi gerir bíómynd**
Í byrjun árs bárust fréttir af því að sjónvarpsmaðurinn Sverrir Þór Sverrisson ætlaði að ráðast í gerð bíómyndar. Algjör Sveppi og leitin að Villa var svo frumsýnd seinna á árinu og naut gríðarlegra vinsælda.

**24. janúar – Danir hjálpa til**
Stærsta rokksveit Dana, Disneyland after Dark eða D-A-D, kom til Íslands og hélt styrktartónleika fyrir Íslendinga í Danmörku á Nasa 24. janúar. D-A-D var til langs tíma sú hljómsveit sem sló lokapunktinn á Hróarskelduhátíðina og þekkja hana margir Íslendingar.



**28. janúar – Íslendingar safna lopapeysum handa Bretum**
Arnarfellið hélt til Hull í janúar með tuttugu tonn af hvers kyns lopavörum, rúma fimmtíu rúmmetra af lopapeysum, síðbrókum, húfum og vettlingum. Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir í útvarpsþættinum Ísland í bítið höfu söfnunina fyrir breska eldri borgara.



# Árið sem Ísland lifði af

**Árið 2009 var gott ár í íslenskri dægurmenningu. Íslenskir hönnuðir sigruðu heiminn og seldu stórstjörnum vöru sína, Ragnar Kjartansson sló í gegn í Feneyjum og Baltasar Kormákur seldi kvikmyndaréttinn að Reykjavík-Rotterdam sem Mark Wahlberg mun leika í. Stefán Karl Stefánsson vann hug og hjörtu íbúa Hollywood með frammistöðu sinni í The Grinch og Fangavaktin tröllreið öllu í íslensku sjónvarpi. Tveir kokkar söfnuðu skeggi í mótmælaskyni við háa stýrivexti Seðlabankans og svona mætti lengi telja. Fréttablaðið rifjar upp helstu atburði ársins 2009.**

**12. febrúar – Jóhanna vinnur undankeppni Eurovision**
Jóhanna Guðrún vann íslensku undankeppni Eurovision með lagið Is It True. Ingó Veðurguð var í öðru sæti með lagið Undir regnboganum.

**18. febrúar – Sigur Rós með tvenn verðlaun**
Hljómsveitin Sigur Rós hlaut tvenn verðlaun þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í fimmtánda sinn í febrúar. Meðlimir sveitarinnar voru verðlaunaðir sem höfundur ársins auk þess sem plata Sigur Rósar, Með suð í eyrum við spilum endalaust, var valin besta platan.



**19. febrúar – Björn Jörundur: Ég er ekki góð fyrirmynd**
„Þegar ég var ungur var Bubbi Morthens mín fyrirmynd. Þetta er kannski afleiðing af því," sagði Björn Jörundur eftir að nafn hans kom upp í tengslum við fíkniefnamál.



**Miðvikudagur 4. mars – Skrifar ævisögu Villa Vill**
Jón Ólafsson tók að sér það verkefni að rita ævisögu Vilhjálms Vilhjálmssonar heitins. Sena gaf út bókina og var þetta í fyrsta sinn sem fyrirtækið gaf út bók.





**Laugardagur 7. mars – Tískudrottningar í harðvítugum deilum**
Frönsk verksmiðja tilkynnti Ástu Kristjánsdóttur að fyrirtækið væri hætt við að framleiða fatnað E–label. Ástæða riftunarinnar var sögð sú að Svava Johansen, eigandi tískukeðjunnar NTC, hefði hótað að draga viðskipti sín til baka ef ekki yrði hætt að framleiða E–label í verksmiðjunni.



**Laugardagur 14. mars – Vaktmenn verða kvikmynd**
Kvikmynd byggð á Næturvaktinni, Dagvaktinni og Fangavaktinni fær vilyrði fyrir styrk úr Kvikmyndasjóði. Hún varð síðar að Bjarnfreðarsyni sem var frumsýnd um jólin.

**15. apríl – Fimm þúsund sáu Draumalandið**
Tæplega fimm þúsund manns sáu Draumalandið, heimildarmynd Andra Snæs Magnasonar og Þorfinns Guðnasonar, um páskahelgina.

**28. apríl – Anna frumsýnd í Cannes**
Stuttmyndin Anna eftir Rúnar Rúnarsson hefur verið valin á Cannes–hátíðina í maí. Þetta er í annað sinn sem Rúnar hlýtur þennan heiður.



**31. apríl – Innhverf íhugun Lynch til bjargar Íslandi í kreppu**
David Lynch kom til landsins og flutti fyrirlestur um innhverfa íhugun, eða transcendental meditation eins og hún kallast á ensku.



**13. maí – Fékk sjö milljóna styrk.**
Þorvaldur Davíð Kristjánsson, nemi við leiklistardeild Juilliard–listaháskólans í New York, fékk óvæntan glaðning í síðustu viku þegar hann fékk styrk frá The Robin Williams Scholarship en hann hljóðar upp á sjö og hálfa milljón íslenskra króna.

**17. maí – Silfurstelpan Jóhanna**
Jóhanna Guðrún Jónsdóttir lendir í öðru sæti í Eurovision í Moskvu. Þjóðin fer á hvolf og tekur á móti henni sem þjóðhetju.



**30. maí – Lisbeth Salander kemur til Íslands**
Tekist hafa samningar milli dreifingarfyrirtækisins Senu og Nordisk film um að kvikmyndin Karlar sem hata konur verði sýnd hér á landi. Myndin var frumsýnd 22. júlí og aðalleikkona myndarinnar, hin sænska Noomi Rapace, var viðstödd frumsýninguna.



**1. júní – The Silver kemur á markað**
Logi Geirsson og Björgvin Páll Gústafsson setja á markað gel sem heitir höfuðið á fræknum silfurverðlaunum kappanna, The Silver.

**4. júní – Laxness á arabísku**
Samningar nást við Arab Scientific Publisher um að gefa Halldór Laxness út á arabísku. Brekkukotsannáll verður fyrsta bókin.

**10. júní – Bubbi í Good Morning America**
Þáttastjórnendur Good Morning America vinna innslag með Bubba undir yfirskriftinni The Icelandic Phenomenon – eða íslenska undrið

**19. júní – Ósáttir við borgarlistamann**
Áheyrnarfulltrúar Bandalags íslenskra listamanna, BÍL, í menningar– og ferðamálaráði lögðu fram bókun við þá ákvörðun að Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður var útnefnd borgarlistamaður Reykjavíkurborgar.



**30. júní – Kalli Bjarni snýr aftur**
Kalli Bjarni í æfingabúðum með glænýrri hljómsveit. Karl Bjarni Guðmundsson, betur þekktur sem Kalli Bjarni, söngvarinn, sem heillaði þjóðina upp úr skónum í Idol–stjörnuleit Stöðvar 2, sat bak við lás og slá nánast samfleytt síðan í júní 2007 en var látinn laus 2. ágúst á þessu ári.

**3. júlí – Vesturport og Cave vinna saman**
Leikhópurinn Vesturport og Nick Cave ákveða að vinna saman að nýrri leikgerð af Faust. Nick Cave og félagi hans Warren Ellis semja tónlistina.

**8. júlí – Jóhanna semur við Warner**
Jóhanna Guðrún semur við útgáfurisann Warner um útgáfu á plötu hennar Butterflies and Elvis í Evrópu.

**14. júlí – Borgin stofnuð**
Hljómplötuútgáfan Borgin er stofnuð af Steinþóri Helga Arnsteinssyni, Guðmundi Kristni Jónssyni og Baldvin Esra Einarssyni.

**18. júlí – Rússnesk stórmynd á Íslandi**
Saga Film tilkynnir að rússneski leikstjórinn Aleksandr Sokurov mun taka upp stórmynd á Íslandi. Sigurður Skúlason fer með hlutverk í myndinni.

**23. júlí – Stofnar útvarpsstöð**
Einar Bárðarson stofnar útvarpsstöðina Kaninn sem er staðsett á Keflavíkurflugvelli. Tvíhöfði og Gulli Helga snúa aftur á öldur ljósvakans.

**12. ágúst – Forman heiðursgestur**
Leikstjórinn Milos Forman verður heiðursgestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF.

**19. ágúst – Kokkar mótmæla**
Matreiðslumennirnir Úlfar Eysteinsson og Tómas Tómasson mótmæla háum stýrivöxtum með skeggvexti.

**25. ágúst – Dorrit reddaði Winslet**
Forsetafrúin Dorrit Moussaieff fékk leikkonuna Kate Winslet til að tala inn á heimildarmyndina Sólskinsdrengurinn.

**2. sept – Íslensk hönnun í Top Shop**
Vörur frá E-label, fatamerki Ástu Kristjánsdóttur og Hebu Hallgrímsdóttur, eru farnar í sölu í verslun Topshop við Oxford Circus í London.

**8. sept – Tískuvikan var hryllileg, algjör hörmung**
Blaðamaðurinn Cator Sparks var ekki hrifinn af Iceland Fashion Week: sýningarpallurinn samanstóð af stöflum af íslenskum vatnsflöskum á vörubrettum og sýningin var haldin í miðri bæjarhátíð! Þetta var hræðilegt!"

**7. október – Reykjavík-Rotterdam í Hollywood**
Bandarískir kvikmyndavefmiðlar greina frá því að Mark Wahlberg muni leika aðalhlutverkið í endurgerð á íslensku kvikmyndinni Reykjavík-Rotterdam sem Óskar Jónasson leikstýrði.

**14. okt. – Westlife til Íslands**
„Þeir ætla að hafa svona snjó-áherslur í myndbandinu, jökla og ísjaka," segir Leifur B. Dagfinnsson hjá framleiðslufyrirtækinu True North.

**31. okt. – Á toppnum í Færeyjum og á Íslandi**
Félagarnir Friðrik og hinn færeyski Jógvan eru í efsta sæti vinsældalista, bæði á Íslandi og í Færeyjum.

**3. nóvember – Samdi dans fyrir Shakiru**
Katrín Hall kemst í kastljósið þegar Fréttablaðið greinir frá því að hún hafi samið dans fyrir kólumbísku þokkadísina Shakiru.

**7. nóvember – Nylon til Hollywood**
Söngflokkurinn Nylon lætur á sér kræla á ný þegar stúlkurnar þrjár semja við Hollywood Records. Þær breyta um nafn; heita nú The Charlies.

**20. nóvember – Ragnar á Sundance**
Myndbandsverk Ragnars Kjartanssonar er valið til sýningar á Sundance-kvikmyndahátíðinni sem er hugarfóstur Roberts Redford.

**27. nóvember – Beyoncé kaupir íslenska hönnun**
Bandaríska söngkonan Beyoncé mætir í Top Shop í London og líst svona ljómandi vel á heavy metal-sokkabuxurnar frá íslenska fyrirtækinu E-label að hún fjárfestir í þeim.

**28. nóvember – Kylie bætist í hópinn**
Ástralski söngfuglinn Kylie Minogue tilkynnir að hún muni klæðast skóm frá íslenska fyrirtækinu Gyðju á tónleikaferð sinni.


Risa
leikjalagersala
í BT Skeifunni
algjör
Rugl
verð
PSP
PSP LEIKIR FRÁ
499
XBOX 360
XB360 LEIKIR FRÁ
499
PC-leikir
PC LEIKIR FRÁ
99
PlayStation 2
PS2 LEIKIR FRÁ
499
PS3
PS3 LEIKIR FRÁ
1.999
Ertu búinn með leikinn?
spilað & skilað
Við kaupum hann af þér!
Komdu með gamla leikinn þinn í BT
og fáðu inneignarnótu
eða annan leik í staðinn.
Við tökum við
PS2 - PS3 - Wii
og DS leikjum
Inneignarnótur
BT gilda
einnig í
ORMSSON
BT
BT Skeifan • BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 6:20 - 8 - 9 - 10:20 - 11:20 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN ísl. Tali | kl. 1:30 - 2 - 3:40 - 4:10 - 5:50 | L |
| OLD DOGS | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| SORORITY ROW | kl. 10:30 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:20 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 9 - 10 - 10:20 - 11:20 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1 - 2 - 4:10 - 6 | L |
| OLD DOGS | kl. 2 - 4 - 8 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6:20(3D) | 7 |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA 26., 27. OG 28. DESEMBER

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl 1:30 - 4 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl 1:30 - 3:30 - 5:45 - 8 - 8:30 - 10:20 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl 6 | 7 |
| SORORITY ROW | kl 10:40 | 16 |




VINSÆLT MEÐAL KÓNGAFÓLKS Ekkert lát er á vinsældum Cintamani á meðal þeirra konungborinu í Skandinavíu. Elva Rósa Skúladóttir er einn þriggja hönnuða Cintamani. Norski sjónvarpsmaðurinn Noman Mubashir hefur einnig verið myndaður í úlpu frá fyrirtækinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# VINSÆL HJÁ KÓNGAFÓLKI

**Elva Rósa Skúladóttir starfar sem hönnuður hjá íslenska fyrirtækinu Cintamani, en útivistarfatnaður þess hefur slegið í gegn hjá norrænu konungsfjölskyldunum.**

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hafa myndir af bæði norsku prinsessunni Mette Marit og dönsku prinsessunni Mary Donaldson klæddum flíkum frá Cintamani birst í þarlendum tímaritum.

„Það eru stílistar konungsfólksins sem kaupa á það og koma fötunum til þess. Í tilfelli Mette Marit þá er það hún sjálf sem velur sumar flíkurnar á sig og fjölskyldu sína eftir að hafa kynnst merkinu okkar, þannig að þetta er auðvitað mikill heiður fyrir okkur sem stöndum að þessu,“ útskýrir Elva Rósa og bætir við að fyrirtækið hafi það að leiðarljósi að flíkurnar virki sem skyldi en líti vel út á sama tíma. Að auki hefur norski sjónvarpsmaðurinn Noman Mubashir, sem er þekktur í heimalandi sínu, einnig verið myndaður í úlpu frá Cintamani.

Elva Rósa er einn þriggja hönnuða sem vinna hjá fyrirtækinu og segir hún Cintamani vera afrakstur samvinnu þessara hönnuða. Starfið segir hún krefjandi en skemmtilegt. „Þetta er rosalega gaman en svakalega erfitt. Við þurfum að fylgjast vel með öllu því nýjasta í efnum og tækni og flíkurnar þurfa að virka vel. Það má ekkert hefta mann og fötin eiga að láta manni líða sem best svo eigandinn geti notið sín í útivistinni. Þetta er allt annað en að hanna kjól sem þarf bara að vera fínn. Það er mikil pæling á bak við hverja einustu flík.“ Í október opnaði Cintamani nýja verslun í Kringlunni sem verður flaggskip fyrirtækisins og þykir öll hin glæsilegasta. „Hún gengur mjög vel og þar getum við leyft okkar útliti að njóta sín algjörlega.“ - sm

## Vinsæl Swift

**Söngkonan unga, Taylor Swift, var á dögunum kosin Skemmtikraftur ársins í Bandaríkjunum. Hópur blaðamanna og ritstjóra valdi Swift sem skemmtikraft ársins og í umsögn eins blaðamannsins sagði að á tímum „tilbúinna“ tónlistarmanna væri Swift, sem semur og flytur sín eigin lög, einstök. „Hún nær að gera þetta allt með þokka og fágun og án þess að svo mikið sem muldra eitt blótsyrði eða dansa fáklædd upp við súlu.“**

**Taylor Swift hélt upp á tvítugsafmæli sitt á árinu og því er þetta einstakur árangur hjá svo ungri stúlku. Þegar AP-fréttastofan náði af henni tali sagðist hún vera „mjög spennt og mjög þakklát. Þetta kom mér á óvart, en ég er afskaplega þakklát“.**



**VINSÆLUST** Taylor Swift var valin Skemmtikraftur ársins 2009.


GLEÐILEG JÓL! JÓLAMYNDIN 2009! GLEÐILEG JÓL!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr. — 950 kr. kl. 1

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D | kl. 1 - 4.40 - 5.40 - 8 - 9 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| AVATAR LÚXUS | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1 - 2 - 3.10 - 4.10 - 6.20 - 8.30 | L |
| 2012 | kl. 10.40 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr. — 950 kr. kl. 1

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1.30 - 2.40 - 3.40 - 4.50 - 5.50 - 7 | L |
| WHATEVER WORKS | kl. 8 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 10.10 | 12 |
| DESEMBER | kl. 9 | 10 |

facebook.com/smarabio

AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 2* - 4 - 6 - 8 | L |
| AVATAR 2D | kl. 2* - 5 - 8 - 10 | 10 |

*Aðeins laugardag og sunnudag

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 enskt tal | L |
| AVATAR 2D | kl. 3.20 - 6.45 - 10.10 | 10 |
| JULIE AND JULIA | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.35 | L |

ATH: TÍMAR GILDA FRÁ 26. - 31. DESEMBER

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus — GLEÐILEG JÓL




550 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 2, 4, 6 og 8 | L |
| AVATAR 3D - POWER | kl. 3.50, 7, 8, 10.10 og 11 | 10 |
| BAD LIEUTENANT | kl. 10.10 | 16 |
| ARTÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 2 og 4 | L |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 2 og 6 - Íslenskt tal | L |



# ÁRAMÓTATILBOÐ

**ÖLL SJÓNVÖRP BJÓÐAST Á 6 MÁNAÐA VAXTALAUSUM GREIÐSLUM 28. - 31. DESEMBER. GILDIR MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM!**

## NOKKUR DÆMI UM GÆÐA TÆKI Á GÓÐU VERÐI




**Panasonic**

**Panasonic TXP42C10Y**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768p uppl., 100Hz, 24p, Vreal 4, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, Viera Link, DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 Scart, 2 HDMI, Comp., CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




**TOSHIBA**

**Toshiba 40LV685DN**
40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 100Hz, 24 FPS, uppskölun, 50.000:1 dýnamískri skerpu, Game Mode, baklýsingu, DVB-T stafr. móttakara, USB 2.0, 4 HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990




**PHILIPS**

**Philips 42PFL5604H**
42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x 1080p uppl., Pixel Plus HD, dýnam. 50000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, USB, PC tengi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Component ofl.

**TILBOÐ 234.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




**Panasonic**

**Panasonic TXP42G10**
42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, Intelligent Frame Creation Pro, 600Hz, 24p, x.v Colour, dýnamísk Infinite Black 2.000.000:1 skerpa, 3D Colour, Sub Pixel Control, VIERA Link, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 319.990




**PHILIPS**

**Philips 42PFL8404H**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., 100Hz Clear LCD, Ambilight Spectra, Pixel precise HD, HD Natural Motion, 3ms svartíma, dýnamískri 80.000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, Net TV, YouTube, DLNA vafra, USB, 4x HDMI, RCA, VGA ofl.

**TILBOÐ 319.990**
FULLT VERÐ kr. 359.990




**Panasonic**

**Panasonic TXP46GA11**
46" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x1080p uppl., Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 2 Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 349.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990

## ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

## > Jón Arnór hefur góð áhrif

CB Granada vann í gær sinn annan leik í röð í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta þegar liðið vann 83-76 sigur á Fuenlabrada á útivelli. Þetta var þriðji leikurinn hjá Jóni Arnóri síðan hann sneri til baka úr meiðslunum og því ljóst að Íslendingurinn er strax farinn að hafa góð áhrif á Granada-liðið sem var búið að tapa nokkrum leikjum í röð fyrir endurkomu hans. Jón Arnór var með 6 stig og 2 stoðsendingar á 22 mínútum og spilaði lokamínútur leiksins þegar Granada landaði sigrinum.



# sport

sport@frettabladid.is

JÓN ORRI KRISTJÁNSSON: KALLAÐUR KÍNA-JÓN EFTIR GÓÐA FRAMMISTÖÐU MEÐ KR-LIÐINU Í KÍNAFERÐINNI

## *Vonuðust til að Kína-Jón kæmi með heim*

Íslandsmeistarar KR-inga skelltu sér til Kína skömmu fyrir jól og léku tvo sýningarleiki á móti Peking Aoshen. Miðherjinn Jón Orri Kristjánsson blómstraði í ferðinni og var með 26 stig og 18 fráköst samanlagt í leikjunum tveimur. Jón Orri sprakk út hinum megin á hnettinum eftir að hafa aðeins verið með 3,9 stig og 3,1 frákast að meðaltali í fyrstu 9 deildarleikjum sínum með Vesturbæjarliðinu.

„Mér hlýtur bara að líða bara svona vel í Kína," segir Jón Orri í léttum tón en segir síðan: „Þetta var svolítið öðruvísi körfubolti. Þeir slógu okkur, klipu og rifu í okkur og ég fann mig bara vel í þessum aðstæðum," segir Jón Orri sem er þekktur baráttumaður sem gefur ekkert eftir inni á vellinum.

„Það var hrikalega gaman að koma til Kína og fá tækifæri til þess að komast inn í annan heim," rifjar Jón Orri upp. „Ég held að það sé á hreinu að hópurinn náði að þjappa sér betur saman í þessari ferð. Það eru fimm eða sex leikmenn sem hafa ekkert spilað með KR áður þannig að við máttum alveg við því að kynnast örlítið betur," segir Jón Orri. Hann vissi það líka best sjálfur að hann getur betur en hann hefur sýnt í leikjunum hér heima.



„Ég er búinn að vera glataður í vetur og get ekkert hlaupið í felur með það. Ég er að komast í betra og betra form og ég hlýt bara að fara að finna mig betur. Ég var betri með Þór í fyrra og er í miklu betra formi núna. Eigum við ekki að segja að ég sé að bíða eftir því að úrslitakeppnin byrji," segir Jón Orri. Hann á í harðri samkeppni við fyrirliðann Fannar Ólafsson og Finn Atla Magnússon. „Þetta á að vera okkar styrkleiki að vera með þrjá stóra og sterka menn enda höfum við verið að taka fleiri fráköst en flest lið. Fannar og Finnur eru báðir búnir að spila brjálæðislega vel. Ég hlýt að detta inn bráðum," segir Jón Orri.

Jón Orri fékk strax viðurnefnið Kína-Jón eftir að hafa spilað svona vel í leikjunum á móti Peking Aoshen. „Þeir vonuðust til að Kína-Jón kæmi heim en ekki íslenski Jón. Ég á enn eftir að sýna það hvor maðurinn kom aftur heima frá Kína en strákarnir í KR-liðinu sögðust kunna miklu betur við Kína-Jón," segir Jón Orri hlæjandi.

## ENSKI BOLTINN

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| BURNLEY-BOLTON | 1-1 |
| 0-1 Gary Cahill (28.), 1-1 David Nugent (55.). Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn. | |
| LIVERPOOL - WOLVES | 2-0 |
| 1-0 Steven Gerrard (61.), 2-0 Yossi Benayoun (69.). | |
| MANCHESTER CITY-STOKE CITY | 2-0 |
| 1-0 Martin Petrov (27.), 2-0 Carlos Tevez (47.). | |
| SUNDERLAND-EVERTON | 1-1 |
| 1-0 Darren Bent (16.), 1-1 Marouane Fellaini (84.). | |
| WEST HAM - PORTSMOUTH | 2-0 |
| 1-0 Alessandro Diamanti (22.), 2-0 Radoslav KovÃic (88.). Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn með Portsmouth. | |
| WIGAN-BLACKBURN ROVERS | 1-1 |
| 0-1 Benni McCarthy (29.), 1-1 Hugo Rodallega (52.) | |
| ARSENAL - ASTON VILLA | 3-0 |
| 1-0 Cesc Fabregas (64.), 2-0 Cesc Fabregas (80.), 3-0 Abou Diaby (90.). | |
| HULL CITY - MANCHESTER UNITED | 1-3 |
| 0-1 Wayne Rooney (46.), 1-1 Craig Fagan (58.), 1-2 Sjálfsmark (73.), 1-3 Dimitar Berbatov (81.) | |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **19** | **13** | **3** | **3** | **43-15** | **42** |
| Man. United | 19 | 13 | 1 | 5 | 40-18 | 40 |
| **Arsenal** | **18** | **12** | **2** | **4** | **47-20** | **38** |
| Aston Villa | 19 | 10 | 5 | 4 | 29-17 | 35 |
| **Tottenham** | **19** | **10** | **4** | **5** | **40-22** | **34** |
| Man. City | 18 | 8 | 8 | 2 | 35-27 | 32 |
| **Liverpool** | **19** | **9** | **3** | **7** | **36-25** | **30** |
| Birmingham | 19 | 8 | 5 | 6 | 19-18 | 29 |
| **Fulham** | **18** | **7** | **6** | **5** | **23-17** | **27** |
| Sunderland | 19 | 6 | 4 | 9 | 26-29 | 22 |
| **Stoke City** | **18** | **5** | **6** | **7** | **15-22** | **21** |
| Blackburn | 19 | 5 | 5 | 9 | 18-33 | 20 |
| **Burnley** | **19** | **5** | **5** | **9** | **22-38** | **20** |
| Everton | 18 | 4 | 7 | 7 | 24-32 | 19 |
| **Wolves** | **19** | **5** | **4** | **10** | **17-33** | **19** |
| Wigan | 18 | 5 | 4 | 9 | 21-39 | 19 |
| **West Ham** | **19** | **4** | **6** | **9** | **28-35** | **18** |
| Bolton | 17 | 4 | 5 | 8 | 24-34 | 17 |
| **Hull City** | **19** | **4** | **5** | **10** | **18-40** | **17** |
| Portsmouth | 19 | 4 | 2 | 13 | 17-28 | 14 |

**Leikirnir í dag:** Tottenham-West Ham United (Klukkan: 12:45), Blackburn-Sunderland, Chelsea FC Fulham, Everton-Burnley, Stoke-Birmingham (15:00) og Wolves-Manchester City (19:45).
**Á morgun mætast:** Aston Villa-Liverpool og Bolton-Hull City

# Forskot Chelsea aðeins tvö stig

**Manchester United og Arsenal voru einu toppliðin sem unnu í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Liverpool vann langþráðan sigur og komst upp í 7. sætið. Manchester City byrjaði vel undir stjórn Roberto Mancini.**

**FÓTBOLTI** Spennan magnaðist á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir leiki helgarinnar en toppliðið Chelsea varð enn á ný að sjá á eftir stigum þegar liðið gerði markalaust jafntefli við Birmingham. Manchester United nýtti sér þetta með því að minnka forskot lærisveina Carlo Ancelotti í aðeins tvö stig og 3-0 sigur Arsenal á Aston Villa þýðir að mennirnir hans Arsene Wenger eru aðeins fjórum stigum á eftir Chelsea og eiga að auki leik inni.

Manchester United komst aftur á sigurbraut eftir 3-1 sigur á Hull á útivelli. Wayne Rooney lagði upp tvö mörk á síðustu 17 mínútunum og sá til þess að mistök sín kostuðu ekki Manchester United stig. Rooney skoraði fyrsta markið og átti því þátt í öllum mörkum sinna manna í leiknum.



**FRÁBÆR INNKOMA** Cesc Fabregas, fyrirliði Arsenal, þurfti ekki langan tíma til að sýna snilli sína. MYND/GETTYIMAGES

„Þeir skoruðu markið eftir mín mistök og stjórinn hefði ekki verið ánægður með mig ef við hefðum ekki unnið," sagði Rooney eftir leikinn. „Þetta er geðveik deild, fullt af liðum að tapa stigum og þetta er orðið mjög jafnt. Vonandi náum við upp meiri stöðugleika í seinni hlutanum," sagði Wayne Rooney.

Arsenal vann 3-0 sigur á Aston Villa í baráttu liðanna í 3. og 4. sæti ensku úrvalsdeildarinnar. Cesc Fabregas, fyrirliði Arsenal-liðsins, byrjaði á bekknum en kom inn á og skoraði tvö mörk í seinni hálfleiknum.

Fabregas skoraði glæsimark beint úr aukaspyrnu aðeins átta mínútum eftir að hann kom inn í leikinn í seinni hálfleik og gerði síðan seinna markið sitt níu mínútum fyrir leikslok eftir frábæra sendingu frá Theo Walcott. Fabregas meiddist um leið og hann skoraði seinna markið sitt og varð að fara af velli í kjölfarið.

„Við vissum fyrir leikinn að hann væri ekki alveg búinn að ná sér. Vonandi kostar þetta ekki langa fjarveru. Þetta er líklega bara smá tognun en hann hefur rifið vöðvann á ný þá þýðir þetta þriggja vikna fjarveru," sagði Arsene Wenger eftir leikinn.



**BÆTTI FYRIR MISTÖKIN** Wayne Rooney MYND/AFP

Robert Mancini byrjaði stjóraferilinn vel með Manchester City á laugardaginn en liðið vann 2-0 sigur á Stoke í hans fyrsta leik. „Þetta var góður leikur að mínu mati. Leikmennirnir mínir voru frábærir því það er ekki auðvelt að spila á móti Stoke. Fyrsta vikan er allt í lagi en við getum gert miklu betur en þetta," sagði Roberto Mancini sem mætti með City-trefilinn um hálsinn.

Chelsea náði aðeins markalausu jafntefli á móti Birmingham þrátt fyrir fjölda tækifæri en Joe Hart átti stórleik í marki Birmingham og varð fyrsti markvörðurinn til þess að halda hreinu á móti Chelsea í vetur.

Liverpool komst upp í sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar með 2-0 sigri á Wolves á Anfield í kvöld. Bæði mörk Liverpool komu eftir fyrirgjafir frá Emiliano Insua og eftir að Stephen Ward var rekinn útaf í upphafi seinni hálfleiks. „Þetta snérist allt um að ná fyrsta markinu. Við vorum stressaðir á tíma í leiknum og við vorum komnir með stuðningsmennina á bakið. Við vissum að það væri lykilatriðið að halda í trúna um að markið kæmi og það kom," sagði Steven Gerrard sem skoraði fyrsta mark Liverpool með þrumuskalla.

Það er skammt stórra högga á milli því næsta umferð ensku úrvalsdeildarinnar hefst strax í dag með sex leikjum.

ooj@frettabladid.is



**GÓÐUR** Jakob Örn Sigurðarson hefur spilað vel með Sundsvall. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sænski körfuboltinn:

## Jakob og félagar upp í 2. sætið

**KÖRFUBOLTI** Jakob Örn Sigurðarson og félagar í Sundsvall fylgdu 84-77 sigri á Solna eftir með því að vinna 87-75 sigur á Gothia rétt fyrir jól.

Með sigrinum komst Sundsvall upp í 2. sætið. Norrköping hefur stungið aðeins af en á meðan harðnar baráttan um annað sætið milli Sundsvall, Solna og Plannja.

Jakon skoraði 24 stig í sigrinum á Solna og var með 19 stig og 67 prósenta skotnýtingu í sigrinum á Gothia. - óój

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði jöfnunarmark Reading á laugardaginnn með skoti beint úr aukaspyrnu:

# Ég hef skorað flottari mörk en þetta

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sitt sjötta mark á tímabilinu þegar hann tryggði Reading 1-1 jafntefli á móti Swansea á laugardaginn. Gylfi Þór skoraði markið beint úr aukaspyrnu sem hann fiskaði sjálfur.

„Þetta var ágætis mark. Skotið fór rétt yfir vegginn og markmaðurinn náði þessu ekki," lýsir Gylfi markinu sínu í leiknum. „Þrátt fyrir að þetta hafi verið gott mark þá hef ég skorað nokkur flottari," segir Gylfi spurður hvort markið um helgina komist í hóp með þeim bestu sem hann hefur skorað. „Ég er búinn að skora áður beint úr aukaspyrnu á tímabilinu því ég skoraði þannig mark á móti Peterborough í deildinni," sagði Gylfi sem er markahæsti leikmaður Reading á tímabilinu ásamt Grzegorz Rasiak.

„Það gengur mjög vel hjá mér að skora en við þurfum að fara að taka einhver stig og vinna einhverja leiki," segir Gylfi.

„Þeir eru í fimmta sæti í deildinni þannig að þeir eru með mjög gott lið. Þetta var kannski sanngjörn úrslit en við vorum að spila á heimavelli og vildum fá þrjú stig," sagði Gylfi sem átti möguleika á að skora sigurmarkið í seinni hálfleik en Dorus de Vries, markvörður Swansea, varði þá vel frá honum. Gylfi tekur næstum því allar aukaspyrnur fyrir Reading og það breytist ekki í bráð eftir markið á laugardaginn.

„Ég hef tekið flestar aukaspyrnur í vetur eftir að ég kom inn í liðið. Maður fær alltaf nokkur tækifæri í hverjum leik til að skjóta á markið," segir Gylfi. „Ívar var eitthvað að biðja um að fá að taka einhverjar aukaspyrnur en ég held að hann sleppi því nú eftir þennan leik," sagði Gylfi í léttum tón.

Gylfi lék allan leikinn með Reading alveg eins og landar hans Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson. „Ég held að þetta sé fyrsti leikurinn sem við spilum allir á þessu tímabili. Brynjar var að spila sem bakvörður þar sem hægri bakvörðurinn okkar var smá meiddur. Brynjar spilaði mjög vel þannig að ég býst ekki við öðru en að hann spili líka á móti Plymouth á morgun [í dag]," segir Gylfi og bætir við: „Það verða því mjög líklega fjórir Íslendingar á vellinum sem gerist ekki oft hérna úti," segir Gylfi.

Kári Árnason og félagar í Plymouth unnu langþráðan en jafnframt óvæntan sigur þegar liðið vann 1-0 útisigur á Cardiff sem var í 4. sæti deildarinnar. Kári lék allan leikinn í miðverðinum og stóð sig vel. Gylfi og félagar í Reading koma síðan í heimsókn í dag þegar liðin mætast í mikilvægum leik í fallbaráttunni. - óój




**SEX MÖRK** Gylfi Þór Sigurðsson hefur spilað vel með Reading á tímabilinu.


Boot cAmp
NÆSTU NÁMSKEIÐ BYRJA 4. JANÚAR!
BOOT CAMP
Hin eina sanna líkamsþjálfun sem skilar þér betra formi en þú hefur nokkru sinni fyrr verið í!
G.I.JANE
Alvöru þjálfun eingöngu fyrir konur í anda Boot Camp! Kennt er í Stúdíó Fitt á Seljavegi.
ÚTINÁMSKEIÐ
Boot Camp Outsiders láta ekkert stöðva sig og æfa utandyra allan ársins hring!
JUNIOR
Hörkulíkamsrækt fyrir hressa krakka á aldrinum 12-15 ára. Styrkur, þol, agi og sjálfstraust.
GRÆNJAXLAR
Boot Camp tímar fyrir þá sem vilja koma sér rólega af stað en samt taka vel á því og ná hröðum og góðum árangri. Allir geta byrjað í Grænjöxlum!
SKRÁNING Á JANÚARNÁMSKEIÐIN ER HAFIN!
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á
WWW.BOOTCAMP.IS
ENGAR AFSAKANIR! - ENGIN UPPGJÖF! - HÁMARKS ÁRANGUR!
Suðurlandsbraut 6b | bootcamp@bootcamp.is | Sími: 517 6070
Boot cAmp

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Flugfélags Íslands Deildarb.*

**Undanúrslit kvenna**

Valur-Haukar 31-26* (15-14)

Mörk Vals: Hrafnhildur Skúladóttir 11, Brynja Steinsen 5, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Ágústa Edda Björnsdóttir 2, Íris Ásta Péturs dóttir 2, Rebekka Rut Skúladóttir 2, Nína Kristín Björnsdóttir 2/2, Soffía Rut Gísladóttir 1, Arndís María Erlingsdóttir 1, Hildigunnur Einarsdóttir 1. Sunneve Einarsdóttir varði 17 skot.

Mörk Hauka: Ramune Pekarskyte 10, Erna Þráins dóttir 8, Ester Óskarsdóttir 3, Erla Eiríksdóttir 1, Sandra Sif Sigurðardóttir 1, Tatiana Zukovska 1, Þórunn Friðriksdóttir 1, Tinna Guðrún Barkardóttir 1. Bryndís Jónsdóttir varði 23 skot.

*** Haukar unnu leikinn 10-0 á kæru og spila því til úrslita í dag.**

Stjarnan-Fram 24-26 (16-12)

Mörk Stjörnunnar: Alina Tamasan 10/5, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 6, Esther Ragnarsdóttir 3, Þórhildur Gunnarsdóttir 2, Kristín Clausen 2, Elísabet Gunnarsdóttir 1. Florentina Stanciu varði 17/3

Mörk Fram: Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 7, Karen Knútsdóttir 6, Stella Sigurðardóttir 4/1, Ásta Birna Gunnarsdóttir 3, Anna María Guðmundsdóttir 2, Marthe Sördal 2, Hafdís Hinriksdóttir 2. Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 12/1.

**Saga úrslitaleikja kvenna**

| | |
|---|---|
| **2006** | **Valur-ÍBV 26-24** |
| 2007 vor | Stjarnan-Grótta 25-23 |
| **2007 jól** | **Valur-Fram 26-21** |
| 2008 jól | Stjarnan-Haukar 28-27 |
| **2009 jól** | **Haukar-Stjarnan Í dag** |

**Útskurður HSÍ í máli Nínu Kristínar Björnsdóttur:**

„Stjórn HSÍ hefur verið tilkynnt að Valur hafi notast við ólöglegan leikmann í leik Vals og Hauka í deildarbikar HSÍ 27.12.09
Þegar leikskýrsla leiksins er skoðuð er skráð í lið Vals leikmaður nr. 27, Nína K. Björnsdóttir. Sá leikmaður er skráður í Hauka með gildan leikmannasamning til 30.06.2010 og getur ekki fengið leikheimild með Val fyrr en 07.01.2010. Að vel athuguðu máli er framkvæmdastjóra HSÍ ekki annað fært en að úrskurða Haukum 10-0 sigur í leiknum."

# Frábær endurkoma Framkvenna

**Það verða Haukar og Fram sem mætast í úrslitaleik deildabikars kvenna. Haukakonur töpuðu fyrir Val í gær en Valsliðið var með ólöglegan leikmann. Allir voru löglegir þegar Fram vann Stjörnuna.**

**HANDBOLTI** „Við sýndum alveg hrikalega góðan karakter að klára þetta. Ég er rosalega ánægður með stelpurnar að hafa snúið þessu við," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, eftir 26-24 sigur á Stjörnunni í stórskemmtilegum leik í gær. Fátt virtist benda til annars í fyrri hálfleik en Stjarnan myndi vinna frekar þægilegan sigur. Garðabæjarstelpur voru 16-12 yfir í hálfleik.

„Margt var ekki að ganga upp hjá okkur í þessum leik og því er ég mjög ánægður með að hafa unnið hér tveggja marka sigur. Það sem breytti þessu var varnarleikurinn í seinni hálfleik. Við breyttum um varnarleik og hugarfarið og sjálfstraustið varð miklu meira," sagði Einar.

Stjarnan virtist vera með leikinn í höndum sér í fyrri hálfleiknum en Framliðið fór á kostum í seinni hálfleik. Mikil spenna var í lokin og hitinn í íþróttahúsinu við Strandgötu rauk upp. Staðan var 24-24 þegar skammt var eftir en síðustu tvö mörk leiksins komu frá Safamýrarliðinu.



**MARKAHÆST** Guðrún Þóra Hálfdánardóttir skorar eitt af sjö mörkum sínum á móti Stjörnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einar var mjög líflegur á bekknum og lét mikið í sér heyra. „Þetta var frábær handboltadagur og flott að enda þetta á svona flottum leik milli tveggja liða sem hafa marga hildi háð. Ég held að áhorfendur hafi vel fyrir peninginn sinn og rúmlega það," sagði Einar.

Valskonur fá ekki að spila til úrslita í keppninni þrátt fyrir að hafa unnið 31-26 sigur á Haukum í hinum undanúrslitaleiknum í gær. Nína Kristín Björnsdóttir lék með Val þrátt fyrir að vera ekki komin með leikheimild. Hún er að skipta í Val úr Haukum en fær ekki leikheimild fyrr en eftir áramót.

### Gaman að mæta Haukum

„Það verður mjög gaman að mæta Haukaliðinu. Við mættum því í úrslitakeppninni á síðasta tímabili og lögðum þær þar og líka í deildinni í vetur. Þær koma dýrvitlausar til þessa úrslitaleiks. Það er titill í boði," sagði Einar.

Gústaf Adolf Björnsson stýrði Stjörnuliðinu í gær þar sem Atli Hilmarsson er staddur erlendis. Elísabet Gunnarsdóttir, fyrirliði Stjörnuliðsins, var súr á svip eftir leikinn.

„Ég bara hreinlega veit ekki hvað gerðist. Við vorum komnar í svo þægilega stöðu en svo hættum við að sækja af sama krafti. Það sem var inni í fyrri hálfleik var hætt að detta inn. Svo voru tæknimistökin of mörg og það varð okkur að falli," sagði Elísabet.

Hún vill ekki skrifa tapið á kæruleysi. „Við vissum vel hvað var undir svo ég get ekki skrifað þetta á neitt kæruleysi. Fyrri og seinni hálfleikurinn var eins og svart og hvítt. Þegar það voru einhverjar þrjár mínútur eftir ná þær að skora úr einhverju frákasti sem ég skil ekki. Við áttum aldrei að missa þennan leik svona úr höndunum á okkur," sagði Elísabet Gunnarsdóttir.



**GÓÐ HÁLFLEIKSRÆÐA** Einar Jónsson náði að vekja sínar stelpur í hálfleik. Hér rekur hann þær áfram í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Stórleikur Hrafnhildar

Hrafnhildur Skúladóttir átti stórleik í fyrri leiknum sem Valsliðið vann 31-26 en hún skoraði 11 mörk í öllum regnbogaslitum í leiknum. Valsliðið vann sig inn í leikinn eftir slaka byrjun en eftir leikinn kom í ljós að Haukar höfðu kært þátttöku Nínu Kristínar Björnsdóttur og að Valsliðið fengi ekki að spila til úrslita í dag.

elvargeir@frettabladid.is




ÚTSALA
á jólavörum hefst í dag
50%
afsláttur
af öllu jólaskrauti
af öllum jólaseríum
og jólaljósum
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Flugfélags Íslands Deildarb.*
**Undanúrslit karla**

| | |
|---|---|
| Haukar-Valur | 29-22 (15-12) |

Mörk Hauka: Sigurbergur Sveinsson 8, Þórður Rafn Guðmundsson 5, Björgvin Þór Hólmgeirs son 5, Stefán Rafn Sigurmansson 2, Guðmundur Árni Ólafsson 2, Jóhann Ingi Jónsson 2, Einar Pétur Pétursson 2, Elías Már Halldórsson 1, Pétur Pálsson 1, Sigurður Guðjónsson 1.
Mörk Vals: Árni Alexander Baldvinsson 5, Atli Már Báruson 5, Fannar Þór Friðgeirsson 4, Sveinn Aron Sveinsson 3, Arnar Guðmundsson 2, Gunnar Harðarson, Gunnar Ingi Jóhannsson 1, Orri Freyr Gíslason 1.

| | |
|---|---|
| FH-Akureyri | 26-35 (13-18) |

Mörk FH: Ólafur Gústafsson 8, Hermann Björnsson 7, Halldór Guðjónsson 4, Guðni Már Kristinsson 3, Reynir Jónasson 2, Ísak Rafnsson 1, Bjarki Jónsson 1.
Mörk Akureyrar: Oddur Gretarsson 11, Jónatan Þór Magnússon 6, Guðmundur Hólmar Helgason 5, Andri Snær Stefánsson 4, Geir Guðmundsson 2, Heiðar Þór Aðalsteinsson2, Hörður Fannar Sigþórsson 2, Hreinn Þór Hauksson 1, Guðlaugur Arnarsson 1, Árni Þór Sigtryggsson 1.

**Saga úrslitaleikja karla**

| | |
|---|---|
| **2006** | **Haukar-Fylkir 36-35** |
| 2007 vor | HK-Stjarnan 29-28 |
| **2007 jól** | **Fram-Haukar 30-28** |
| 2008 jól | Fram-Haukar 35-29 |
| **2009 jól** | **Haukar-Akureyri í dag** |

*Þýska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| THW Kiel-TV Grosswallstadt | 31-26 |

Sverre Andre Jakobsson skoraði eitt mark fyrir Grosswallstadt.

| | |
|---|---|
| HSG Düsseldorf-TSV Dormagen | 34-26 |

Sturla Ásgeirsson komst ekki á blað.

| | |
|---|---|
| SC Magdeburg-TSV GWD Minden | 27-26 |

Gylfi Gylfason skoraði síðan þrjú mörk.

| | |
|---|---|
| SG Flensburg-Hannover-Burgdorf | 31-24 |

Alexander Petersson skoraði ekki.

| | |
|---|---|
| Frisch Auf Göppingen-TBV Lemgo | 32-28 |

Vignir Svavarsson skoraði 3 mörk en Logi Geirsson komst ekki á blað.

| | |
|---|---|
| TuS N-Lübbecke-MT Melsungen | 32-23 |

Heiðmar Felixson komst ekki á blað.

| | |
|---|---|
| HSG Wetzlar-Rhein-Neckar Löwen | 26-34 |

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 7 mörk og Ólafur Stefánsson skoraði 2 mörk en Snorri Steinn Guðjónsson komst ekki á blað.

| | |
|---|---|
| HSV Hamburg-HBW Balingen | 31-26 |
| Füchse Berlin-VfL Gummersbach | 30-24 |

Rúnar Kárason skoraði 1 mark fyrir Füchse og Róbert Gunnarsson skoraði 2 mörk.

# Kjúklingarnir fengu að spreyta sig

**Haukar og Akureyri mætast í úrslitum deildabikarsins í karlaflokki í íþróttahúsinu við Strandgötu í kvöld. Margir reynsluboltar voru hvíldir í undanúrslitaleikjunum sem fram fóru í gær.**

**HANDBOLTI** „Við byrjuðum mjög illa og enduðum illa,“ sagði Einar Andri Einarsson, þjálfari FH, en Hafnarfjarðarliðið tapaði fyrir Akureyri í deildabikarnum í gær. Norðanmenn unnu 35-26 og komust þar með í úrslitaleikinn sem verður gegn Haukum í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði í kvöld.

FH tefldi fram mjög ungu liði í gær. „Við vorum að spila á leikmönnum sem eru ekki vanir því að vera í svona stórum hlutverkum. Á heildina litið er ég gríðarlega ánægður með þeirra leik þrátt fyrir að við höfum tapað þessum leik,“ sagði Einar.

Hann segist þó hafa spilað á reynslulitlum leikmönnum af nauðsyn. „Það eru bara mikil meiðsli hjá okkur svo þetta var ekki með ráðum gert. Það voru margir sem þurftu að spila meiddir síðustu deildarleikina fyrir frí. Mér var bara stillt upp á vegg með það að nota þessu ungu stráka.“

Einar var ánægður með varnarleikinn stærsta hluta leiksins. „Við fengum samt of mikið af hraðaupphlaupum á okkur því við vorum að missa boltann klaufalega í sókninni. Mér fannst allir vera að gera sitt besta og leggja sig fram svo ég er ánægður með liðið í dag.“

Akureyri byrjaði leikinn mun betur og komst í 6-1 á fyrstu mínútunum. Jólasteikin virtist sitja í Hafnarfjarðarliðinu til að byrja með en það náði þó að koma sér í gang og búa til leik. Staðan var 18-13 í hálfleik. Um miðjan síðari hálfleik náði FH frábærum leikkafla og skyndilega var munurinn aðeins eitt mark, 23-22.

FH fékk tækifæri til að jafna metin en það tókst þeim ekki. Viðvörunarbjöllur voru farnar að hringja hjá Akureyringum sem fóru aftur að gefa í og sigldu örugglega fram úr, þeir unnu á endanum sannfærandi sigur með níu marka mun.

„Ég lít svo á að skýringin á því að við hleypum þeim aftur inn í leikinn sé að við vorum værukærir. Við erum ekki nægilega öflugir í að halda forystu og menn voru farnir að gera þetta af 80% krafti. Þegar menn eru að leggja sig alla í þetta erum við með hörku gott lið,“ sagði Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar. Hann vonast til þess að sínir menn verði með af 100% krafti allan leiktímann í úrslitaleiknum í kvöld.

Spurður út í þessa deildabikarkeppni segir Rúnar keppnina vera kærkomna. „Ég er á því að við séum að gera hlé á deildarkeppninni of snemma. Það er vel hægt að leika í deildinni út desember. Það er virkilega erfitt fyrir okkur þjálfarana að skipuleggja okkar lið með svona tveggja mánaða hléi í miðju móti. Það er lengsta hlé sem þekkist held ég. Að mínu mati er það því kærkomið að fá allavega einhver verkefni á þessum tímapunkti,“ sagði Rúnar.



**FYRSTI ÚRSLITLEIKURINN** Akureyri komst í gær í sinn fyrsta úrslitaleik síðan KA og Þór fóru að spila undir sama nafni í handboltanum. Hér sést Andri Snær Stefánsson fara inn úr horninu í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Sigur Hauka aldrei í hættu

Haukar mættu Val í hinum undanúrslitaleiknum fyrr í gær og unnu sannfærandi 29-22. Sigur Hauka var aldrei í hættu en Valsmenn skoruðu aðeins tvö mörk á fyrstu fimmtán mínútum í seinni hálfleik. Haukavörnin og Aron Rafn Eðvarðsson voru líka í miklu stuði á þessum kafla þar sem úrslit leiksins réðust.

„Það vantaði leikmenn í bæði lið en mér fannst mínir menn sína ágætis sigurvilja og baráttuanda,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn. „Menn voru að berjast vel í vörninni, markvarslan var góð og sóknarleikurinn öflugur. Maður getur því ekki annað en verið sáttur. Ég ákvað að gefa eldri leikmönnum frí í þessum leik,“ sagði Aron sem vildi ekki segja til um hvort þeir myndu líka fá frí í úrslitaleiknum.

elvargeir @frettabladid.is

www.ellingsen.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 92331




NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA GÓÐ KAUP!

Við eigum fyrirliggjandi nokkra nýja Lynx-vélsleða árgerðir 2007 og 2008 á frábæru verði.
Komdu og gerðu góð kaup.



RAVE RE 600 HO
Árgerð 2007

RAVE RC 800 POWER TEK
Árgerð 2007

X-TRIM 550
Árgerð 2008

Hægt er að nálgast tækniupplýsingar um sleðana á www.ellingsen.is

Tilboðsverð: 1.490.000 kr.
Tilboðsverð: 1.590.000 kr.
Tilboðsverð: 1.190.000 kr.

Tilboðsverð gildir á meðan birgðir endast

REYKJAVÍK · Fiskislóð 1 · Sími 580 8500

Afgreiðslutími um hátíðarnar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudagur 28. des. | 10–18 | Gamlársdagur 31. des. | 10–12 |
| Þriðjudagur 29. des. | 10–18 | Nýársdagur 1. jan. | lokað |
| Miðvikudagur 30. des. | 10–18 | Laugardagur 2. jan. | lokað |

Ellingsen
– fullt hús ævintýra




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Pierce Brosnan**

„Hafðu trú á sjálfum þér þó svo að aðrir hafi það ekki.

***Brosnan fer með hlutverk James Bond í kvikmyndinni The World Is Not Enough sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld. kl. 20.00***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON KOMST AÐ ÞVÍ AÐ...

# *... Stelpur plata líka*

According to Jim fylgir sömu forskrift og sirka allir bandarískir gamanþættir (nema þessir stórkostlegu, 30 Rock og fleiri). Jim er óalandi mannapi og eiginkonan Cheryl var annaðhvort á sterkum hugbreytandi lyfjum þegar hún féllst á að giftast honum eða með svo mölbrotna sjálfsmynd að hún lætur sig hafa líf með ömurlegum manni í nafni ameríska draumsins, að sjálfsögðu. Þættirnir hefjast yfirleitt á því að Jim klúðrar einhverju og eyðir svo góðum tíma í að hylma yfir klúðrið þangað til í endann þegar hún kemst að öllu. Hann eyðir svo síðustu mínútunum í að segja sorrí og auðvitað fyrirgefur hún honum allt – rétt eins og eiginkonur Rays, Dougs og tjahh, Hómers.

Ég horfi að sjálfsögðu spenntur á þessa þætti þegar ég kemst í þá. Amerísk lágkúra höfðar sérstaklega vel til mín og beygluð sjálfsmynd fær tímabundna innspýtingu þegar maður sér að ömurlegir menn geta nælt sér í fjallmyndalegar ofurskvísur sem kunna að elda og ala upp börn. Eða þú veist.



Þegar Skjár einn opnaðist tímabundið á dögunum sá ég hálfan þátt af According to Jim sem var afar hressandi vegna þess að hlutverkin snerust við. Ég náði ekki byrjuninni, en þegar ég byrjaði að horfa var Cheryl búin að ljúga því að Jim að hún ætti að vera rúmliggjandi næstu daga vegna þess að hún var kasólétt. Undir þeim formerkjum sendi hún þann gamla út í búð að kaupa súkkulaðiís, sem hann gerði. Í búðinni hitti hann lækninn hennar sem furðaði sig á því að Jim væri að gera þetta, þegar hann hafði beinlínis ráðlagt Cheryl að hreyfa sig smá – til dæmis fara út í búð. En þegar Jim vatt sér upp að svikulli eiginkonunni setti hún á svið sýningu, hélt ræðu um breytt fjölskyldumynstur og þóttist loks gráta þar til honum rann reiðin.

Skjár einn lokaði á mig áður en þættinum lauk, en ég býst við að Cheryl hafi fengið makleg málagjöld. Það er nefnilega ljótt að plata, en það er hressandi að vita til þess að stelpur gera það líka í amerískum sjónvarpsþáttum.

## MÁNUDAGUR



▶ **12.35** Tottenham - West Ham, beint STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **17.45** E.R. STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10** Kitchen Nightmares SKJÁREINN



▶ **21.10** So You Think You Can Dance STÖÐ 2



▶ **21.15** Sporlaust SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Pálína** (16:28)

**17.35 Stjarnan hennar Láru** (11:22)

**17.50 Róbert bangsi** (2:26)

**18.00 Hrúturinn Hreinn**

**18.10 Alexander Rybak - Ævintýri í óperunni** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Stórviðburðir í náttúrunni** (5:6) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Í þáttunum er sýnt hvernig náttúruöflin setja af stað keðjuverkanir sem gjörbreyta landslagi og ráða örlögum stórra dýrahjarða, oft í órafjarlægð frá upptökunum.

▶**21.15 Sporlaust** (Without a Trace: Tiltekt) (1:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Trúður** (Klovn VI) (1:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.

**22.50 Á eyðieyju** (Cast Away) Bandarísk bíómynd frá 2000 um mann sem er strandaglópur á eyðieyju eftir flugslys og þarf að læra að lifa af því sem landið og sjórinn gefur. Aðalhlutverk: Tom Hanks. (e)

**01.10 Kastljós** (e)

**01.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.10 The Santa Clause**

**10.00 My Date with Drew**

**12.00 Bowfinger**

**14.00 The Santa Clause**

**16.00 My Date with Drew**

**18.00 Bowfinger**

**20.00 The World Is Not Enough**

**22.05 Touch of Frost - Endangered Species**

**00.05 The Last King of Scotland**

**02.05 The Squid and the Whale**

**04.00 Touch of Frost - Endangered Species**

**06.00 Die Another Day**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli kanína og vinir og Krakkarnir í næsta húsi.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 The Moment of Truth** (16:25)

**11.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (9:9)

**11.45 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hogfather** Fyrri hluti bráðskemmtilegrar ævintýrimyndar í tveimur hlutum eftir breska rithöfundinn Terry Pratchett.

**14.35 Hogfather** Seinni hluti.

**16.10 Barnatími Stöðvar 2** Njósnaskólinn, Áfram Diego, áfram! og Ruff's Patch.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (21:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.21 Veður**

**19.30 The Simpsons** (9:22) Marge býður atvinnulausum manni að eyða jólunum með fjölskyldunni en hann dvelur lengur en fjölskyldan bjóst við.

**19.55 Two and a Half Men** (18:24) Charlie Sheen og John Cryer leika Harper-bræðurna gerólíku, Charlie og Alan.

**20.25 Glee** (9:22) Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla.

▶**21.10 So You Think You Can Dance** (20:25) Sjötta þáttaröðin þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.

**22.35 So You Think You Can Dance**

**23.25 K-Ville** (5:11) Hörkuspennandi sakamálaþættir um félagana Marlin og Trevor. Þeir eru afar ólíkir en vinna mjög vel saman sem verðir laganna og beita ósjaldan ansi óhefðbundnum aðferðum til að framfylgja réttvísinni.

**00.10 Little Miss Sunshine**

**01.50 Rescue Me** (13:13)

**02.35 Hogfather**

**04.10 Hogfather**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.45 Players Championship** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**18.40 Skills Challenge**

**20.10 NBA-körfuboltinn. LA Lakers - Cleveland** Útsending frá leik LA Lakers og Cleveland í NBA-körfuboltanum.

**22.00 Bestu leikirnir: Fylkir - ÍBV 16.07.00** Fylkir barðist við Íslandsmeistara KR um Íslandsmeistaratitilinn þetta árið en þeir tóku á móti ÍBV í 10. umferð.

**22.30 Atvinnumennirnir okkar: Hermann Hreiðarsson** Hermann sýnir á sér nýja hlið og leiðir Auðunn Blöndal áhorfendur í gegnum allan sannleikann um atvinnumanninn Hermann Hreiðarsson.

**23.05 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Hull - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvarlsdeildinni.

▶**12.35 Tottenham - West Ham** Bein útsending frá leik í ensku úrvarlsdeildinni.

**14.50 Chelsea - Fulham** Bein útsending frá leik í ensku úrvarlsdeildinni.

**16.55 Everton - Burnley** Bein útsending frá leik í ensku úrvarlsdeildinni.

**18.35 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**19.30 PL Classic Matches** Man. City - Man. United, 1993.

**19.35 Wolves - Man. City** Bein útsending frá leik í ensku úrvarlsdeildinni.

**21.40 Mörk dagsins** Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

**22.20 Stoke - Birmingham** Bein útsending frá leik í ensku úrvarlsdeildinni.

**00.00 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Survivor** (8:16) (e)

**17.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.

**18.30 Still Standing** (1:20) (e)

**19.00 America's Funniest Home Videos** (47:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 King of Queens** (1:25) Bandarískir gamanþættir. (e)

▶**20.10 Kitchen Nightmares** (9:13) Gordon heldur til Stamford í Connecticut og hittir kokhraustan kokk og stjórnlausan eiganda sem eru að eyðileggja ágætan veitingastað. Kokkurinn heldur að maturinn hans sé æðislegur og sættir sig ekki við athugasemdir frá Gordon.

**21.00 The Truth About Beauty** (3:3) Í þriðja og síðasta þættinum fær sjónvarps- og söngkonan Coleen Nolan að kynnast af eigin raun hvað margar konur eru tilbúnar til að gera til að viðhalda unglegu útliti.

**21.50 CSI: New York** (16:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.

**22.40 The Jay Leno Show**

**23.25 Nurse Jackie** (10:12) (e)

**23.55 United States of Tara** (10:12) (e)

**00.25 King of Queens** (1:25) (e)

**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Ertu í mat?** Þriðji þátturinn þar sem skyggst er bakvið tjöldin hjá íslenska kokkalandsliðinu.

**20.30 Anna og útlítið** Anna Gunnarsdóttir og félagar taka venjulega Íslendinga og flikka uppá útlitið.

**21.00 Léttari leiðir Gaua litla** Þáttur um heilsufar og mataræði

**21.30 Í nærveru sálar** Unglingsárin.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Fullt Fiskborð af glænýjum og sprikklandi fiski

ATH. Ostrur koma þann 30.des. Takmarkað magn í boði. Munið að panta tímanlega.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Glæný Línuýsa
úr Jökuldýpi, það gerist ekki betra.

Nýsteiktar Fiskibollur
að hætti Fiskikóngsins

Glæný Laxaflök
Beinhreinsuð og Flott

Nýlagaður Plokkfiskur
Hrikalega góður, vel pipraður, fullt af lauk og kartöflum

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25

### Gleee



Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður. Þetta eru drepfyndnir þættir þar sem steríótýpur menntaskólalífsins fá rækilega á baukinn og allir bresta í söng.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Trúður

### Sjónvarpið kl. 22.25

Í kvöld byrjar Sjónvarpið að sýna sjöttu þáttaröðina um þá Frank og Casper. Fjármálakreppan er nú farin að plaga þá félaga og meðal þess sem von er á eru brennd hús, innlögn Caspers á geðdeild og dauðahald Franks og Miu í ástina.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**2.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Vonir
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngvar blárrar jólasveiflu
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.20** Pílagrímsferðir
**23.05** Óttalegir jólasveinar
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

▶**17.45 E.R.** (22:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**18.30 Seinfeld** (8:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 E.R.** (22:22)

**20.30 Seinfeld** (8:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**22.10 The Mentalist** (5:22) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

**22.55 Garðar Thór Cortes og gestir** Einstakir hátíðartónleikar Garðars Thórs Cortes sem haldnir voru í Háskólabíói í desemberbyrjun 2007. Á tónleikunum naut Garðar Thór stuðnings stórsveitar hljóðfæraleikara undir stjórn Garðars Cortes eldri og Óperukórsins í Reykjavík ásamt vel völdum einsöngvurum.

**23.50 Fréttir Stöðvar 2**

**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.25** My Family **10.55** My Hero **11.25** My Hero **12.00** The Inspector Lynley Mysteries **12.45** The Inspector Lynley Mysteries **13.30** Dalziel and Pascoe **14.20** Dalziel and Pascoe **15.10** EastEnders **15.40** The Weakest Link **16.25** The Weakest Link **17.10** Hotel Babylon **18.10** Hustle **19.00** Hustle **19.50** Judge John Deed **20.40** Waking the Dead **21.30** Waking the Dead **22.20** My Family **22.50** My Hero **23.20** My Hero **23.50** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**12.05** Columbo **13.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **14.15** Adam Sandlers Otte vilde nætter **15.30** Pagten **15.55** Den lyserode Panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Mille **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Vores jul **18.30** Pagten **19.00** Supersværme **20.00** TV Avisen 20.25 SportNyt **20.30** Julevejret **20.40** Julehjerter og bryllupsklokker **22.05** Blekingegade **23.45** Seinfeld

## NRK 1

**12.45** 20 sekunder lykke **13.45** Vestindia - vårt tapte paradis **14.00** NRK nyheter **14.10** Ut i nærturen **14.25** Dynastiet **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.25** Oisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** To og en ipod **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Livet i Fagervik **21.15** Livet i Fagervik **22.15** Kveldsnytt **22.30** Derrick **23.30** God natt, elskede

## SVT 1

**10.00** Mitt nya liv i Skottland **11.00** Rapport **11.05** Sportspegeln **11.35** Stjärnorna på slottet **12.35** Barnmorskorna - Norge **13.30** Landstormens lilla Lotta **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Bara blåbär **16.25** Solens mat **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **18.20** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Året med kungafamiljen **20.00** Collision **20.50** Radiohjälpen **21.00** I emirens tjänst **22.00** Den engelske patienten



## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Það kom mér svolítið á óvart hvað hún var áhugasöm. Þegar hún var fimm ára fór hún að smella saman melódíum og töktum eins og fullorðin kona og finnst þetta rosalega skemmtilegt. Svo er hún mjög tæknivædd og kann betur á vídeótæki en ég. Hún er það áhugasöm að ég býst við að hún eigi eftir að leggja tónlistina fyrir sig, en það er númer eitt, tvö og þrjú að hafa gaman af þessu.“*

Tanya Pollock, móðir Isis Helgu Pollock sex ára, en Isis semur raftónlist undir nafninu The Form og heldur úti eigin MySpace-síðu.

# Bragi Baggalútur á bak við froskinn

Essasú-froskur Vodafone hefur aldeilis slegið í gegn upp á síðkastið. Einn af hugmyndasmiðum hans er Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútur, sem vinnur hjá auglýsingastofunni Fíton. „Froskurinn var „instant“ skyndilausn sem átti að redda Vodafone fyrir horn í þrjá daga, en óx öllum svona líka upp fyrir haus,“ segir Bragi.

„Alltaf þegar við höldum að hann sé búinn stekkur hann upp á næsta plan. Hann er kominn í bullandi útrás núna. Fólk er farið að hrella einhverja malasíska táningsstúlku með honum og það hafa birst fréttir af því í Daily Telegraph.“

Bragi ítrekar að margir komi að sköpun frosksins. „Mennirnir hjá Miðstræti sem eru að teikna hann eiga auðvitað mikið í honum. Það eru miklir snillingar og sjá um að hreyfa kvikindið. Pétur Jóhann talar svo það sem við skrifum fyrir froskinn. Við förum náttúrlega ekki að láta stjörnuna skrifa sjálfa. Þetta essasú-dæmi er komið frá okkur en í einhverri útfærslunni var hundurinn hans Péturs kominn í spilið. Við skulum láta það liggja á milli hluta. Það talar náttúrlega enginn barnamál eins og Pétur, það verður ekki tekið af honum.“

Risastór froskur hefur farið á milli barnaspítala og fólk keppist við að mynda sig með honum í Smáralind. Sigurganga frosksins er hugsanlega bara rétt að byrja. „Við höfum skapað skrímsli. Mér sýnist á öllu að hann sé að öðlast sjálfstætt líf og ætli við förum ekki bara að sleppa honum lausum,“ segir Bragi og bætir við, meira í gríni en alvöru: „Er ekki bara stefnan að Vodafone-myndin sprengi öll kvikmyndahús næsta sumar? Auglýsing í fullri lengd!“ - drg





**FROSKURINN Í BÍÓ NÆSTA SUMAR?** Essasú-froskur Vodafone hefur öðlast sjálfstætt líf. Bragi Baggalútur hjá auglýsingastofunni Fíton bjó hann til ásamt öðrum.



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** fíngerð líkamshár, **8.** kk gælunafn, **9.** heyskaparamboð, **11.** sjúkdómur, **12.** skopleikrit, **14.** starfsaðferð, **16.** grískur bókstafur, **17.** skurðbrún, **18.** tunna, **20.** gangþófi, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skref, **3.** líka, **4.** nagdýr, **5.** ögn, **7.** eilífð, **10.** útsæði, **13.** atvikast, **15.** blóðsuga, **16.** krass, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** ló, **8.** gæi, **9.** orf, **11.** ms, **12.** farsi, **14.** tækni, **16.** pí, **17.** egg, **18.** áma, **20.** íl, **21.** rifa.

**LÓÐRÉTT: 1.** klof, **3.** og, **4.** læmingi, **5.** fis, **7.** óratími, **10.** fræ, **13.** ske, **15.** igla, **16.** pár, **19.** af.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Mið-Ísland.
2. Geir Jón Þórisson.
3. Winnipeg í Kanada.

VILHJÁLMUR ÁRNI SVEINSSON: BÚINN AÐ LÁTA LÖGFRÆÐING Í MÁLIÐ

# VILLI WRX FÉKK GAT Á HAUSINN Í RÆKTINNI

„Ég fékk gat á hausinn og læknirinn vildi meina að ég væri höfuðkúpubrotinn,“ segir einkaþjálfarinn Vilhjálmur Árni Sveinsson, einnig þekktur sem Villi WRX.

Villi slasaðist í lok nóvember þegar járnstykki losnaði af tæki sem hann var að nota í World Class Laugum. „…Svo endaði stykkið á viðbeininu og beinhimnan lyftist upp þannig að það blæddi undir hana – læknirinn sagði að það tæki sex mánuði að jafna sig á því,“ segir Villi.

Margir muna eftir Villa WRX úr sjónvarpsþáttunum Kallarnir, sem sýndir voru á Sirkus árið 2006. Egill Gillz Einarsson hjálpaði Villa að komast í form og í dag starfa þeir báðir sem einkaþjálfarar. Villi hefur falið lögfræðingi að kanna réttarstöðu sína gegn World Class, en hann segir viðmót starfsmanna stöðvarinnar ekki hafa verið gott þegar hann fór fram á bætur eftir slysið. „Ég fór með þetta beint í lögfræðing vegna þess að þeir voru með stæla við mig þegar ég reyndi að fá eitthvað út úr þeim,“ segir hann. „Hann er að renna í gegnum málið til að sjá hvort ég geti fengið einhverjar bætur frá World Class – eða hvort tryggingarnar sjái um þetta.“

Villi segir að viðhald tækjanna í Laugum gæti verið betra og bætir við að tæki stöðvarinnar séu betri í Hafnarfirði og Kópavogi. Hann sér þó fram á að æfa annars staðar í framtíðinni. „Þetta var tæki sem var búið að vera bilað í hálft ár. Ég var að pressa niður einhverjum þyngdum og það brotnaði einhver festing, sem var búin að vera biluð,“ segir Villi spurður nánar út í slysið. „Það var alltaf eitthvað vesen á þessum pinna. Svo þurfti ég að vera heppinn og fá draslið í hausinn.“

Villi hefur starfað sem einkaþjálfari frá árinu 2007, aðeins ári eftir að hann fór í líkamsræktarátakið. „Það hefur gengið rosalega vel,“ segir hann. Spurður hvort hann sé kominn í harða samkeppni við Egil Gillz, félaga sinn, segir hann svo ekki vera. „Hann er mikið með þessa fjarþjálfun, ég er meira að þjálfa fólk augliti til auglitis, en það má segja að fyrsti alvörukúnni Egils hafi fetað í fótspor hans.“

Ekki náðist í stöðvarstjóra World Class í Laugum við vinnslu fréttarinnar. atlifannar@frettabladid.is



**FÉKK GAT Á HAUSINN** Villi slasaðist þegar járnstykki losnaði af tæki í ræktinni og hafnaði í höfðinu á honum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Frammistaða **Jóhönnu Guðrúnar** í síðustu Eurovision-keppni var kosin sú besta af notendum vefsíðunnar ESC Today á dögunum. Jóhanna fékk rúman þriðjung atkvæða, en í öðru sæti var hin franska Patricia Kass og í þriðja sæti hafnaði Jade Ewan frá Bretlandi. Jóhanna á greinilega upp á pallborðið hjá aðdáendum keppninnar þar sem hún komst á blað í annarri kosningu; var í öðru sæti yfir bestu söngkonur keppninnar þar sem sú franska náði fyrsta sætinu…



ESC Today er stærsta og vinsælasta Eurovision-vefsíða heims. Kosningin stóð yfir í þrjár og hálfa viku og þúsundir greiddu atkvæði. Íslenski hópurinn stóð sig gríðarlega vel í keppninni og notendur vefsíðunnar kunna að meta það. Bakraddirnar, með **Friðrik Ómar**, fremstan í flokki voru kosnar besti bakraddahópurinn með hátt í 40 prósent atkvæða, en norski hópurinn var í öðru sæti og sá sænski í því þriðja.



Jólamót Tennissambands Íslands stendur yfir þessa dagana og í gær var keppt í nokkrum flokkum. Uppstandarinn og ljóðskáldið **Bergur Ebbi Benediktsson** kom, sá og sigraði, í einum leik, en tapaði í öðrum. Þótti hann sýna fína takta á köflum þrátt fyrir að búa yfir lítilli reynslu af íþróttum. - afb



Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# 60 lítrar af sýslumannsblóði

„Já, ég er örugglega búinn að gefa 60 lítra,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi og formaður Blóðgjafafélags Íslands.

Ólafur Helgi gaf blóð í 133. skiptið í síðustu viku. Hann gaf fyrst blóð 10. mars árið 1972 og gefur að jafnaði fjórum sinnum á ári.

Og er nóg eftir, er framleiðslan svona gríðarleg?

„Já já, það er talið að séu milli fimm og sjö lítrar að meðaltali í hverjum manni. Ef við gerum ráð fyrir að ég sé í meðaltalinu og að sex lítrar renni í gegnum mig á hverjum degi þá er þetta tífalt blóðmagnið í líkamanum. Svona, svo að það sé einhver skemmtileg tala líka þá er ég búinn að gefa sjálfan mig tíu sinnum. Geri aðrir betur,“ segir Ólafur í léttum dúr.

Spurður hvað það var sem rak hann út í að gefa blóð segir hann að það hafi meðal annars forvitni. „Og líka vegna þess að pabbi gaf blóð, ég vissi það,“ segir hann. „Ég hef alltaf sagt það þannig að það sem hafi rekið mig aðallega hafi verið að geta náð fríi í tveimur kennslustundum í MR – með því að vera alveg á milli þeirra. Það var auglýst eftir blóðgjöfum í skólanum. Við fórum, ég og félagi minn, og gáfum blóð. Og nýttum tímann til hins ýtrasta. Svo má ekki gleyma því að besta kaffistofan í bænum er í Blóðbankanum.“ - afb



**NÓG AF BLÓÐI** Ólafur Helgi er búinn að gefa blóð 133 sinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



ÚTSALAN ER HAFIN!

20-50 PRÓSENT AFSLÁTTUR

OPIÐ 10-18:30

TEKK COMPANY

Tekk Company – Holtagörðum – Sími 564 4400 – www.tekk.is

Útsalan er hafin!

10-50% afsláttur

Opið 10-18:30

habitat

Holtagörðum - 566 7070 – www.habitat.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Jogastudio.org
JÓGA Stúdíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Endurnærðar löggur

Lögreglublaðið kom út á dögunum, sneisafullt af efni eins og venjulega. Á baksíðu blaðsins er auglýst krem sem þykir sérstaklega endurnærandi og er því lofað að það losi við þreytulegt útlit. Þykir auglýsingin við hæfi enda niðurskurður fram undan hjá lögreglunni eins og annars staðar, en ýmsir hafa stigið fram og lýst yfir áhyggjum af mönnum **Stefáns Eiríkssonar**. Kremið leysir væntanlega ekki vandamál kreppunnar, en endurnærðir og frískir lögreglumenn verða vonandi áberandi á næstunni.



### Fréttastofa ríkissjóðs

**Kristófer Svavarssyni** varð á í messunni á dögunum þegar hann las fréttir Ríkisútvarpsins. Í upphafi fréttatímans kynnti hann sjálfan sig og sagði fréttirnar vera frá fréttastofu ríkissjóðs. Þrátt fyrir að treysta á fjárveitingar frá sjóðnum þá skulum við vona að fréttastofan ætli ekki að taka skrefið til fulls á næstunni með nafnbreytingu ...

### Jarðarför aldarinnar

Uppistandarinn **Ari Eldjárn** hefur vakið talsverða athygli með uppistandshópnum Mið-Ísland. Hann gaf á dögunum út plötuna Grín Skrín sem er ávöxtur vinnu sem fór að mestu leyti fram á dimmum kvöldum að hefðbundnum vinnudegi loknum. Á Youtube má finna grínið Jarðarför aldarinnar af plötunni, en það fer nú eins og eldur í sinu milli fólks á samskiptasíðum. - afb



### Mest lesið VISIR.IS

1. Skemmdarverk unnin á bíl og húsi Íslendings í Bretlandi
2. Björgunarafrek Guðmundar: „Þessi saga kom mér ekki á …"
3. Femínistar fagna dræmri sölu á Barbie-dúkkum
4. Ný stjórn skipuð í Íslandsbanka
5. Stálu bíl af einstæðri móður yfir jólin


GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453

